



FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

3. mars 2006 – 61. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## Stendur fyrir þjóðlegri sagnahefð

Leikarinn Benedikt Erlingsson frum-sýnir einleikinn Mr. Skallagrímsson í Borgarnesi í maí.



FÓLK 54

## Umburðarlyndi og samþykki

„Prátt fyrir margar sannar sögur af óumburðarlyndi kristinna manna fyrr á öldum verður að minna á, að í kristni er fallinn skýr greinarmunur á andlegu og veraldlegu valdi,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 26

## Sveitarstjóri í húsasmiði

Jóhann Guðni Reynisson, sveitarstjóri í Þingeyjarsveit, lætur af störfum í vor. Hann hyggst fara í nám í húsamíði í Verkmenntaskólanum á Akureyri.



TILVERAN 16


## Alfred nýr landsliðsþjálfari?

Alfred Gíslason kemur til Íslands í dag og mun að öllum líkindum skrifa undir samning við HSI seinni partinn um þjálfun handboltalandsliðsins. Hann er laus allra mála hjá Magdeburg.



ÍPRÓTTIR 46

## VEÐRIÐ Í DAG



**BJART SYÐRA** Í dag verður yfirleitt hæg norðlæg átt. Bjartviðri syðra en skýjað og stöku él á landinu norðanverðu. Frost 0-10 stig, kaldast til landsins.

VEÐUR 4

Íslendingar 18-49 ára

Lestur föstudaga

67%

49%



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í janúar 2006.



**SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN AFHENT FORSVARSMÖNNUM FORMA** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhendir Eddu Ýr Einarsdóttur milljón króna ávísun í verðlaun en við hlið hennar stendur Alma Geirdal með verðlaunagripinn.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins veitt við hátíðlega athöfn:

## Löngu tímabær verðlaun

**SAMFÉLAGSMÁL** Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru veitt í fyrsta sinn í Sunnusál Hótel Sögu í gær. Veitt voru verðlaun í sex flokkum en þar af voru sjálf Samfélagsverðlaunin veglegust en þau hlutu Forma sem eru samtök átröskunarsjúklinga á Íslandi.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, veitti verðlaunin en þau voru milljón króna ávísun.

„Það eru mörg verðlaun veitt í okkar landi og þau eru flest tengd íþróttum eða menningu,“ sagði hann í ræðu sinni. „En þessi verðlaun sem veitt eru í fyrsta sinn eru annars eðlis og það var sannarlega tími til kominn að þau væru sett á laggirnar. Og kannski þurfti fjölmiðil eins og Fréttablaðið sem starfar í kviku hversdagsins og lýsir upp samfélagið á hverjum degi fyrir okkur

hin til þess að skynja þörfina á þessum verðlaunum.“

„Þetta er ekki bara viðurkenning fyrir samtökin heldur er mál-efnið nú orðið viðurkennt,“ sagði Alma Geirdal annar forsvarsmanna Forma. Edda Ýr Einarsdóttir, hinn forsvarsaður samtakanna, sagði að peningarnir kæmu sér vel til að efla forvarnarstarfíð og til að halda rekstrinum gangandi.

- jse / sjá bls. 18

## Mosfellsbær vill ekki Bauhaus í Úlfarsfell

Bæjarstjóri Mosfellsbæjar segir ekki staðið við sameiginlegar byggingaráætlanir. Formaður skipulagsráðs borgarinnar segir það gert og brýnt að Bauhaus fái lóð.

**SKIPULAG** Mosfellingar mótmæla harðlega áætlun Reykjavíkurborgarar að úthluta byggingavörufyrirtækinu Bauhaus lóð undir hlíðum Úlfarsfells.

„Við teljum að sú ákvörðun að heimila allt í einu þessa stórverslun austan megin við Vesturlandsveginn í andstöðu við samþykktu þróunaráætlun um uppbyggingu bæjarkjarna á mörku Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Við teljum þetta líka í andstöðu við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins,“ segir Ragnheiður Ríkharósdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar. Hún sendi borgarráði og

svæðisskipulagsráðinu andmæla-bréf vegna áformanna 28. febrúar.

Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs borgarinnar, segir bréf Ragnheiðar hafa komið á óvart þar sem hún hafi fundað með borgarstjóra um lóðaúthlutunina, sem borgin telji skýrt að sé í samræmi við þróunaráætlunina. „Gefin voru fyrirheit um að setja á fót stýrihóp sem tæki á álitamálum sem vörðugu áætlunina svo að við þyrftum ekki að skilmast um hlutina í fjölmiðlum,“ segir Dagur. Brýnt sé fyrir byggingarmarkaðinn að Bauhaus fái lóð.

Ragnheiður segir borgina nú í annað sinn brjóta samkomulagið. „Hitt skiptið var þegar unnið var við gerð þróunaráætlunnar. Þórólfr Árnason, þáverandi borgarstjóri, kom þá fram í fjölmiðlum og tilkynnti að búið væri að gefa Byko, Mata og Rúmfatalagernum vilýrði fyrir tíu hektara lóð á svæði sem hafði verið ætlað fyrir golfvöll og kirkjugarð.“ Engu hefði munað að samvinnan færi í loft upp og í framhaldinu var njörvað niður hvernig skipulagningin á þessu svæði ætti að vera. Lóð fyrir Bauhaus hefði ekki verið þar á meðal.

- gag

## Árasmenn á Akureyri: Dæmdir fyrir stórfellda árás

**DÓMSMÁL** Fjórir karlmenn voru í gær dæmdir í fangelsi í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir stórfellda líkamsárás á sautján ára gamlan pilt.

Sá sem hafði sig mest í frammi í líkamsárásinni, Gunnar Freyr Þormóðsson, var dæmdur í átján mánaða fangelsi en hinir sem tóku þátt í árásinni fengu tveggja til sex mánaða fangelsi. Tveir yngstu árásmennirnir fengu skilorðsbundna dóma.

Í mars á síðasta ári réðust piltarnir fjórir á drenginn og börðu hann, eftir að hafa ekið með hann í farangursgeymslu bifreiðar í um klukkustund. Þeir drógu hann síðan inn í húsasund þar sem drengurinn var rifinn úr buxunum og hann skilinn eftir í kulda, nokkuð slasaður.

- mh



**GEORGE W. BUSH** Bandaríkjaforseti vissi af hættunni sem stafaði af fellibylnum Katrínu.

Fellibylurinn Katrín:

## Bush vissi af hættunni

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseta var kunnugt um hættuna sem fylgdi fellibylnum Katrínu degi áður en hann reið yfir suðurhluta Bandaríkjanna í sumar, og að veðurofsinn kynni að brjóta flóðvarnir New Orleans niður.

Eftir að neyðaraðstoð brást, kom forsetinn hins vegar opinberlega fram og sagði að afleiðingarnar hefðu verið ófyrirsjáanlegar.

Fréttamenn AP-fréttastofunnar komust yfir myndbandsupptöku frá 28. ágúst þar sem Bush sést hlusta á viðvaranir um að New Orleans kunni að fara á kaf. Á myndbandinu svarar Bush því að stjórnvöld séu við öllu búin.

- smk

Mögnuð tilboð á nýjum vörum frá fimmtudegi til mánudags



2.-8. mars **Kauphlaup** (Smáralind)





## SPURNING DAGSINS?

Reinhard, eru álög á ykkur?

Nei, engin álög á okkur en við erum í mörgum lögum.

Bandaríski álisinn Alcoa vill skoða nánar hugmyndir um uppsetningu álvers við Bakka á Húsavík. Reinhard Reynisson er bæjarstjóri Húsavíkur.

Dómsmáli Hannesar Hólmsteins og Jóns Ólafssonar var í gær frestað til 21. apríl:

# Efnislegri meðferð frestað

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að máli Jóns Ólafssonar gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarssyni skuli frestað til 21. apríl.

Lögmaður Hannesar Hólmsteins, Heimir Örn Herbertsson, gerir ráð fyrir því að málið verði endurupptekið í Englandi á næstu dögum.

Hannes Hólmsteinn var fyrir enskum dómstóli dæmdur til þess að greiða Jóni Ólafssyni tólf milljónir króna vegna meiðandi ummæla sem hann lét falla um Jón á heimasíðu sinni.

Heimir Örn vonast til þess að

málið verði tekið upp að nýju í Englandi.

„Málinu hefur nú verið frestað til 21. apríl og í millitíðinni heldur það ferli áfram sem nú er hafið í Englandi, en það er að fá úrskurð þarrendra dómstóla til þess að fá málið endurupptekið í Englandi.“

Sigríður Rut Júlíusdóttir, lögmaður Jóns, sagði það hafa komið sér á óvart þegar héraðsdómur ákvað að fresta málinu en segir þó þessa staðfestingu Hæstaréttar ekki breyta neinu um efnisleg atriði málsins. „Nú bíður málið til 21. apríl og þá mun efnisleg meðferð um málið halda áfram.“

- mh



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON** Freistar þess að fá dómsmál endurupptekið í Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eiturlyfjasmyglari:

## Hæstiréttur mildar dóm

**DÓMSMÁL** Árni Geir Norðdahl Eyþórsson var í gær dæmdur til tveggja og hálfis árs fangelsis af Hæstarétti vegna kaupa og innflutnings á hassi og kókaíni árið 2000

Hæstiréttur mildaði þriggja ára fangelsisdóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá síðasta ári þar sem umrætt magn kókaíns var í veikara lagi. Þá var og fallist á upptöku tæpra 200 þúsund króna sem Árni Geir hafði greitt sendanda kókaínsins sama dag og hann var handtekinn. Náði lögregla að stöðva sendinguna áður en mótakandi vitjaði hennar.

- aðe

Ítölsk rannsókn á páfatilræði:

## Sovétmenn á bak við tilræði

**ITALÍA, AP** Í niðurstöðu rannsóknar sem gerð var á vegum ítalska þingsins á morðtilræðinu við Jóhannes Pál II páfa árið 1981 segir að það sé „hafið yfir allan skynsamlegan vafa“ að Sovétstjórnin í Moskvu hafi staðið á bak við tilræðið.

Í drögum að skýrslu rannsóknarnefndarinnar sem AP-fréttastofan fékk í hendur í gær segir að Sovétstjórnin hafi álitnið páfa á þessum tíma mikla ógn við Austurblokkina vegna stuðnings hans við pólsku verkalyðshreyfinguna Samstöðu og fleiri andófsshreyfingar. Í réttarhaldinu yfir tilræðismanninum, Tyrkjanum Mehmet Ali Agca, náðist engin niðurstaða í það hvað hefði rekið hann til að skjóta páfa.

- aa



**VIÐ LYNGHÁLS** Allt tiltækt lið slökkviliðsins var kallað út. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARD

Eldsvoði á Lynghálsl:

## Útvarpsstöðvar dattu út

**ELDSVOÐI** Greiðlega gekk að slökkva eld sem kviknaði í húsnæði Stöðvar 2 á Lynghálsl seinnipartinn í gær og engin slys urðu á fólki.

Tilkynning um mikinn reykbarslökkvilið laust fyrir klukkan fjögur. Virtist sem eldur hefði kviknað í mótuneyti hússins en skammtan tíma tók að slökkva hann eftir að slökkvilið kom á vettvang. Eldsupptök eru ókunn en allar útvarpsstöðvar 365 fjölmiðla sem eru til húsa að Lynghálsl dattu tímabundið út vegna eldsins. - aðe



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Forsætisráðherra telur að fram til ársins 2015 sé rúm fyrir tvö álver en virðist ekki gera ráð fyrir álveri í Helgúvík í því sambandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARD

# Selja álrisum sjálf-dæmi um stór mál

Vinstri grænir á Alþingi gagnrýna stjórnvöld og telja að þau hafi selt erlendum álfyrirtækjum sjálf-dæmi um mál sem snerti íslenska náttúru og þjóðarhag. Forsætisráðherra segir fátt nýtt hafa gerst og rúm sé fyrir tvö álver til ársins 2015.

**STÓRIÐJA** Ögmundur Jónasson, þingmaður vinstri grænna, gagnrýndi harðlega þátt stjórnvalda í staðarvali fyrir álver á Norðurlandi í utandagskrárumræðum á Alþingi í gær. „Að erlendum fyrirtækjum skuli selt algert sjálf-dæmi um stór og afdrifarík mál af þessu tagi sem hafa gríðarleg áhrif, ekki bara á viðkomandi svæði heldur á náttúru og efnahag landsins alls, er örugglega séríslenskt fyrirbæri bundið við ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins.“

Ögmundur beindi máli sínu til forsætisráðherra og sagði nokkra samráðherra hans hafa sett fram fyrirvara um frekari uppbyggingu stóriðju.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði að nú þegar hefði Orkuveita Reykjavíkur gefið vilryði fyrir fjórutíu af hundraði orkunnar sem þarf til stækkunar



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

álversins í Straumsvík. „Ég veit ekki betur en að í stjórn Orkuveitunnar sitji meðal annars fulltrúi frá flokki fyrirspyrjanda.“

Halldór rakti síðan að Straumsvíkurframkvæmdirnar kynnu að verða mestar fram til ársins 2010, en þungi framkvæmda á Norðurlandi síðar. „Ef þetta gengur upp hefur hvorki Landsvirkjun né Orkuveita Reykjavíkur frekari orku til að selja á þessu tímabili sem framundan er.“ Halldór sagði að áður greind álver kynnu að skapa allt að 2.500 störf. Hagvöxtur yrði 5 til 6 prósentum meiri en annars yrði og tekjur ríkissjóðs allt að 15 milljörðum meiri ár hvert. Í heiminum

væri verið að reisa álver með 1.100 þúsund tonna framleiðslugetu sem fengju raforku frá jarðgufu- og vatnsaflsvirkjunum. Ef ekki væru nýttir slíkir orkugjafar yrði einfaldlega framleitt meira af áli með rafmagni frá kolaorkuverum með margfalt meira útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði það mat Samfylkingarinnar að ekki væri rúm fyrir meira en 250 þúsund tonna aukningu álframleiðslunnar á næstu tíu árum. Því bæri að fresta hluta af áliðjuáformunum enda lægi ekkert á. Forsætisráðherra hefði enda tekið undir slíkt þegar mat Fitch um lánsþæfi íslenska ríkisins var lagt fram á dögum. Ingibjörg taldi enn fremur að tímabært væri að athuga hvort orkufyrirtækin í landinu ættu ekki að greiða fyrir aðganginn að orkulindunum.

johannh@frettabladid.is

Prófmál í Hæstarétti:

## Fallist á kröfu ríkisins

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur féllst á kröfu ríkisins að námur og námu-réttindi á jörðinni Skipalóni í Hörgárbyggð væru eign ríkisins en ekki landeigenda en þeir höfðu málið vegna hagnýtingar á sandi, mól og grjóti á landareigninni. Um prófmál var að ræða.

Kröfu sína byggði ríkið á ákvæði í afsali þar sem réttindi til námuvinnslu voru undanskilin sölu jarðarinnar árið 1959 en dómurinn taldi að hugtakið ætti við um hagnýtingu þeirra jarðefna sem þar fundust og féllst því á kröfu ríkisins.

- aðe



**DUGGUVOGUR 10** Fulltrúar byggingafulltrúa embættisins komu að læstum dyrum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árangurslaus ferð lögreglu:

## Vilja stöðva framkvæmdir

**VINNUMARKAÐUR** Lögregla fór að Dugguvogi 10 síðdegis í gær vegna tilkynningar um að útlandingar væru þar við framkvæmdir án atvinnuleysis í fyrirtæki á annarri hæð hússins. Lögregla verður kölluð þangað aftur í dag.

Magnús Sædal byggingafulltrúi, hefur staðfest að ekki hefur verið veitt leyfi fyrir þessum framkvæmdum. Hann hefur óskað eftir að þær verði stöðvaðar. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins var búið að læsa dyrum staðarins í gær þannig að fulltrúar byggingafulltrúaembættisins komust ekki inn til að stöðva framkvæmdir. - ghs

Bæjarstjóri Reykjanessbæjar gagnrýnir forgangsröðun iðnaðarráðherra í stóriðju:

## Sitjum ekki við sama borð

**STÓRIÐJA** „Við óskum Húsvíkum til hamingju með áfangann og áhuga Alcoa á að kanna álframleiðslu þar. Það er tilfinning sem við þekkjum,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanessbæ, en hann gagnrýnir þátt stjórnvalda í staðarvalinu og forgangsröðun stjórnvalda.

Suðurnesjamenn hafa átt í viðræðum við forsvarsmenn Norðurláns um álver í Helgúvík sem hugsanlega yrði reist þar í tveimur til þremur áföngum. Árna þykir sem Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra mismuni bæjarfélögum við forgangsröðun verkefna. „Það er umhugsunarfni hvernig stjórnvöld velja úr atvinnusvæði og atvinnufyrirtæki. Iðnaðarráðherra hefur ekki farið fyrir okkur til útlanda til að undirrita viljayfirlýsingu við stóran álframleiðanda, sem er þó



**ÁRNI SIGFÚSSON OG VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Bæjarstjórnin í Reykjanessbæ segir iðnaðarráðherra ekki hafa farið til útlanda fyrir Reykjanessbæ til að undirrita viljayfirlýsingu við stóran álframleiðanda. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

aðeins einn af mörgum sem sýnt hafa áhuga.“

Árni segir að haldið verði áfram viðræðum við forsvarsmenn Norðurláns. Mat verði lagt á umhverfisáhrif og kostir við orkuöflun kannáðir. „Ég er hlynntur minni

framleiðslueiningum vegna þess að álver ætti ekki að vera afgerandi eða einu stöð atvinnulífisins,“ segir Árni Sigfússon.

EKKI náðist samband við Valgerði Sverrisdóttur í gær, en hún er stödd í Bandaríkjunum. - jh

Sjálfskipt og allt allt öðruvísi



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.




1.750.000,-

Sjálfskipt, 1.8 l. vél og hlaðin aukabúnaði

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 ih.is





„hann er með BMX“

„þú meinar ABS“

WVTA 10089 / SA - 2014

Svo er hann líka með ASR spólvörn, sóllúgu, 16" álfelgur, armpúða milli framsæta, samlit á listum og hurðum, leðurstýri, 6 öryggispúða, ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla, rafrænt hraðatengt aflstýri, Volkswagen hljómtæki og geislaspilara, 8 hátalara, fjarstýrðar samlæsingar, rafdrifna og hitaða útispegla, vindskeið að aftan, þokuljós í framstuðara og rafdrifnar rúður.

**Golf Idol 1.950.000 kr.**



Aus Liebe zum Automobil



## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 2.3.2006

## KAUP SALA

Bandaríkjadalur	65,48	65,8
Sterlingspund	114,42	114,98
Evra	78,1	78,54
Dönsk króna	10,467	10,529
Norsk króna	9,746	9,804
Sænsk króna	8,249	8,297
Japanskt jen	0,5631	0,5663
<b>SDR</b>		
	94,26	94,82

Gengisvísitala krónunnar  
109,8133

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Burðardýr fíkniefna:

## Læknarnir nái samáliti

**HEILBRIGÐISMÁL** Formaður Læknafélags Íslands, Sigurbjörn Sveinsson, leggur áherslu á að vandi sem uppi er meðal lækna vegna þagnarskyldu annars vegar og aðstoðar við burðardýr fíkniefna hins vegar, verði leystur á grundvelli síðareglna lækna og í samræmi við vilja löggjafans.



SIGURBJÖRN SVEINSSON Vandinn verði leystur á grundvelli síðareglna lækna.

Staðgengill yfirlæknis á bráðamóttöku Landspítalans, Elísabet Benedíks, sagði í Fréttablaðinu í gær að nauðsynlegt væri að setja skýrar leiðbeiningar um málið. Hún sagði lækna vilja uppfylla þagnarskylduna, en þeir vilji ekki brjóta lög.

„Þessi sjónarmið eru í meginatriðum meðal þeirra sjónarmiða sem ég haf haldið fram,“ segir Sigurbjörn. „Mjög eðlilegt er að læknar reyni að ná samáliti um viðbrögð sín á slysa- og bráðamóttöku. Ef það þarf einhvern utanaðkomandi til þess, þá er allt í góðu lagi með það.“

## DÓMSMÁL

**Gleymdi að kaupa** Kaupás hf. var sýknað fyrir Hæstarétti af kröfum fyrrum starfsmannastjóra vegna kaupréttar á hlutafé í fyrirtækinu. Fór hann fram á skaðabætur þar sem engin urðu kaupin en rétturinn taldi að manningu ætti að hafa verið ljóst hvenær hann hefði getað nýtt sér umræddan kauprétt og sýknaði fyrirtækið.

## LEIÐRÉTTING

Nafn Erlendar Ó. Ólafssonar glermeistarar misritaðist á síðu 4 í sérblaði um heimili sem fylgdi Fréttablaðinu í gær. Hann heitir Erlendur en ekki Erlingur og gleríðjan hans er á Laugarnesvegi 52 í Reykjavík. Hann og aðrir lesendur eru beðnir velvirðingar á mistökunum.

Torvelt er að setja lög um notkun tálbeittna segir dómismálaráðherra á þingi:

## Barnaníðingar tálbeittir

**OFBELDI** Nefnd sem endurskoðar lög um meðferð opinberra mála hugar jafnframt að sérstökum rannsóknaraðferðum lögreglunnar, þar á meðal um notkun tálbeittu við að upplýsa afbrot.

Þetta kom fram í máli Björns Bjarnasonar dómismálaráðherra á Alþingi í gær. Hann sagði að engin lög væru um slíkar aðferðir og styðjast yrði við almennar réttaröryggisreglur.

Björgvin G. Sigurðsson, Samfylkingunni, tók málið upp og vísaði til umfjöllunar Kompáss í sjónvarpi NFS. Þar hefðu 83 karlar svarað auglýsingu frá 13 ára gamalli stúlku sem notuð var sem tál-

beita. Taldi Björgvin að umfjöllunin hefði sýnt vel eftirspurn fullorönnu karla eftir kynferðissambandi við börn. Hann spurði dómismálaráðherra hvort til greina kæmi að veita lögreglunni heimild til að ná til barnaníðinga með tálbeittum.

Dómismálaráðherra svaraði að lögreglan hefði í raun heimild til þess að nota tálbeitu. „Verður lögregla að fara með ýtrustu gát noti hún virka tálbeitu til að upplýsa mál.“ Taldi ráðherrann að torvelt yrði að setja reglur um notkun tálbeittu og hentugra gæti reynst að fá ríkissaksóknara til að móta þær.



KYNLÍFSÞJÓNUSTA AUGLÝST Á NETINU Björgvin G. Sigurðsson þingmaður telur að tilraun NFS með tálbeitu sýni vel eftirspurn karla eftir kynferðissambandi við börn.

Ítalskir saksóknarar:

## Vilja CIA-njósnara framselda

**ÍTALÍA, AP** Dómismálaráðherra Ítalíu kvartaði undan því í gær að saksóknarar í Mílanó beittu sig nú þrýstingi um að fara fram á að Bandaríkin framseldu menn sem grunaðir eru um að vera njósnarar bandarísku leyniþjónustunnar, CIA.

Saksóknararnir hafa sakað 22 Bandaríkjamenn um að hafa rænt egyptskum klerki á götu í Mílanó árið 2003, flutt hann til Þýskalands og síðan til Egyptalands, þar sem hann hafi verið pyntaður. Aðalsaksóknari Mílanó segir að beiðni þeirra til ráðherrans sé samkvæmt ítölskum lögum og að hún hafi verið send fyrir fjórum mánuðum.

## Gerðu tímamótasamning um kjarnorkusamvinnu

Í heimsókn sinni til Indlands gerði Bandaríkjaforseti tímamótasamning um samvinnu á sviði kjarnorkumála. Gagnrýnendur segja samninginn grafa undan alþjóðasamningi gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna.

**INDLAND, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti landaði tímamótasamningi um kjarnorkumál í Indlandsheimsókn sinni í gær. Bush og indverski forsætisráðherrann Manmohan Singh kynntu samninginn á blaðamannafundi, en samkvæmt honum er opnað fyrir alþjóðlegt eftirlit með flestum kjarnorkuverum Indverja. Jafnframt tryggir samningurinn Indverjum aðgang að bandarískri kjarnorkutækni og -eldsneyti.

Samningurinn var líka pólitískur sigur fyrir Singh, sem sparaði heldur ekki stóru orðin. „Þetta er sögulegur áfangi,“ lýsti Singh yfir, standandi við hlið Bush í sólbökudum garði embættisbústaðar síns í Nýju-Delhí.

Samningurinn felur í sér mikla stefnubreytingu af hálfu Bandaríkjaforseta, sem ákvað að beita Indverja viðskiptaþvingunum árið 1998, eftir að þeir framkvæmdu

kjarnorkuvopnatilraunir upp á sitt eindæmi.

Gagnrýnendur sammingsins segja að með honum sé Bandaríkjaforseti að nota Indland sem mótvægi við vaxandi pólitískan og efnahagslegan mátt Kína. Og þeir benda á að samningurinn sendi röng skilaboð til ráðamanna í Norður-Kóreu og Íran, en þeir hafa lengi þverskallast við að heimila alþjóðlegt eftirlit með kjarnorkuáætlunum sínum.

Bush gaf lítið fyrir slíka gagnrýni. „Það sem þessi samningur segir er að hlutirnir breytast, tímarinnir breytast – að forysta getur skipt sköpum,“ sagði hann. „Ég er að reyna að hugsa öðruvísi, og vera ekki fastur í fortíðinni.“

Samningurinn mun þurfa að hljóta samþykki beggja þjóðþinga til að öðlast gildi. Bush viðurkenndi strax að hann ætti þar erfíðan slag fyrir höndum. Hann sagðist myndu segja þingmönnum á Bandaríkjaþingi að samskipti Bandaríkjanna og Indlands væru að breytast til hins betra og að það væri Bandaríkjunum í hag að eiga samvinnu við Indverja um kjarnorkumál. Enn fremur sagði hann samninginn munu nýtast bandarískum neytendum. Indverjar þyrftu á mikilli orku að halda í efnahagsuppbyggingu sinni og með því að auðvelda þeim að nýta kjarnorku drægi úr eftirspurn þeirra eftir jarðefnaeldsneyti. Þannig yrði bensínið ódýrara fyrir bandaríska neytendur en það ella yrði.

Leiðtogarnir undirrituðu enn fremur samninga um margvíslegt annað samstarf og viðskipti ríkja.



FORSETAR HEILSAST A.P.J. Abdul Kalam, forseti Indlands, tekur á móti bandarísku forsetahjónunum í forsetahöllinni í Nýju-Delhí í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eftir heimsóknina til Indlands heldur Bush til Pakistans. „Hryðjuverkamenn og morðingjar munu ekki aftra mér frá því að fara til Pakistans,“ sagði Bush eftir að fréttir bárust af sjálfsmorðs-

sprengjutræði við ræðisskrifstofu Bandaríkjanna í pakistönsku borginni Karachi í gær, sem varð fjórum manns að bana, þar á meðal bandarískum sendierndreka.

audunn@frettabladid.is

**Dælulykill**  
Ekkert PIN • Meiri hraði  
www.atlantsolia.is  
591 3100

Lægra verð

AO  
ATLANTSOLÍA

**VEÐURSPÁ**  
um hádegi »

HLYNAR EFTIR HELGINA  
Fram að helgi verða norðlægjar áttir ríkjandi með nokkrum kulda og fremur björtu veðri syðra en eljagangi fyrir norðan og austan. Á mánudaginn fer hann svo hlynandi með slyddu og síðar rigningu sunnan og vestan til. Á þriðjudag er svo útlit fyrir fremur stífa suðaustanátt og rigningu með hita á bilinu 3-7 stig.

HÖFUDBORGIN Í DAG  
Hæg norðlæg átt. Yfirleitt bjartviðri. Hiti við eða rétt undir frostmarki að deginum en nokkurt næturfröst.

Kaupmannahöfn	0°C alskýjað	Paris	5°C hálfskýjað	Alicante	17°C heiðskirt
Oslo	-4°C alskýjað	Berlín	3°C heiðskirt	Milano	7°C heiðskirt
Stokkhólmur	-6°C alskýjað	Frankfurt	0°C léttskýjað	New York	1°C léttskýjað
Helsinki	-10°C alskýjað	Madrid	11°C heiðskirt	San Francisco	13°C þrumur
London	6°C hálfskýjað	Barcelona	14°C heiðskirt	Orlando/Florida	27°C léttskýjað

\* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# Danskir dagar



## Jensen's vörur í úrvali

- frábær matur sem þarf aðeins að hita
- kaldar sósur frábærar með öllum mat



**899** kr/kg

Verð áður 1.398,-

**899** kr/kg

Verð áður 1.498,-

**Svínakjöt að hætti Dana í úrvali**  
á dönskum dögum

## Ný sending



**De Danske Vægtkonsulenter - Ný sending**  
- fullt af nýjum vörum!



### Pastella pasta

- ferskt pasta beint frá Danmörku



### Tulip álegg og kæfur

- í úrvali á dönskum dögum



### Graasten brauðsalöt

- margar tegundir



### Dönsk ostaveisla

- yfir 30 tegundir af dönskum ostum



### Danskar kökur

- frábærir bitar með kaffinu



### Danevang rúllutertur

- 2 tegundir



### Rynkeby ávaxtasafi

- margar tegundir



### Matilde dönsk kókómjólk

- frábær á bragðið, tilvalin í nestið

**59** kr/stk

Gildir til 8. mars eða á meðan birgðir endast.

Landsins mesta úrval matvöru

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





## KJÖRKASSINN

Er þörf fyrir íslenskt sendiráð á Indlandi?

Já	23%
Nei	77%

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Ertu fylgjandi byggingu álvers við Húsavík?

Segðu þína skoðun á visir.is



Kjaradeila ljósmæðra og Tryggingastofnunar í hnút:

# Mæður verða lengur á spítala

**KJARAMÁL** „Þetta er mitt fyrsta barn og sú hjálp og aðstoð sem ég hef fengið er ómetanleg fyrir utan það öryggi sem það veitir að vita af henni,“ segir Dána Guðjónsdóttir, sem eignaðist stúlku-barn þann 27. febrúar síðastliðinn.

Hún var komin til síns heima rúmum sólarhring eftir fæðinguna undir umsjón ljósmóður en það stendur nýbökudum mæðrum ekki lengur til boða vegna kjaradeilu ljósmæðra og Tryggingastofnunar.

Ber mikið í milli og varð enginn árangur af fundi aðila á milli í gær þó kröfur ljósmæðranna séu



ÓMETANLEG HIÁLÐ Kristín Nielsen ljósmóðir heldur á nýfæddri dóttur Djönu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

aðeins fimmtán milljónum króna frá hæsta tilboði á ársgrundvelli.

Meðan ekki semst verða afleiðingarnar þær að mæður verða að

dvelja lengur á sjúkrahöfnun eftir fæðingu og búa læknar á barnadeild sig undir örtröð vegna þessa samkvæmt heimildum blaðsins enda kys meirihluti mæðra að fara sem fyrst heim að fæðingu lokinni og stærð vöku-deilda spítalanna tekur mið af því.

Að sögn Unnar Friðriksdóttur, varaformanns Ljósmæðrafélags Íslands, hafa þær lengi setið eftir í kjörum og segir kröfur félagsmanna eðlilegar. „Við erum ekki að fara fram á neitt yfiringilegt heldur aðeins að halda í við aðra hóp á þjóðfélaginu en það þykir of mikið.“

- aðe

Ósáttir við forsætisráðherra:

## Grundfos íhugar að flytja sig

**DANMÖRK** Grundfos, eitt stærsta fyrirtæki Danmerkur, útilokar ekki að flytja starfsemi sína frá landinu. Ástæðan er meðal annars ummæli Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra um að sum dönsk fyrirtæki hafi tekið fjárhagslega hagsmuni fram yfir málfræsið í kjölfar mótmælanna í Miðausturlöndum.

Þetta kom fram í viðtali við stjórnanformann fyrirtækisins í Berlinske tidende í gær. En hann hefur áður sagst vera mótfallinn birtingu teikninganna. Í dag starfa um fimm þúsund manns hjá Grundfos í Danmörku.

- ks

Ríkið dæmt skaðabótaskyld:

## Fær rúmlega milljón í bætur

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið skal greiða manni er varð fyrir vinnuslysi við störf sín fyrir varnarliðið á Keflavíkurlugvelli rúmar 1,4 milljónir í bætur samkvæmt dómi Hæstaréttar í gær.

Slysið varð með þeim hætti að vinnufélagi mannsins ók lyftara á hann og vinnufélaginn sýndi þannig af sér gáleysi sem vinnuveitandinn beri ábyrgð á. Fellur kostnaður á íslenska ríkið samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna þó mennirnir hafi verið við störf fyrir varnarliðið.

- aðe

## LÖGREGLUFRETTIR

**Ekið á ljósastaur** Fólksbífreið var ekið á ljósastaur á Fitjum á Suðurnesjum. Hlaut ökumaðurinn minni háttar meiddi en bíllinn er mikið skemmdur.

**Stuldur á bíl** Bífreið af gerðinni Toyota Hilux var stolið í Grindavík. Lýsir lögreglan í Keflavík eftir vitnum eða öðrum sem upplýsingar hafa.

## VESTURBAKKINN

**Skandinávar heim** Sameinuðu þjóðirnar hafa beðið alla starfsmenn sína af skandinávskum uppruna um að yfirgefa Vesturbakkann vegna hótana sem borist hafa um líf og heilsu skandinavískra erindreka. Danskir fjölmiðlar telja að hótanirnar séu til komnar vegna skopteikninganna af Múhamed spámanni sem birtust í Jótlandspóstinum.

# Fjárskortur stendur skólanum fyrir þrifum

Markmið Háskóla Íslands að komast í fremstu röð er ekki einungis lofsvert heldur beinlínis nauðsynlegt að mati deildarforseta við skólann.

**MENNTAMÁL** „Að komast í hóp bestu háskóla tel ég raunhæft markmið og í rauninni nauðsynlegt til að viðhalda þeim uppgangi sem hér ríkir í þjóðfélaginu,“ segir Þorsteinn Loftsson, prófessor og deildarforseti Lyfjafraeðideildar Háskóla Íslands.

Um það er hann sammála Einarri Sigurbjörnssyni, deildarforseta Guðfræðideildar, að markmið það sem Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskólans, hefur sett skólanum næstu árin sé raunhæft; að komast í hóp hundrað bestu háskóla í heiminum.

Þorsteinn segir fjármagn standa þessu markmiði fyrir þrifum. „Launagreiðslur eru 90 prósent kostnaðar í deildunum og framlög hafa ekki fylgt launaþróun og svigrúmið er ekkert. Það er tillit tekið til margra hluta þegar háskólar eru metnir og Háskóli Íslands er þar ekki mikill eftirbátur á mörgum sviðum. Þessu markmiði er hægt að ná með því að búa til sérstaka hernaðaráætlun þar sem þetta er markmiðið og kvika ekki af þeirri braut. Fáist stjórnvöld til að aðstoða okkur er allt hægt í þessum málum.“



HÁSKÓLI ÍSLANDS Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, vill að skólinn komist í hóp hundrað bestu háskóla í heiminum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Kollegi Þorsteins, Einar Sigurbjörnsson, deildarforseti Guðfræðideildar, tekur undir orð Þorsteins. „Þetta er ekki jafn fjarlæg og margur mætti ætla. Deildir innan Háskóla Íslands eru mjög framarlega og hróður þeirra borist víða. Samfélagið gerir kröfu um að Háskólinn sé framarlega í sínum flokki og með auknu fjármagni og stuðningi liggur leiðin aðeins upp á við frá því sem nú er.“

Hvorugir telja að upptaka skólagjalda sé endilega svarið við fjárhagsvanda skólans og gengur

Þorsteinn svo langt að segja að umræða um þau sé hrein leikarskapur. „Stjórnmalamenirnir vísa þessu til Háskólans. Að við eigum að taka ákvörðunina um upptöku skólagjalda eður ei og þetta gera þeir með því að svelta okkur fjárhagslega. Erlendis eru framlög til ríkisskóla hærri en framlög til einkaskóla þar sem einkaskólarnir geta leyft sér að taka skólagjöld að auki en hér er þetta öfugt. Ég tel einsýnt að ákvörðunin um upptöku skólagjalda verður að vera á Alþingi ef af verður.“

albert@frettabladid.is



**ÞORSTEINN LOFTSSON** Ekki sé verið að byggja loftkastala með skýrri stefnu um að komast í hóp bestu háskóla heimsins.



**EINAR SIGURBJÖRNSSON** Formlegar umræður um skólagjöld hafa ekki farið fram innan guðfræðideildar enn sem komið er.

SKJÁREINN

HIMNESK HOLLUSTA

Allar vörur í Heil og Sæl færðu hjá okkur



heilsuhúsið

Íranar funda með tengslahópi Evrópusambandsins í dag:

## Kjarnorkumál undir smásjá

**KJARNORKA, AP** Fulltrúar stærstu ríkja Evrópusambandsins; Bretlands, Frakklands og Þýskalands, munu funda með Írönum í Vín í dag varðandi kjarnorkuáætlun þeirra. Viðræðum Írana og Rússa um sameiginlega auðgun úrans í Rússlandi lauk á miðvikudag án þess að dagsetning væri sett fyrir áframhaldandi fundi. Rússar hafa farið fram á að Íranar hætti allri auðgun úrans á heimavelli, en Íranar hafa ekki orðið við þeirri beiðni. ESB-tengslahópurinn mun væntanlega fara fram á hið sama í dag.

Íranar óskuðu eftir fundinum með ESB-tengslahópnum, en á mánudag mun Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA, funda um

kjarnorkuáætlun Írans. Íranar halda því fram að öll kjarnorkuvinnsla þeirra sé eingöngu í friðsamlegum tilgangi, en stjórn IAEA leggur ekki fullan trúnað á það. Í janúar samþykkti hún að vísa málum Írans til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, en gaf þeim þó frest fram á mánudag til að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Forsætisráðherra Kína, Wen Jiabao, sagði í gær að enn væri tími til að ná samkomulagi innan IAEA um kjarnorkuáætlun Írana. Þessu samkomulagi væri best náð með samningaviðræðum.

- smk

KJARNORKA Bushehr-kjarnorkustöðin í Írak.  
FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FRANSKIR SVANIR Frönsk yfirvöld fylgjast nú grannt með fuglum þar í landi.

Fuglaflensan:

## Finnst á ný í Frakklandi

**PARÍS, AP** Frönsk yfirvöld tilkynntu í gær að ellefu ný tilfelli af H5N1 fuglaflensunni hefðu fundist þar í landi. Um var að ræða hegra, önd og ný svani.

Landbúnaðarráðherra Serbíu tilkynnti einnig að bráðabirgðarannsóknir sýndu að dauðir svanir í norðvesturhluta landsins hefðu drepist úr H5 veirunni. Jafnframt fundust tveir tugir fugla til viðbótar í Svíþjóð, sem talið er að hafi drepist úr fuglaflensu.

Enn sem komið er virðist fólk þurfa að handleika sýkta fugla til að smitast af veirunni, en síðan árið 2003 hafa rúmlega 90 manns látist úr henni í Asíu og Tyrklandi.

- smk

Auðkýfingur ákærður:

## Rússar krefjast framsals

**MOSKVA, AP** Aðalsaksóknari Rússlands tilkynnti í gær að hann hefði farið fram á að Bretar framseldu auðkýfinginn Boris Berezovsky sem ákærður hefur verið fyrir tilraun til valdaráns.

Berezovsky hefur verið í sjálfskipaðri útlegð í Bretlandi síðan árið 2003, en hann var mikill stuðningsmaður Borisar Jeltsín. Í viðtali við rússneska útvarpsstöð, sem útvarpað var í janúar, sagðist Berezovsky vera að vinna að því að steypa rússnesku ríkisstjórninni af stóli með valdi. Verði hann fundinn sekur, getur hann átt von á allt að 20 ára fangelsi.

- smk





Virk  
Sam-  
keppni

# KRONAN

VIRK SAMKEPPNI

299

kr./kg.

Kjúklinga-  
bítar  
blandaðir

40%  
afsláttur

BAUTBÚRIÐ

GRÍSAKÓTILETTUR  
GRÍASNITSEL  
GRÍSAGÚLLAS

Doritos

Doritos  
Nacho cheese

149

kr./pk.

30%  
Afsláttur

Bautabúrs  
rauðvísl. grísahnakki  
1.077 kr./kg.

LP franskar  
kartöflur 4 teg.

149

kr./pk.

99

kr./stk.

Myllu fjölkorna  
samlokubraud

20%  
afsláttur

Gouda ostasneiðar  
11%, 17% og 26%

699

kr./pk.

Coke light 4 x 2 L

64

kr./stk.

Verð frá:

ABT mjólk  
6 teg.

Ef þú kaupir Nivea  
brúkuspray  
færðu Nivea  
brúnkukrem  
í kaupbæti

1.098

kr./ks.

Ariel þvottaefni 3,3 kg

FRÍTT MEÐ  
ARIEL!  
Fairy 500 ml  
uppbvottalögur

Meira  
úrval

ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ





## VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað heitir fyrirtækið sem hefur hug á að reisa álver við Húsavík?
- 2 Hver er formaður Neytendasamtakanna?
- 3 Hver er höfuðborg Írans?

SVÖR Á BLS. 54

Niðurstaða rannsóknar Evrópuráðsins á meintu fangaflugi CIA:

# Eftirliti er víða ábótavant

**STRASSBORG, AP** Evrópuríki þurfa strangari reglur um eftirlit með leyniþjónustum sínum og betra eftirlit með erlendum útsendum sem starfa innan landamæra þeirra. Þetta sagði Terry Davis, forseti Evrópuráðsins, þegar hann kynnti skýrslu ráðsins um fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar CIA í Strassborg á miðvikudag.

Rannsóknin leiddi ekki í ljós neinar óbyggjandi sannanir fyrir því að bandaríska leyniþjónustan CIA hefði starfrækt leynileg fangelsi í Evrópu fyrir meinta fylgismenn al-Kaída. Hún leiddi hins vegar í ljós að víða væri pottur brotinn.



**TERRY DAVIS** Forseti Evrópuráðsins kynnr skýrsluna í Strassborg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Davis sagði ljóst að löggjöf um leyniþjónustur væri víða ófullnægjandi. Ætti það hvorttveggja við um leyniþjónustur viðkomandi landa og eftirlit með erlendum erindrekum. Hann sagði jafn-

framt að nær ómögulegt væri fyrir stjórnvöld í aðildarríkjunum að vita hvort Mannréttindasáttmáli Evrópu væri brotinn með flugi um lofthelgi þeirra.

Evrópuráðið krafði ríkisstjórnir allra aðildarríkja sinna um svör við spurningum um löggjöf þeirra og vitneskju um fangaflug CIA. Íslensk stjórnvöld svara því til að engin sértæk löggjöf sé um eftirlit með erlendum útsendum. Þá segjast þau enga vitneskju hafa um að nokkur opinber starfsmaður eða embættismaður hafi hjálpað til við fangaflug. Þess vegna hafi ekki þótt ástæða til að hefja opinbera rannsókn. ■

## VÍSINDAFRÉTTIR

**Stofnfrumur ekki til gagns** Stofnfrumumeðferð gerir ekkert gagn fyrir þá sem eru á batavegi eftir hjartaáfall samkvæmt nýrri könnun. Eldri kannanir bentu til að stofnfrumur hjálpuðu við endurnýjun hjartans og blóðstreymis um það.

**Ný tegund farsíma** Motorola hefur tryggt sér einkarétt á farsíma með innbyggðum gítar. Verður hann eins og gítar í laginu og hægt að plokka lykklaborðið eins og strengi á raunverulegum gítar.

## NEPAL

**Lík finnast** Öryggissveitir fundu lík 29 hermanna og grunaðra uppreisnarmanna í Nepal á miðvikudag, eftir að til skotbardaga kom þeirra í millum daginn áður. Ofbeldisalda hefur gengið yfir Nepal síðan vopnahléi lauk þar í landi fyrir í vetur.

Framsóknarflokkurinn:

## Prófkjör á Austurlandi

**SVEITARSTJÓRNARSKOSNINGAR** Prófkjör framsóknarfélaganna í Mjóafjarðarhreppi, Fjarðabyggð og á Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði verður haldið 4. mars næstkomandi. Prófkjörið er bindandi fyrir fjögur efstu sætin.

Guðmundur Þorgrímsson, Sigrún Júlía Geirsdóttir og Þorbergur Hauksson bjóða sig fram í fyrsta sæti listans. Eišur Ragnarsson býður sig fram í fyrsta til annað sæti og Líneyk Anna Sævarsdóttir í annað til þriðja sæti. Jóhanna Guðný Halldórsdóttir býður sig fram í fjórða sæti. Telling fer fram á Hótel Reyðarfirði að kvöldi kjördags. -shá

## VINNUMARKAÐUR

**Lögreglan skoðar málið** Grunur verkalýðshreyfingarinnar um að Litháum við störf við Dugguvog 10 í Reykjavík sé ekki borgað samkvæmt kjarasamningum er til rannsóknar hjá rannsóknarlögreglunni.

## KÍNA

**Heimilisofbeldi algengt** Heimilisofbeldi er vandi í Kína sem annars staðar. Ný könnun bendir til að slíkt ofbeldi tíðkast á minnst 30 prósentum heimila í landinu og að gerræðismennirnir séu í 90 prósentum tilfella karlmenn.

## Innflutningur margfaldast

Kínversk stjórnvöld gera ráð fyrir að innflutningur til landsins muni tvöfalda á næstu fimm árum. Meirihlutinn mun koma frá nágrannalöndum í Asíu.

# Þrjátíu hafa misst vinnuna á Hvammstanga frá áramótum

Sveitarstjórinn á Hvammstanga hefur áhyggjur af atvinnumálum í bænum. Síðan um áramót hafa um þrjátíu manns misst vinnuna. Vonast er til að starfsemi Fæðingarorlofsjós verði flutt á Hvammstanga.

**ATVINNUMÁL** Um þrjátíu manns hefur verið sagt upp störfum á Hvammstanga það sem af er þessu ári. Í síðustu viku sagði rækjuverksmiðjan Meleyri upp öllum starfsmönnum sínum, en þar voru tuttugu stöðugildi.

Kaupfélag Vestur-Húsvetninga sagði upp fimm starfsmönnum um síðustu mánaðamót vegna breytinga í rekstri. Svo hafa stjórnendur Freyjuþróunar ákveðið að leggja niður saumastofuna og því hefur fimm starfsmönnum verið sagt

upp þar. Freyjuþróun rekur áfram þrjátíu manns og þar starfa sjö.

Að sögn Arnar Gíslasonar, vinnslustjóra á Meleyri, höfðu sex starfsmenn þegar sagt upp áður en til hópuppsagnarinnar kom. Þar af voru þrjú Pólverjar sem hyggjast snúa til síns heima en alls störfuðu fimm Pólverjar í verksmiðjunni.

„Það má eiginlega segja að það hafi orðið hamskipti hjá Kaupfélaginu,“ segir Valgerður Kristjánsdóttir kaupfélagsstjóri. „Við seldum vöruflytningadeildina fyrir skemmstu, lögðum niður innlánsdeildina sem var orðin barn síns tíma og svo höfum selt helmingshlut okkar í sláturhúsinu og allt kallar þetta á breytingar á rekstrinum,“ bætir hún við.

Að sögn Stefáns Eiríkssonar framkvæmdastjóra flytur Freyjuþróun aðallega út voðir til Rússlands en þarlendir taka þátt í rekstri fyrirtækisins.

„Við höfum vissulega nokkrar áhyggjur af atvinnumálanum en hins vegar eru einnig tækifæri í sjónmáli sem við bindum talsverðar vonir við,“ segir Skúli Þórðar-



**VALGERÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR** Kaupfélagsstjórinn segir að fimm starfsmönnum hafi verið sagt upp vegna breytinga.



**FRÁ HVAMMSTANGA** Íbúar á Hvammstanga hafa þurft að þola þungar raunir á þessu ári en eitt fyrirtæki hættir senn rekstri og tvö önnur hafa fækkað starfsfólki. Uppsagnirnar eru því orðnar um þrjátíu á þessu ári.

son sveitarstjóri. „Þar vil ég nefna flutning Fæðingarorlofsjós hingað í Húnavatnssýslu sem félagsmálaráðgjafi hefur ráðgert í lok þessa árs. Síðan hefur verið mikil uppbygging í ferðaþjónustunni í dreifbýlinu hér í kring og við vonumst til að sem flest atvinnutækifæri skapist þar. Svo

eru tvö stór ferðaþjónustuverkefni í gangi sem við bindum miklar vonir við en það er Selasetrið og svokallað Grettistak sem er mikið verkefni sem verið er að vinna að.“

Einnig er fyrirhugað að hefja átöppun og útflutning á vatni frá Hvammstanga. jse@frettabladid.is



## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

# Ársfundur 2006

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn mánudaginn 3. apríl 2006 kl. 17 í Hvammi á Grand Hótel.

### Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Önnur mál.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum.

Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík 3. mars 2006

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Sími: 580 4000 • Myndsendir: 580 4099 • Netfang: skrifstofa@live.is



**BILSPRENGJA** Palestínskur lögreglumaður reynir að slökkva eld í bíl sem sprakk og varð einum manni að bana í Gaza-borg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Foringi herskárrar hreyfingar drepinn á Gaza:

## Ísraelsher segist ekki ábyrgur

**GAZA-BORG, AP** Einn helsti forspraki herskáu hreyfingarinnar Heilagt stríð íslams fórst þegar bíll hans sprakk í Gaza-borg á miðvikudag.

Hreyfingin kenndi Ísraelsher um og hótaði hefndum, en talsmenn Ísraelshers sögðu herinn ekki hafa komið nálægt tilræðinu. Talsmenn Ísraelshers hafa hingað til verið fljótir að taka ábyrgð á því þegar þeir drepa forsprakka herskára hreyfinga Palestínarmanna. Maðurinn sem fórst, Khalid Dahdouh, er sagður hafa lifað nú tilræði Ísraelshers af og hafa stjórnad daglegum eldflaugaárás-

um hreyfingarinnar á Ísrael. Hreyfingin Heilagt stríð íslams hefur ekki haldið vopnahléið sem ríkt hefur síðastliðið ár, og sem Hamas-hreyfingin, sem nú stendur í stjórnarmyndun í Palestínu, hefur virt.

Jafnframt lét einn ísraelskur landtökumaður lífið og tveir særðust í tveimur skotárásum í gær. Árásirnar eru raktar til herskás arms Fatah-hreyfingarinnar sem palestínski forsetinn Mahmoud Abbas tilheyrir.

Ísraelsher og landtökumenn yfirgáfu Gaza-svæðið síðastliðið sumar, eftir 38 ára hersetu. -smk



# CLINIQUE

## BONUS TIME



# Kaupaukinn þinn frá Clinique er í Debenhams

Ef þú kaupir 2 hluti eða fleiri frá Clinique er þessi gjöf til þín:\*

- Dramatically different moisturizing lotion 30 ml
- Repairwear krem 15 ml
- Repairwear concentrate 7 ml
- Moisture glove handáburður 30 ml
- Impossibly glossy varagloss 7 ml
- Blushing blush kinnalitur Iced Lotus
- Kinnalitabursti

\*Meðan birgðir endast



Opið til 21. alla fimmtudaga

# DEBENHAMS

SMÁRALIND



# Soðin lifrarpýlsa



## Bókaðu bílinn heima - og fáðu 500 Vildarpunkta



### Tilboð

Bókaðu fyrir  
1. apríl  
og fáðu

# 1.000

Vildarpunkta  
fyrir leigu hvar  
sem er í heiminum

Ef þú bókar bílaleigubílinn heima á Íslandi bíður hann þín á áfangastað. Hver leiga færir þér 500 Vildarpunkta að auki. Bókaðu bílinn núna í 50 50 600 og tryggðu þér meira öryggi og betri þjónustu á ferðum þínum erlendis hvert sem leið þín liggur.



# Hertz

50 50 600 • www.hertz.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

Unnið að landfyllingu í Grundarfirði:

## Land numið úr sjó

**FRAMKVÆMDIR** Unnið er að því hörðum höndum að stækka landsvæðið við Grundarfjarðarhöfn um 7.500 fermetra.

Það er sanddæluskipið Perla sem vinnur að landfyllingunni en fyrirhugað er að henni ljúki í lok maí og hægt verði að byggja þar síða sumars. Að sögn Bjargar Ágústsdóttur bæjarstjóra verður fyrirtækjum sem þjónusta skip og fyrirtæki við hafnarvæðið boðið að byggja á landfyllingunni.

Meðal þeirra fyrirtækja sem falast hafa eftir svæði á landfyllingunni eru stjórnendur Snæfrosts en þeir hafa hug á að reisa þar frystihótel.

-jse



**UNNIÐ AÐ LANDFYLLINGU** Dæluskipið Perla að störfum í Grundarfirði með Kirkjufellið í baksýn. Hafnarvæðið við Grundarfjarðarhöfn verður stækkað um 7.500 fermetra.



**JÓN H. B. SNORRASON OG RAGNAR HALL** Ragnar Hall, lögmaður Sveins Eyjólfssonar, einn þeirra sem deildu kröftuglega á Jón H. B. Snorrason, yfirmann efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, í ræðu sinni í gær en munnlegum málf lutningi lögmannna sakborninga verður áframhaldið í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Ónákvæmni við rannsókn

Halldór Jónsson, lögmaður Eyjólf Sveinssonar, var hardorður í garð ríkislögreglustjóra í héraðsdómi í gær. Halldór sagði það með ólíkindum hversu ónákvæm og ómarkviss rannsókn málsins væri.

**DÓMSMÁL** Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, lagði áherslu á hversu þungum sökum Eyjólfur Sveinsson, Sveinn Eyjólfsson og Marteinn Jónasson eru bornir í máli sínu í héraðsdómi í gær.

Munnlegur málf lutningur í máli ríkislögreglustjóra gegn tíu einstaklingum sem komu að stjórnun fyrirtækja tengdum Frjálsri fjölmiðlum á árum 2000 til 2002, hófst í gær.

Eyjólfur, Sveinn og Marteinn eru sakaðir um brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt, og er Eyjólfur Sveinsson ákærður fyrir afskipti sín af sex fyrirtækjum sem ekki stóðu í skilum við hið opinbera. Hann er að auki ákærður fyrir umboðssvik vegna ólöglegar millifærslu á peningum.

Samtals eru kröfurnar á Eyjólf rúmlega 61 milljón króna en kröfurnar á Martein Jónasson, sem ákærður er fyrir fyrir störf sín í þágu Markhúss-markaðsstofu ehf., Nota bene hf. og Info Skiltagerðar, nema samtals um 63 milljónum króna.

Halldór Jónsson, lögmaður Eyjólf Sveinssonar, fór hörðum orðum um verklag efnahagsbrotadeildar við rannsókn málsins í ræðu sinni og sagði það með ólíkindum að ekkert væri lagt upp úr því að upplýsa nákvæmlega hvernig stjórn fyrirtækjanna, sem voru til rannsóknar, hafi verið háttað.

Halldór nefndi einnig að greinilegt væri að mikið kapp hefði verið lagt á það að „órða Eyjólf við sem flest ákæruatriði,“ því

hefðbundin meðstjórnendastörf, eins og Eyjólfur er meðal annars ákærður fyrir, væru ekki brotleg þar sem dagleg stjórnun og rekstur væri ekki í höndum stjórnarmanna. Halldór sagði það stjórnast af geðþóttaákvörðunum ríkislögreglustjóra hvaða einstaklinga skyldi ákæra, en í nokkrum málanna eru útvaldir stjórnarmenn ákærðir en öðrum sleppt.

Jón sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að ekki hefði verið talin þörf á því að ákæra alla stjórnarmenn í nokkrum ákæru-liðum, þar sem aðeins þeir sem teldust til „virkra stjórnarmanna“ væru ákærðir.

Halldóri var tíðrætt um þátt Eyjólf í máli fyrirtækisins Nota bene hf. en þar er hann ákærður sem einn af stjórnarmönnum og þótti Halldóri það einkennilegt að ekki væri lögð á það áhersla á upplýsa aðkomu allra stjórnarmanna að Nota bene hf.

Karl Þór Sigurðsson er í sama máli ákærður sem meðstjórnandi en auk þeirra er framkvæmdastjóri fyrirtækisins á þeim tíma, Marteinn Jónasson, ákærður. Aðrir stjórnarmenn fyrirtækisins á þeim tíma sem rannsókn málsins náði til eru ekki ákærðir.

Jón H. B. Snorrason lagði á það mikla áherslu í umfjöllun um alla ákæru-liði málsins að stjórnendur fyrirtækja, hvort sem þeir væru stjórnarformenn, fulltrúar í stjórn eða stjórnendur ákveðinna sviða, gætu aldrei vikið sér undan þeirri ábyrgð sem störfum þeirra fylgdi.

magnush@frettabladid.is



# VAXTALAUST

## 0% VEXTIR - 100% LÁN

### ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD

VAXTALAUSIR DAGAR frá 3. - 5. mars  
hjá BÍLALANDI B&L, Grjóthálsi 1.  
Þú gerir ekki betri kaup á notuðum bíl!

Dæmi um bíla á vaxtalausum kjörum:

**Kr. 11.600** 0%  
í 48 mánuði



MT-475

Kr. 560 þús.

**Kr. 26.700** 0%  
í 48 mánuði



PM-081

Kr. 1280 þús.

**Kr. 26.900** 0%  
í 48 mánuði



DR-517

Kr. 1290 þús.

**Kr. 9.900** 0%  
í 48 mánuði



TS-777

Kr. 490 þús.

**Kr. 28.900** 0%  
í 48 mánuði



TE-174

Kr. 1390 þús.

**Kr. 26.400** 0%  
í 48 mánuði



UD-930

Kr. 1270 þús.

**Kr. 22.700** 0%  
í 48 mánuði



SX-016

Kr. 1090 þús.

**Kr. 19.200** 0%  
í 48 mánuði



KL-993

Kr. 920 þús.

**Kr. 9.900** 0%  
í 48 mánuði



UP-859

Kr. 490 þús.

**Kr. 16.900** 0%  
í 48 mánuði



TZ-687

Kr. 830 þús.

**Kr. 14.400** 0%  
í 48 mánuði



IR-060

Kr. 690 þús.

**Kr. 23.500** 0%  
í 48 mánuði



RE-037

Kr. 1130 þús.

**Kr. 29.900** 0%  
í 48 mánuði



OK-193

Kr. 1450 þús.

**Kr. 17.900** 0%  
í 48 mánuði



UP-184

Kr. 860 þús.

Opið laugardag frá kl. 10 til 17.  
og sunnudag frá kl. 12 til 16.

Vaxtalausir dagar eru einnig hjá SG Bílum Keflavík S: 421 4444,  
Bílás Akranesi S: 431 2622, Bílasölu Akureyrar S: 461 2533  
og JG Bílum Egilsstöðum S: 471 2584

**575 1230**



Grjóthálsi 1  
bilaland.is





TÍBESKT NÝÁR Stúlka frá Tibet tekur til við að hnýta bænaflögg á þriðja degi nýárs hátíðar Tibeta í Dharamsala í Indlandi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Niðurstöður rannsóknar til varnar vöggudaða sýna gagnsemi snuða:

## Minnka líkur á vöggudaða

**HEILBRIGÐISMÁL** Nýjar rannsóknir benda til að notkun snuðs á svefntíma dragi úr líkum á vöggudaða. Því er mælt með henni í nýjum leiðbeiningum sem landlæknir hefur sent frá sér um aðgerðir til varnar skyndidauða ungbarna.

Leiðbeiningarnar hafa verið sendar öllu heilbrigðisstarfsfólki sem annast ungbarnavernd.

Skyndidauði ungbarna, öðru nafni vöggudaði, er skilgreindur þannig að ungbarn, oftast á aldrinum 2-4 mánaða, deyr í svefni án undanfarandi veikinda. Vönduð krufning með viðeigandi rannsóknum leiðir ekki í ljós

dánarorsök. Tíðni vöggudaða hér á landi hefur verið með því lægsta sem þekkt í nálægum löndum.

Í ljósi þessara rannsókna er mælt með að börn noti snuð meðan þau sofa, en þó ekki fyrr en brjóstgjöf er komin



vel á veg. Aukin áhersla er lögð á að ungbörn sofi á bakinu. Ef það reynist af einhverjum ástæðum erfitt er mælt með að þess sé gætt að börnin geti ekki oltið á grúfu.

Þá er foreldrum ráðlagt að koma í veg fyrir reykingar á heimilum ungbarna og að þau sofi jafnan í eigin rúmi. Enn fremur að þau séu höfð á brjósti ef þess er nokkur kostur og forðast skal að nota kotta undir höfuð ungbarna og að ofdúða þau.

- jss

**GEGN VÖGGUDAÐA** Landlæknir mælir með notkun snuðs og brjóstgjöf.

Þjóðarpúls Gallup:

## Fleiri treysta lögreglunni

**SKOÐANAKÖNNUN** Traust almennings til lögreglunnar hefur aukist um 12 prósent á milli ára samkvæmt könnun Gallup og hefur ekki mælst eins mikið síðan 1993.

Háskóli Íslands nýtur mests trausts allra, en 86 prósent þjóðarinnar segjast bera traust til hans. Traust almennings er minnst til Alþingis og dómskerfisins eða 43 prósent en hefur þó aukist um átta prósent frá síðustu könnun.

Traust til umboðsmanns alþingis hefur minnkað um fimm prósent en það er eina embættið sem nýtur minna trausts nú en við síðustu mælingu.

- shá



MJÓLKURVÖRUR  
Í SÉRFLOKKI

Engjabykkni  
– allir eiga sitt upphald

HVÍTA HÖSÍÐ / SÍA



**FRAMKVÆMDIR VIÐ REYKJANESBRAUT** Verktakafyrirtækið Jarðvélur ráðgerir að ljúka tvöföldun 12 kílómetra vegkafla allt að ári fyrr en samið er um.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jarðvélur keppast við tvöföldun Reykjanesbrautar:

## Tvöfalda brautina á tvöföldum hraða

**VEGAGERÐ** Verktakafyrirtækið Jarðvélur ehf. stefnir að verklokum við tvöföldun tólf kílómetra langs vegarkafla Reykjanesbrautar ári fyrr en kveðið er á um í útboðsgögnum. Framkvæmdir hófust í lok nóvember og samkvæmt útboðsgögnum er gert ráð fyrir verklokum 1. júlí árið 2008.

Jóhann Bergmann, deildarstjóri hjá framkvæmdasviði Vegagerðarinnar, segir að verktaki njóti góðs af takist honum að skila verkinu fyrr en samningar kveði á um. Samanlagt geti verktakinn fengið í sinn hlut yfir fjórutíu milljónir króna í flýtifé standi hann við það markmið að skila

verkinu 1. júlí á næsta ári. Verkið er umfangsmikið og felur meðal annars í sér gerð mislægra gatnamóta við Voga- og Grindavíkurveg. „Verkið kostar um 1,1 milljarð króna en að meðtöldum hönnunar-, eftirlitskostnaði og öðrum útgjöldum nemur heildarkostnaður liðlega 1,8 milljörðum króna,“ segir Jóhann.

Hafnar eru framkvæmdir við Reykjanesbrautina í Garðabæ og einnig er í undirbúningi að tvöfalda brautina frá Hafnarfirði að Krísuvíkurvegi. Við lok þessara verkþátta er aðeins eftir að tvöfalda átta kílómetra langan vegkafla á allri Reykjanesbraut.

- jh



**FANGI** Bandarískir hermenn með fanga í Guantanamo-fangabúðunum.

NORDICPHOTOS/AFP

Fangabúðir Bandaríkjamanna í Guantanamo:

## Blair vill láta loka fangabúðunum

**LONDON, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sagðist í breska þinginu í fyrradag vonast til að fangabúðum Bandaríkjahers við Guantanamoflóa á Kúbu verði lokað. Jafnframt minnti hann á ástæðurnar fyrir opnun þeirra.

„Ég vona að réttarferlið verði sett af stað svo að hægt verði að loka Guantanamoflóa-búðunum,“

sagði Blair. Hann bætti því við að búðirnar væru til komnar „vegna verstu hryðjuverka sem heimurinn hefur nokkurn tímann upplifað, þegar 3.000 blásaklausir menn týndu lífi í New York“.

Nærri 500 fangar dvelja í búðunum en eingöngu um tugar þeirra hefur verið formlega ákærður.

- smk

FULLBÚINN Á  
FRÁBÆRU VERÐI!

NISSAN X-TRAIL



### Ríkulegur staðalbúnaður

17" álfelgur, lítað gler, 6 diska geislasplari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sólluga.

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:

- „Bestur“ – Fifth Gear
- „Best recreational 4x4“ – Auto Express
- „Best compact 4x4“ – What Car?
- „Best in class“ – Channel 4
- „Best Small Wagon“ – Overlander Magazine

Nissan X-Trail Sport 2.690.000 kr.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16



Sveitarstjórnarmál:

## Framboðslisti F-lista í Garði

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Listi framfaranna kjósenda í Garðinum, F-listinn, hefur kynnt framboðslista sinn vegna komandi sveitarstjórnarkosninga. Í efstu fjórum sætum eru Ingimundur Þ. Guðnason, Einar Jón Pálsson, Ágústa Ágústsdóttir og Gísli Heiðarsson.

F-listinn hefur leitt meirihlutann í Garði og hefur stefna hans verið að byggja upp betri þjónustu í sveitarfélaginu samhliða því að fegra og snyrta umhverfið. Í tilkynningu frá listanum kemur einnig fram að Sigurður Jónsson, núverandi bæjarstjóri, verður bæjarstjóraefni F-listans. -sdg

Hafnarfjarðarbær sinnir málefnum innflytjenda:

## Bæta þjónustu við nýbúa

**INNFLYTJENDUR** Íbúum af erlendum uppruna hefur fjölgað hratt í Hafnarfirði á undanföllum árum. Bæjaryfirvöld stóðu fyrir kynningu á dögum á þjónustu sem þessum hópi stendur til boða og áætlun um hvernig megi auka hana enn frekar. Kynningin fór fram í pólsku versluninni Stokrotka þar í bæ.

Í lok árs 2004 var komið á fót samráðshópi um málefni innflytjenda í Hafnarfirði sem skipaður var ýmsum fulltrúum félags- og menningarmála. Hópurinn hefur síðan komið fram með ýmsar hugmyndir og ein þeirra, íslenskunám í samvinnu



**FRÁ KYNNINGU ÞJÓNUSTUÁÆTLUNAR** Nýbúum í Hafnarfirði hefur fjölgað mikið. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri situr hér í öndvegi og ræðir málin. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

við hafnirsk fyrirtæki, er þegar orðin að veruleika.

Gefinn hefur verið út upplýsingabæklingur um þjónustu bæjarins á fimm tungumálum og Hafnarfjarðarbær hefur gert þjónustusamning við Alþjóðahús þar sem vikulega er boðið upp á viðtalstíma ráðgjafa og lögfræðings. Nú er unnið að uppsetningu fjölmenningarlegrar leiksýningar og heimildarmyndar um stöðu og réttindi nýbúa í Hafnarfirði.

Í Hafnarfirði búa ríflega 1.000 manns af erlendum uppruna. Fjölmennastir eru Pólverjar en einnig búa þar margir frá Eystrasaltslöndunum, löndum fyrirverandi Júgóslavíu og Filippseyjum. -shá



**HOWARD Í TÍU ÁR** Lögregla fylgist með mótmælum gegn ástralska forsætisráðherranum John Howard í Sydney í gær, er þess var minnst að hann hefur setið samfelt í tíu ár við stjórnlögin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Stúdentar vilja auka veg HÍ:

## Skólagjöld eru hápólitískt mál

**MENNTAMÁL** Stúdentar við Háskóla Íslands hafna upptöku skólagjalda í meistaranámi, en viðskipta- og hagfræðideild og lagadeild skólans hafa farið fram á slíka gjaldtöku af nemendum.

Ásgeir Runólfsson hjá Stúdentaráði HÍ segir að skólagjöld skerði jafnrétti til náms og séu ekki líkleg til þess að efla menntasókn í íslensku samfélagi. „Íslenskt samfélag stefnir að því að verða þekkingarsamfélag í fremstu röð og við verðum að tryggja að sem flestir afli sér meistaragráðu. Upptaka skólagjalda er hápólitískt mál, en með óbreyttri fjármögnun kemst HÍ ekki í fremstu röð.“ -jh

Bæjarstjórn Grundarfjarðar:

## Sængurgjöf frá bænum

**SAMFÉLAGSMÁL** Hver Grundfirðingur sem fæðist mun fá væna gjöf frá bæjaryfirvöldum en til laga þar að lútandi var samþykkt í vikunni á fundi bæjarstjórnar.

„Markmiðið er ekki að hvetja til barneigna eins og gert hefur verið í nokkrum minni sveitarfélögum heldur aðeins verið að bjóða nýja Grundfirðinga velkomna í samfélagið okkar,“ segir Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

Tveir Grundfirðingar hafa fæðst á árinu og eiga þeir von á pakka með barnafötum og fleiru að sögn bæjarstjóra. Hugmyndin er fengin frá Finnlandi en þar fá nýfæddir þegnar gjöf frá ríkinu. -jse

Ólympíutiltekt í Peking:

## Herferð gegn hrákum

**KÍNA, AP** Yfirvöld í Peking hafa hleypt af stokkunum herferð gegn hrákum. Herferðin er liður í undirbúningi Ólympíuleikanna sem fram fara í kínversku höfuðborginni árið 2008.

Kínverska ríkisstjórnin hefur komist að þeirri niðurstöðu að spýtingar á almannafæri séu „alvarlegasti ósiðurinn“ sem tíðkist meðal borgarbúa. Næstmesta plágan telst vera að henda rusli á götuna og villuráfandi gæludýr sú þriðja.

Til að mæta hráka- og snytingaplágunni verður her sjálfbodaliða á vappi úti um alla borg, íklæddur skærappelsínugulur einkennisbúningum með áletruninni „hor“, með hrákapoka til taks fyrir vegfarendur. ■

**Við erum farin**  
– en komum aftur á sunnudag

Í dag flýgur Avion Group með 580 manns úr hópi starfsmanna sinna út í óvissuna í annað sinn. Eimskip og Air Atlanta Icelandic munu halda úti allri þjónustu á meðan en þó gæti þetta haft lítilsháttar áhrif og biðjum við viðskiptavinum velvirðingar á því.

Með bestu kveðjum og fyrirfram þökk fyrir skilning og þolinmæði vegna óvissuferðarinnar.

Starfsfólk Avion Group

**AVION GROUP**  
– íslensk sókn um allan heim

[www.aviongroup.is](http://www.aviongroup.is)

**AIR ATLANTA ICELANDIC** **EIMSKIP**







# BESTU AUGLÝSINGAR ALLRA TÍMA!

Auglýsingaherferðin *MasterCard-hringir* sem auglýsingastofan Hvíta húsið vann fyrir Kreditkort hf. var valin besta auglýsingaherferð síðustu 20 ára á Íslandi á afmælishátíð ÍMARK sl. föstudag. Herferðin hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga bæði hér heima og erlendis, m.a. gullverðlaun í hinum virtu auglýsingakeppnum Epica, New York Festivals og Cresta. Ýmsar auglýsingar úr herferðinni eru enn í notkun víða í Evrópu.







1. VERÐLAUN Í FLOKKI FJÁRMÁLA- OG TRYGGINGAAUGLÝSINGA Í EPICA ÁRID 1999

BLAÐAUGLÝSING ÁRSINS, TÍMARITAAUGLÝSING ÁRSINS OG HERFERÐ ÁRSINS Á ÍMARK ÁRID 1999

GULLVERÐLAUN Í FLOKKI FJÁRMÁLAAUGLÝSINGA Í NEW YORK FESTIVALS ÁRID 2000

1. VERÐLAUN Í FLOKKI FJÁRMÁLAAUGLÝSINGA Í CRESTA ÁRID 2000

**HVÍTA HÚSID**





## „ORÐRÉTT“

Par hafði þið það

„Reynsla unglækna er mjög takmörkuð og heimsýn þeirra mjög þröng.“

JÓHANNES M. GUNNARSSON, LÆKNINGAFORSTJÓRI LSH, UM UNGLÆKNA. FRÉTTABLAÐIÐ.

Fábreytt er saga Húsavíkur

„Þetta er ein mesta hátiðarstund hér frá því að Garðar kom 870.“

HREINN HJARTARSON, ORKUVEITUSTJÓRI Á HÚSAVÍK, Á LÉTTUM NÓTUM Í MORGUNBLAÐINU VEGNA ÁKVÖRDUNAR ALCOA.

## nær og fjær tilveran

### SJÓNARHÓLL

ÁLVER VIÐ HÚSAVÍK



### Ekki sannfærð

„Ég er ekki viss um að þetta sé málið,“ segir Margrét Sigurðardóttir, Magga massi, líkamsræktarþjálfari í Pumping iron, um áform bandaríska álrisans Alcoa um að reisa álver á Bakka við Húsavík. Magga er smeyk um að hér verði alltof mörg álver og spyr: „Er ekki komið nóg af þessu?“ Hún telur rétt að stjórnvöld hugi að öðrum atvinnugreinum þegar horft er til uppbyggingar á landsbyggðinni. Magga er hrædd um að efnahagsleg áhrif svo margra álvera hafi þær afleiðingar að þenslan í hagkerfinu verði óbærileg, en umhverfisverndar-sjónarmiðin eru henni einnig ofarlega í huga þegar hún mótast skoðun sína á málinu.

### Marga langar í innheimtuna

Á fjórða tug umsókna barst um fjögur skrifstofustörf hjá nýrri ríkisstofnun, Innheimtumiðstöð sekta, sem tekur til starfa á Blönduósi í apríl. Miðstöðinni er ætlað að annast innheimtu allra sekta og sakarkostnaðar á landinu og tekur hún við innheimtunni stig af stigi. Áætlað er að þegar allt verður komið í fullan gang verði starfsmenn í kringum tíu.

Erna Jónmundsdóttir lögreglu- maður mun stýra innheimtumiðstöðinni.

Þessi mikli fjöldi umsókna gefur nokkra mynd af atvinnu- ástandinu á Blönduósi en þar hefur atvinnutækifærum fækkað á undanförunum árum.

Gárungarnir hafa gaman af því að miðstöðinni sé valinn staður á Blönduósi en lögreglan í bænum hefur verið ötull en jafnan gerist við að sekta ökumenn fyrir of hraðan akstur. Er haft á orði að sektirnar munu streyma í ríkissjóð enda vanir menn á ferðinni í innheimtunni.



LÖGREGLAN Á BLÖNDUÓSI Margur hefur þurft að taka upp veskið eftir að hafa ekið of hratt í Húnavatnssýslum.

### HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SOFFÍA VAGNSDÓTTIR

## Gæti þurft að grafa sig lifandi

Það er nú kannski fyrst að fréttu að nú fer að volgna í pólitíkinni fyrir vorið,“ segir Soffía Vagnsdóttir, fulltrúi óflokksbundinna í minnihluta bæjarstjórnar í Bolungarvík. Soffía hugar að framboði fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar og vonar að þá verði kosningaúrslitin önnur en síðast þegar hlutkesti réð því hvor fylkinganna færi með völdin: „Ég er tilbúin að vinna áfram ef fólk telur að ég geti orðið að liði.“

Þrátt fyrir að Soffía láti mikið að sér kveða er hún hvað þekktust á landsvísi fyrir að koma á fót hinni frægu ástarvíku í Bolungarvík. Sú var haldin í annað sinn í september. „Ástarvíkan var lítil fflagangshugmynd sem sló svona í gegn og vakti mikla lukku. Ég er dauðhrædd og hef ekki þorað að taka púlsinn á því hvort von er á börnum í bænum í maí. Ég verð að grafa mig lifandi ef það er ekki,“ segir Soffía og skellir upp úr. „Ég var búin að segja að það hlýti að verða

að minnsta kosti 100 prósentu fjölgun frá maí í fyrra, þegar eitt barn fæddist eftir ástarvíkuna.“

Soffía segir þó ástarvíkuna fjarri huga bæjarbúa um þessar mundir. Þeir bíði eftir niðurstöðum rannsóknarboranna í Óshlíð vegna jarðganga. Þær berist á næstu vikum: „Lykillinn að okkar björtu framtíð eru góðar samgöngur,“ segir Soffía og að þá skipti miklu máli að Vestfirðingar sameinist um eina leið. Þrátt fyrir að dýrara sé að fara úr Syðridal í Tungudal sé hún sú rétta. „Það skiptir engu máli að keyra tíu kílómetra lengri leið ef það er þarf ekki að byrja á því að líta til veðurs,“ segir hún og bendir á að verði aðrar leiðir fyrir valinu náist ekki að komast fyrir alla hættulegu kaflana á leiðinni og þó að kostnaðurinn sé meiri séu áhrifin mun fjölþættari: „Ef samgöngurnar verða lagaðar er til dæmis engin fyrirstaða fyrir sameiningu Ísafjarðar og Bolungarvíkur.“



Soffía Vagnsdóttir, bæjarstjórnamaður í Bolungarvík



JÓHANN GUÐNI REYNISSON VERÐANDI HÚSASMÍÐUR „Það spillir allavega ekki fyrir að svo virðist sem nóg verði að gera í framtíðinni og ég tel mikla möguleika felast í að hafa þessa menntun.“

## Eiginkonan fær loksins handlaginn heimilisföður

Jóhann Guðni Reynisson, sveitarstjóri í Þingeyjar- sveit, lætur af störfum í vor og hefur nám í húsasmíði við Verkmenntaskólann á Akureyri. Hann segir vel koma til greina að taka að sér smíði álvers við Húsa- vík að námi loknu.

„Þetta hefur lengi blundað í mér og ég hef klambrað svolítið heima við,“ segir Jóhann Guðni spurður hvenær hann hneigðist til smíðastarfa. „Það hefur hins vegar farið í taugarnar á mér að kunna þetta ekki almennilega.“

Það kemur í ljós að Jóhann Guðni er högvær þegar hann segist hafa klambrað svolítið. Fyrir nokkrum árum tók hann við fok- heldu húsi og gerði íbúðarhæf, en reyndar með aðstoð góðra manna. Þá hefur hann smíðað skjólvegg og í kringum heita pottinn í garðinum heima á Laugum.

Stutt er síðan hann fékk þá flugu

í höfuðið að setjast á skólabeck og nema húsasmíði. „Hugmyndin kom fyrst upp fyrir ekki löngu síðan og ég tók ákvörðun á nokkrum dögum. Ég spjallaði um þetta við Kristján Snæbjörnsson, byggingaverktaka á Laugum, og eftir tíu daga var þetta afgreitt og ég kominn á samning hjá honum.“

Jóhann Guðni segir að eftir að hann tók ákvörðunina hafi hann rætt málið við kunningja sína og í ljós hafi komið að smíðurinn blundar í mörgum. Fæstir láta hins vegar verða af því að söðla um og læra það sem til þarf.

Sú staðreynd að fjórlegt er á byggingamarkaði nú um stundir hafði sín áhrif á ákvörðunina. „Það spillir allavega ekki fyrir að svo virðist sem nóg verði að gera í framtíðinni og ég tel mikla möguleika felast í að hafa þessa menntun.“ Áður nam Jóhann Guðni íslensku og fjölmiðlafræði og síðar uppeldis- og kennslufræði við Háskóla Íslands. Enn síðar settist hann svo á skólabeck í Endurmenntunarskólunni HÍ og lærði opinbera stjórnsýslu og stjórnum.

Almenn hamingja ríkir á heimili Jóhanns Guðna með þessa ákvörðun hans. „Börnin eru ánægð. Pabbi smíður segja þau og sjá fram á að fá loksins kofa í garðinn. Og konan mín er ánægð með að fá loksins hinn handlagna heimilisföður.“

Fjölskyldan ætlar að búa áfram á Laugum enda líður henni vel þar. Þau fluttust norður þegar Jóhann Guðni var ráðinn sveitarstjóri fyrir fjórum árum.

Sama dag og Jóhann Guðni til- kynnti um þessa ákvörðun sína skrifaði álrisinn Alcoa undir sam- komulag við stjórnvöld um að stefna að því að reisa álver við Húsavík, nágrennabæ Lauga. Jóhann Guðni útilokar ekki að álver verði einmitt það fyrsta sem hann smíðar að námi loknu. „Það getur vel verið,“ segir hann og hlær. „En ég held að það verði svo mikið að gera hér á næstu árum, hvort sem það verður álver eða sumarbústað- ir eða allt þar á milli, að menn hafi nóg að gera. En ég er alveg til í að taka að mér að smíða eitt stykki álver fyrir þá.“

bjorn@frettabladid.is

# DV

## Hefur þú séð DV í dag?

Framkvæmdastjórnar hjá SÁÁ flýja ofríkið

Vilja  
velta  
þórnarni  
úr sessi

„ÉG MÆTI RÓLEGUR Á NÆSTA  
AÐALFUND,“ SEGIR ÞÓRNARINN

## 4.000 hótélrum á fimm árum

Samtals eru 16.594 rúm á hótélum og gistiheimilum á Íslandi. Hefur þeim fjölgað um 4.123 síðan árið 2000 en þá voru rúmin 12.471.

Flest eru rúmin á höfuðborgarsvæðinu eða 5.657 en fæst á Vestfirðum, 393.

Þessar upplýsingar er að finna á vef Hagstofunnar.

Hótel- og gistiheimilurúm á höfuðborgarsvæðinu voru 3.800 árið 2000 og hefur því fjölgað að meðaltali um 370 á ári síðustu ár. Enn er fyrirhuguð fjölgun á þessu ári og má nefna að í gamla Fiskifélagshúsinu á horni Skúlagötu og Ingólfsstrætis er verið að inn- rétta 130 herbergja hótél og í



UPPÁBÍÐ RÚM Frá Hótél Heklu á Skeið- um.

Þingholtsstræti er verið að reisa viðbyggingu við Ísafoldarhúsið og samtals verða þar 54 her- bergi.

Hótélum og gistiheimilum hefur líka fjölgað talsvert á þessu



HÓTEL PLAZA Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR Eitt hinna nýju hótela á höfuðborgarsvæðinu.

árambili; árið 2000 voru þau 244 en fimm árum síðar voru 319 hótél og gistiheimili á Íslandi. Og sé litið til fjölgunar hótélherbergja má sjá að þau voru 7.989 árið 2005 en árið 2000 voru þau 6.045.



# allt að verða vitlaust í nettó

*komdu og skoðuðu tilboðin*

Ódýrt  
í nettó



**1.299**  
kr.pk.  
Danskar kjúklingabringur

frábært  
verð!



**499**  
kr.pk.  
Humar 500. gr

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur  
Gildistími frá 3. mars. til 5. mars. eða meðan birgðir endast.


Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahlverfi Kópavogi

netto



## Svona erum við

&gt; Hlutfall stóriðju af raforkunotkun á Íslandi.



Heimild: Hagstofa Íslands

## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL-GREINING: ÁLFRAMLEIÐSLA

## Ál er notað í gosdósir og flugvélar

## Hvernig verður ál til?

Ál eða aluminium sem framleitt er í álverum á borð við álver Alcan í Straumsvík og Norðuráli í Hvalfirði er framleitt úr súráli sem er efnasamband áls og súrefnis sem jafnframt nefnist álóxið. Efnaformúla þess er Al<sub>2</sub>O<sub>3</sub> og vísar til þess að það samanstendur af álfrum-eindum (Al) og súrefnisfrumendum (O) í hlutföllunum tveir á móti þremur. Súrál er hvítt, þúðurkennt efni og aðalhræfnið í lokaframleiðslu á áli í álverum líkt og í Straumsvík og hjá Norðuráli.

## Hvað er súrál?

Súrál er framleitt úr álóxiðríku málmgryti sem nefnist báxið og er það einkum að finna í Karíbahafinu, Ástralíu og Afríku. Súrál sem notað er í Straumsvík er til

dæmis fengið frá Ástralíu. Í álverinu er súráli breytt í ál við rafgreiningu, sem nefnist álbræðsla í daglegu tali. Þegar sterkum rafstraumi er hleypt á ker með súráli og flúorríkum efnunum (flúoríðum) skilur álið sig frá súrálínu.

## Hvernig er endanleg vara?

Álinu er síðan veitt úr kerinu í sérstaka ofna svo hægt sé að blanda því nákvæmlega saman við aðra málma. Málmurinn er hreinsaður í ferli sem nefnist mýking og síðan hella í mót eða steypur beint í málmgangir. Frekari framleiðsla á málminum á sér gjarnan stað og endar álið þá í einni af fjölmörgum vörum sem við þekkjum úr daglegu lífi, allt frá því að vera gosdós í að vera þota sem flytur fólk milli heimsálfa.



## SPURT &amp; SVARAÐ

## ÖLDRUNARMÁL



MARGRÉT MARGEIRSDÓTTIR FORMADUR FÉLAGS ELÐRI BORGARA Í REYKJAVÍK

## Takið okkur alvarlega

Félag eldri borgara í Reykjavík hefur gagnrýnt sjórnvöld harðlega að undanfögnu, meðal annars vegna skattamála, heimaþjónustu og húsnæðismála. Margrét Margeirsdóttir veitir félaginu forstöðu.

**Ættu eldri borgarar að halda lifeyri sínum óskertum?** Já, þeir ættu að gera það. Alveg hiklaust.

**Finnst eldri borgurum þeir fá litla athygli stjórnvalda?** Já, við fáum ekki mikla athygli. Við viljum að ályktanir og áskoranir okkar séu teknar alvarlega og stjórnvöld taki tillit til þeirra þegar unnið er að málefnum aldraða. Það er ekki gert í dag.

**Er gott að eldast á Íslandi?** Bæði og. Heilbrigðisþjónusta er sennilega í lagi en það er ekki neitt skipulag eða heildarstefna í þjónustu við aldraða. Þessi málaflokkur hefur verið lengi útundan. Það er eins og stjórnvöld geti ekki skilið að það verður að taka okkur alvarlega.

## Tileinkað öllum þeim sem vinna góðverk sín í hljóði

„Alls staðar í samfélaginu eru samborgarar okkar að láta gott af sér leiða með margvíslegum hætti. Gera eilítið meira en borgaraleg skylda segir til um eða jafnvel miklu meira. Markmið samfélagsverðlaunanna er að gera slík verk sýnileg, jafnvel öðrum til eftirbreytni, en líka að heiðra þessa samborgara okkar sem láta gott af sér leiða en vinna iðulega störf sín í hljóði.“ Að svo sögðu kynnti Steinunn Stefánsdóttir, formaður dómnefndar, hina tilnefndu einn af öðrum við hátíðlega athöfn sem haldin var í gær á Hótel Sögu vegna veitingu Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins.

Lesendur Fréttablaðsins sendu inn 300 tilnefningar og voru 200 tilnefndir svo úr vöndu var að ráða hjá dómnefndinni. Hana skipuðu auk Steinunnar, Guðjón Friðriks-son sagnfræðingur, Davíð Scheving Thorsteinsson framkvæmdastjóri og Svanfríður Jónsdóttir fyrrverandi þingkona.



STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR Dómnefnd bærust 300 tilnefningar og voru 200 samfélagshetjur tilnefndar.



VERÐLAUNAHAFAR SAMFÉLAGSVERÐLAUNANNA Þráinn Hafsteinsson, Þórdís Lilja Gísladóttir, Sigríður Björnsdóttir, Alma Geirdal, Edda Ýr Einarssdóttir, Toshiki Toma, Gylfi Bragi Guðlaugsson og Guðbjörn Magnússon.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Þrír verðlaunahafar hlutu 150 þúsund krónagjafabréf frá Icelandair, tveir hlutu fartölvu og milljón króna ávísun var afhent fyrir aðalverðlaunin, Samfélagsverðlaunin sjálf. Þau hlutu Formu sem eru samtök átröskunarsjúklinga. „Þetta eru ekki aðeins verðlaun fyrir samtökin heldur er málefnið nú viðurkennt,“ sagði

Alma Geirdal, annar forsvarsmanna samtakanna, að verðlaunaafhendingu lokinni.

Verðlaun voru veitt í sex flokkum en þeir voru, auk Samfélagsverðlaunanna sjálfra, Hvunn-dagshetjan, Unghetja, Uppfræðari ársins, Framlag til æskulýðsmála og Til atlögu gegn fordómum.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar

Grimsson, veitti Samfélagsverðlaunin og sagði í ræðu sinni að löngu væri kominn tími til að veita verðlaun sem þessi.

Um 130 gestir voru viðstaddir athöfnina. Hljómsveitin Bardukha og kvartettinn Cammerarctica léku fyrir gesti sem einnig gæddu sér á mat og drykk.

jse@frettabladid.is



GÖNGU-HRÓLFUR

## Kynning

## Gönguferðir Göngu-Hrólfs 2006

Nýja Skátabúðin, Faxafeni, 4 mars frá 13-16.

Laugardaginn 4. mars verður kynning á gönguferðum Göngu-Hrólfs í Nýju Skátabúðinni í Faxafeni frá 13.00 - 16.00. Á sama tíma mun starfsmaður verslunarinnar kynna hentugan göngubúnað.

Göngu-Hrólfar fá 15% afslátt af vörum Nýju Skátabúðarinnar þennan dag og þeir sem bóka ferð á staðnum fá 5000 þúsund krónu afslátt.

Spennandi og fjölbreyttar gönguferðir til ólíkra áfangastaða.

Slóvakía: hefðbundin og léttur taktur. **Nýtt**

Ítalía: Dólmítar og Toskana. Hefðbundin, og matgæðinga-ferð

Krít: Fjallaklifur og kajakar aukinn taktur **Nýtt**

Majorka: Hefðbundin taktur.

Þýreafjöll: hefðbundinn taktur

Krít: hefðbundinn og léttur taktur

Tyrkland: Lýkiuleiðin hefðbundinn taktur **Nýtt**

Bustið af gönguskónum takið fram stuttbuxurnar og sólvörnina og haldið til fjalla á fjarlægum slóðum.

Nánari upplýsingar og bókanir hjá Úrval Útsýn í síma 585-4000 eða á tölvupósti [tonspurt@uu.is](mailto:tonspurt@uu.is) <http://www.uu.is/ithrottir/gonguferdir> [www.gonguhrolfur.is](http://www.gonguhrolfur.is)

Göngu Hrólfur – Frumkvöðlar á sviði gönguferða erlendis  
Gönguferðir í þínum takti

## Til atlögu gegn fordómum



Toshiki Toma er prestur innflytjandi á Íslandi. Hann hefur unnið afar óeigingjamt starf við að bæta íslenskt samfélag með því að benda á fordóma og beina umræðu um innflytjendamála og trúmál inn á nýjar brautir. Toshiki hefur einnig mátt þola persónulegar árásir vegna baráttu sinnar gegn fordómum. „Þetta er mikill heiður en það sem ég geri er samvinnuverkefni svo það eru fleiri en ég sem deila heiðrinum,“ sagði Toshiki.

## Hvunn dagshetjan



Guðbjörn Magnússon er sá Íslendingur sem oftast hefur gefið blóð og allt bendir til þess að hann nái því að gefa blóð í hundrað og fimmtugasta sinn á þessu ári. Blóðgjafar eru dæmi um sjálfboda-liða sem í kyrrþey vinna ákaflega brýnt starf í þágu samfélagsins. Ljóst er að þörf fyrir blóð fer stöðugt vaxandi og því er mikilvægt að hvetja sem flesta til leggja sitt af mörkum. „Þessi verðlaun eru tileinkuð þeim í Blóðbankanum sem gera það alltaf jafn gaman að koma þangað,“ sagði Guðbjörn.

## Ung hetja



Gylfi Bragi Guðlaugsson er blaðberi sem á sinni föstu morgungöngu með blóðin fann brunalykt úr íbúðarhúsi í Hlíðunum. Hann brást hárrétt við, byrjaði á að hringja á Neyðarlínum og vakti svo íbúa hússins. Ungt fólk sem sýnir slíkt snarræði er svo sannarlega öðrum fyrirmynd. „Þetta verður örugglega til þess að fólk treystir mér enn frekar sem er alveg æðislegt,“ sagði Gylfi eftir verðlaunaafhendinguna.

## Uppfræðari ársins



Hjónin Þráinn Hafsteinsson og Þórdís Lilja Gísladóttir eru afreksfólk í frjálsum íþróttum. Þau standa fyrir framúrskarandi frjálssíþróttastarfi meðal barna og unglunga í ÍR. Sérstaklega hafa þau hjónin stutt vel við unglingsstúlkur í félaginu með þeim árangri að mun færri hætta íþróttaiðkun en áður. „Þetta er viðurkenning á faglegu starfi sem er unnið innan íþróttahreyfingarinnar sem yfirleitt er unnið í kyrrþey,“ sagði Þráinn.

## Framlag til æskulýðsmála



Blátt áfram er forvarnaverkefni UMFÍ gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum. Frumkvöðlar og forkólfar þessa starfs eru systurnar Svava og Sigríður Björnsdóttir. Starf þeirra er einstaklega óeigingjarn og ótult og einkennist af mikilli fórnýsi og sterkri hugsjón. „Þetta segir mér að samfélagið er sátta við það sem við systur erum að gera,“ sagði Sigríður.





## „Albert Newton fékk námsstyrk til að rannsaka eplalögmálið“

**KB banki veitir námsstyrki til KB Námsmanna.**

- ✱ 3 framhaldsskólanemar fá 150.000 kr. hver.
- ✱ 6 háskólanemar innanlands fá 250.000 kr. hver.
- ✱ 4 háskólanemar erlendis fá 350.000 kr. hver.

Aflið ykkur nánari upplýsinga og sækið um á [www.kbnamsmenn.is](http://www.kbnamsmenn.is)

*KB Námsmenn*

Umsóknarfrestur  
er til 1. maí. 2006



KB BANKI



ATVINNUREKANDINN: MELEYRI

## Ein elsta rækjuverksmiðja landsins

Fyrirhuguð lokun Rækjuverksmiðjunnar Meleyri er það mál sem vissulega mest er til umræðu á Hvammstanga. Öllum 23 starfsmönnum í 20 stöðugildum hefur verið sagt upp. Verksmiðjan hefur undanfarin sjö ár verið rekin af fyrirtækinu Ísfangi sem er með aðsetur á Ísafirði. Blaðamaður gerði sér leið í Meleyri þegar starfsfólk var að ganga frá eftir vinnslu dagsins. „Við erum svo sem ekki alveg búnir að afskrifa þetta,“ segir Örn Gíslason vinnslustjóri. „Ef ástandið skánar eitthvað þá reynum við vissulega að halda áfram. Það er svo sem engin nýlunda að rækjuvinnsla loki í einhvern tíma þó svo að við höfum svo að segja unnið sleitulítið frá því að vinnsla hófst hér um 1972.“

Rækjan sem unnin er í Meleyri er flutt inn frá Kanada, Frakklandi og Grænlandi en þó mest frá norskum skipum sem eru á veiðum



í Barentshafi. Undanfarin ár hefur nær engin rækja fundist við Húnaflóa sem áður var fullur af rækju.


„Það er náttúrulega ekkert bjart yfir fólkinu hérna en við höldum í vonina. Sjálfur er ég ekkert farinn að leiða hugann að því hvað ég geri ef það verður lokað hér fyrir fullt og allt. Ég myndi helst ekki vilja fara suður en maður veit þó aldrei.“ Um framtíðina á Hvammstanga segir Örn: „Ég veit ekki hvernig þetta fer allt saman. Það er óneitanlega hart í ári nú um þessar mundir. Margir telja að framtíðin felist í uppstoppuðum selum og átöppuðum vatnsflöskum, ég skal ekkert um það segja. Kannski gengur þetta,“ segir Örn og fer að smúla svo blaðamaður á fótum fjör að launa.

ÖRN GÍSLASON VINNSLUSTJÓRI



### STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



### Hvammstangi

Íbúafjöldi í desember 2005: 581  
Íbúafjöldi í desember 1997: 641  
Íbúafjöldi í desember 1991: 689

Sveitarfélag: Húnaþing vestra.

**Helstu atvinnufyrirtæki:** Rækjuverksmiðjan Meleyri, Sláturhús K.V.H., Forsvar ehf. Hugbúnaðar- og bókhaldsfyrirtæki, Heilbrigðisstofnun Hvammstanga, Kaupfélag Vestur-Húnavetninga.

**Skólar:** Grunnskóli Húnaþings vestra. Leikskóli Húnaþings vestra. Tónlistarskóli Vestur-Húnavatnssýslu

Vegalengd frá Reykjavík: 197 km

## Vanir að þurfa að bjarga sér

Það er glaðasólskin og stilla þegar Jón Sigurður Eyjólfsson ekur út Miðfjörð í átt að Hvammstanga sem lúrir þar við spegilslettan sjó. Það er góð venja fyrir ferðalanga sem vilja taka púlsinn á bæjarlífinu að byrja á því að ræða við sætu stúlkuna í söluskála þorpsins meðan pylsu er sporðrennt og það er einmitt það sem blaðamaður hefur í hyggju.

Á Hvammstanga búa um sex hundruð manns. Þorpsbúar hafa löngum haft lífsviðurværi sitt af landbúnaði og sjávarútvegi en þar er sláturhús, rækjuverksmiðja og áður voru þar mjólkurstöð og fiskvinnsla. Aðstæður hafa hins vegar ögrað þessari tilveru þorpsbúa en þeir virðast hvergi bangnir að

leita nýrra leiða í þessum efnum og reyna að færa björg í bú eftir nýjum leiðum.

### Pungt yfir sætu stúlkunni í söluskálanum

Það er ekki sérlega bjart yfir Sonju Eðvaldsdóttur, sætu stúlkunni í söluskálanum. „Þetta er allt saman búið, það verður ekkert eftir,“ segir hún. „Rækjuverksmiðjan er að loka og saumastofan. Svo er verið að fækka fólki í Kaupfélaginu og eigendur kráarinnar eru að reyna að selja hana. Þannig að ég sé ekki annað en að þetta sé bara allt að verða búið en fólk er þó að reyna að gera eitthvað,“ segir hún á meðan pylsan er framreidd. Blaðamaður fer því að gruna að heimsókn hans á Hvammstanga verði hin daprasta en til allrar lukku reyndist sá grunur ekki nær sanni enda kalla heimamenn ekki allt ömmu sína, jafnvel í lífsins ólgusjó.

Einn gesta í söluskálanum áréttir það að þó að eigendur kráarinnar hafi hug á því að selja eru þeir jafnvel að falast eftir því að fá nýja menn með sér í reksturinn svo ekki er allt útlit fyrir að heimamenn verði að leggja land undir fót til að fá sér öl í krús á næstu misserum.

### Selasetri ýtt úr vör

EKKI þarf að keyra lengi um bæinn til þess að sjá að ekki er alls staður verið að draga saman seglin í bænum. Til dæmis er allt á fullu í gamla verslunarhúsi bæjarins sem reist var árið 1926 en þar verður opnað Selasetur 25. júní í sumar. Hrafnhildur Ýr Viglundsdóttir, framkvæmdastjóri Selasetursins, og Guðmundur Jóhannesson stjórnarformaður voru þar innan um iðnaðarmenn að vinna að endurbótum þegar blaðamaður stakk hausnum þar inn um dyragættina. „Hérna við Vatnsnesið er alltaf hægt að sjá sel, allavega er það mjög sérstakt ef hann lætur ekki sjá sig,“ segir Hrafnhildur meðan hún hugar að selskinni en fjölda muna ber að líta á setrinu. Þar verða uppstoppaðir selir, munir tengdir selveiðum og gamlar myndir af selveiðum og útgerð á Hvammstanga. Þar verður minjagripaverslun, afgreiðsla



**HRAFNHILDUR ÝR VIGLUNDSDÓTTIR OG GUÐMUNDUR JÓHANNESSON Í SELASETRINU** Unnið er að því hördum höndum að koma Selasetrinu á kopp en það verður væntanlega opnað 25. júní í sumar. Þá verður merkilegu verslunarhúsi frá 1926 fundið hlutverk við hæfi en það hefur verið frekar eyrmarlegt undanfarin ár. JÓN SIGURÐUR



**HARÐFISKHJALLUR Á HVAMMSTANGA** Allt útlit er fyrir að hjallurinn hans Bangsa verði eini staðurinn þar sem fiskur verður verkaður á Hvammstanga. JÓN SIGURÐUR

fyrir selsskoðunarferðir á sjó og væntanlega upplýsingamiðstöð ef samningar um það nást við samgönguráðuneytið. Einnig verður boðið upp á fræðslusýningar um seli í sal gamla verslunarhússins.

### Vanir að þurfa að bjarga sér

„Fólkið hér er afskaplega duglegt,“ segir Hrafnhildur. „Við höfum hvorki stóriðju, sem mér

finnst svo sem jákvætt, og svo föllum við jafnan milli báts og bryggju þegar kemur að landsbyggðarmálum svo hér hafa menn þurft að finna sitt lífsviðurværi svolítið upp á eigin spýtur og fólk hikar ekki við það. Það þýðir hins vegar að ekki er verið að vinna að svo stórum verkefnum hérna en fólk hefur nóg fyrir sig og sína.“ Af slíku frumkvæði nefndir Hrafnhildur sem dæmi að nú á að fara að tappa vatni á flöskur til að flytja út, annar er með rörbútaframleiðslu í bílskúrnum hjá sér sem er eina slíka framleiðslan á landinu. Einnig eru vaskir menn að vinna að verkefni í ferðamennsku sem ber heitið Grettis-tak. Þegar það verður orðið að veruleika, sem væntanlega verður sumarið 2007, geta menn þreytt vikingaprautir í sérstökum fjölskyldugarði og upplifað Grettis-sögu með myndrænum hætti í húsakynnum sem þessir nútíma víkingar hafa nú þegar fest kaup á.

### Þorpið á sinn bangsa

Vart er hægt að yfirgefa þorpið án þess að hitta einn dáðasta mann þess. Það birtir yfir hverju andliti þegar minnst er á hann Bangsa. Þegar spurt er hvað hann heiti réttu nafni verður hins vegar fátum svör. Fáeinir vita þó að Bangsi heitir réttu nafni Björn Sigurðsson. Blaðamaður rakst á hann í bókasafninu þar sem hann heldur iðulega til, starfsfólki og bókasafngestum til mikillar ánægju. „Ég hef aldrei verið kallaður annað en Bangsi og ég vona að þar verði engin breyting á,“ segir Bangsi meðan krakkarnir þyrpast að honum. Hann veiddi og verkaði áður hákarl, byggði sektur og sótti sjóinn hart en er nú kominn á eftirlaun og tekur lífinu með ró.

Það er glatt á hjalla á Hvammstanga þegar bókasöfn um land allt halda svokallaðan bangsadag hátíðlegan 27. október. Ekki þarf að geta þess að sá dagur er tileinkaður Bangsa á Bókasafninu á Hvammstanga og er hann þá knúsaður í bak og fyrir og sérstök bangsaterta borin á borð.



**BANGSADAGUR Á BÓKASAFNINU** Bangsi skipar mikilvægan sess á bangsadag sem haldinn er hátíðlegur á bókasafni Hvammstanga sem og öðrum bókasöfnum. Önnur bókasöfn búa þó ekki svo vel að hafa lifandi bangsa.

**ÍTALSKT SALAMI ER LOSTÆTI**

**Nýtt**

**ÍTALSKT SALAMI**

Besti seldi í Íslandi

SS fremstir fyrir bragðið



NÚ ER  
ÞAÐ ÓDÝRT!

# Gullið tækifæri!

AF HVERJU AÐ BORGGA MEIRA?



Dekor Kastanie/800

VERÐ FRÁ KR.:

186.100,-



Horizon/3000

VERÐ FRÁ KR.:

299.400,-



Soft Hvid/KF

VERÐ FRÁ KR.:

189.900,-



Soft Lud/KH

VERÐ FRÁ KR.:

199.900,-

NÝTT!



Eg Hvid-Dekor/900

VERÐ FRÁ KR.:

60.540,-



Dekor Hvid Bog/600

VERÐ FRÁ KR.:

68.736,-

*Bjóðum úrval vandaðra og gullfallegra innréttinga í eldhúsið og baðherbergið ásamt fataskápum í svefnherbergi og geymslur á frábæru verði.*

*„Settu það saman“ er ósamsetta línan frá HTH. Enginn afgreiðslufrestur – Afhent beint af lager.\* Kynntu þér málið – þú sérð ekki eftir því!*

**AEG**  
ELDHÚSPAKKINN



Horizon Hvid/3000

VERÐ FRÁ KR.:

86.436,-



Dekor Ramme Hvid Eg/2000

VERÐ FRÁ KR.:

59.330,-

33%  
afsláttur



ALLUR PAKKINN

99.900,-



\*Enginn eða mjög stuttur afgreiðslufrestur. Sölumenn okkar veita allar nánari upplýsingar. Birt með fyrirvara um innsláttarvillur í texta og verðum.

**RÁDIONAUST**  
FURUVÖLLUM • AKUREYRI  
HTH-deild • SÍMI 461-5003

**SETTU ÞAÐ SAMAN** **HTH**

**ORMSSON**

SMÁRALIND • SÍMI 530-2900

Opið virka daga frá 11-19, laugardaga frá 11-18 og sunnudaga frá 13-18.











## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.403 -1,75% Fjöldi viðskipta: 633  
Velta: 4.506 milljónir

## MESTA HÆKKUN

↑ HB Grandi 0,51%

## MESTA LÆKKUN

↓ Össur -3,91%  
Bakkavör -3,17%  
Dagsbrún -2,83%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVISITÖLU:** Actavis 55,30 -1,43% ... Alfosca 4,00 -2,44% ... Atorka 6,05 -1,63% ... Bakkavör 52,00 -3,17% ... Dagsbrún 6,53 -2,83% ... FL Group 26,00 -2,26% ... Flaga 3,85 +0,00% ... Íslandsbanki 20,10 -1,47% ... KB banki 921 -1,715% ... Kögun 66,50 +0,00% ... Landsbankinn 28,00 -1,75% ... Marel 68,30 -0,73% ... Mosaic Fashions 17,10 -1,16% ... Straumur-Burðarás 19,00 -1,55% ... Össur 110,50 -3,91%

## viðskipti

Umsjón:

nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

## Vinsælt sem Ericsson

Hlutabréf í FlyMe, sænska laggjaldflugfélaginu, hafa hækkað um 300 prósent frá áramótum og hafa verið svo vinsæl meðal fjárfesta að veltan hefur verið álika mikil og með hlutabréf í Ericsson. Griðarlegar hækkar á hlutabréfaverði og umfangsmikið og flókið hlutafjárútbóð hafa valdið mörgum miklum heilabrotum, meðal annars hjá fjölmörgum íslenskum fjárfestum og verðbréfamíðlurum. Þá var hlutaféð tífaldað og fengu þeir, sem áttu forkaupsrétt, að kaupa ný bréf á genginu þrjú aurar sem var verulegur afsláttur frá þáverandi markaðsgengi. Margir sem keyptu sér hlutabréf í FlyMe á þessum tíma gerðu sér ekki grein fyrir því að þátttökuréttur í útbóðinu var liðinn og keyptu því köttinn í sekknunum. Þeir sem seldu áttu hins vegar „kaupréttinn“ – seldu hátt og keyptu lágt!

## Óttinn við breytingar

Gömlu hlutabréfin og þau nýju hafa ekki runnið



saman í eitt en það gerist á næstunni.

Þannig eru tvenns viðskipti í gangi á sænska aðnum þótt um sömu bréfin sé að ræða. Gömlu bréfin kosta 8 auru en nýju hlutabréfin 6 auru. Þannig er hægt að kaupa nýju bréfin á 25 prósentu lægra verði. Afslátturinn var reyndar mun meiri í síðustu viku þegar nýju bréfin seldust á 7 auru en þau gömlu á ellefu. Hlutabréfasérfræðingur segir í viðtali við Dagens Industri að óvissan við breytinguna þegar öll hlutabréf FlyMe renna saman í eitt kunni að skýra þennan markaðsbrest; fjárfestar átti sig ekki á því hvert gengi bréfanna verði eftir samrunann.

## MARKAÐSPUNKTAR

Hagnaður fasteignafélagsins **Stoða hf.** nam rúmum 2 milljörðum króna á síðasta ári. Þetta er 766 milljónum króna minna en árið á undan.

Evrópski seðlabankinn hækkaði stýrivexti á evrusvæðinu um 0,25 prósent í dag og standa þeir nú í 2,50 prósentum.

Alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings segir að þremur stærstu bönkum landsins hafi tekið á síðastliðnum þremur árum að bregðast með betri hætti við sveiflum á gengis- og vaxtamarkaði hér á landi. Þá lítur matsfyrirtækið fyrra mat sitt á lánsþæfismati ríkissjóðs þar sem horfur breyttust úr stöðugum í neikvæðar.

## Hafna ásökunum um misferli í SPH

Eigendur Saxhóls vísa á bug ásökunum um að félagið hafi staðið í fjármögnun á kaupum annarra í SPH. Áttu einungis viðskipti með tvo hluti.

Jón Þorsteinn Jónsson, einn af eigendum Saxhóls og stjórnarformaður í SPV, vísar því algörlega á bug að félagið hafi fjármagnað kaup annarra aðila á stofnfjárlutum í SPH eins og kemur fram í gögnum sem Morgunblaðið hefur undir höndum og birtu á fimmtudaginn.

Í tilkynningu frá Fjármálaeftirlitinu til ríkislögreglustjóra eru ábendingar um möguleg brot A. Holding SA og Haga, dótturfélaga Baugs, Byggs ehf., Saxhóls ehf. og Íslensk-ameríska ehf. og beinist rannsókn efnahagsbrotadeildar á meintum ólöglegum viðskiptum beinist meðal annars að því.

Saxhóll keypti tvo stofnfjárluti í SPH í nóvember fyrir 180 milljónir króna sem samsvarar

rúmum 4,5 prósentum stofnfjár. „Við greiðum fyrir þá á lögmannsstofu [Lögmanns Laugardal] og ég fékk greiðsluvittun fyrir kaupnum. Síðan átti að málið að fara fyrir stjórn SPH til samþykkis.“ Lögmannsstofan var milliliður milli kaupanda og seljenda. Einhverjar tafir urðu á því að ganga frá endanlegu framsali, sem fór fyrir stjórn SPH, og telur Jón að Fjármálaeftirlitið hafi ekki viljað heimila frekari framsöl.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir skýringum frá Saxhóli og fékk greiðsluvittunina í hendur. „Við áttum einungis viðskipti með stofnbref eins og gengur og gerist á hverjum degi á Íslandi. Þetta er bara fjárfesting, enda er Saxhóll fjárfestingafélag.“ - eþa

## Ríkið truflar peningastefnu Seðlabankans

Lítill útgáfa ríkisvíxla vinnur á móti vaxta-hækkunum Seðlabankans. Ríkissjóður á nóg af peningum og Lánasýsla ríkisins gefur því ekki út víxla nema til að halda í horfinu. Vextir ríkisvíxla eru komnir undir vexti á reikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum.

„Auðvitað er þetta mjög bagalegt og truflar miðlunarferli peningastefnunnar þegar ekki eru til þau bréf sem vextir Seðlabankans þurfa að miðlast í gegnum og alvarlegt vandamál fyrir peningastefnuna,“ segir Arnór Sighvatsson, aðalhafgræðingur Seðlabanka Íslands.

Í síðasta útbóði ríkisvíxla, sem fram fór í byrjun vikunnar lækkðu vextir þeirra um 50 punkta. Skortur á ríkispappírnum hefur valdið því að vextir þeirra fara langt undir vexti á millibankamarkaði og staðan er nú þannig að vextir á ríkisvíxlum eru komnir undir vexti á reikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum. „Það má hins vegar segja að ríkið hafi ákveðnar skyldur á þessu sviði og sjái til þess að fljóttandi markaður sé með þessi bréf. Þá er ákveðið vandamál að ríkisstjórnin skuli ekki hafa þörf fyrir þessa útgáfu, en það gæti verið þess virði að halda þessum markaði í gangi. Útgáfan má ekki eingöngu taka mið af þörfum ríkissjóðs, heldur þarf líka að taka mið af þörfum markaðarins,“ segir hann og bætir við málið sé enn til umræðu innanhúss í Seðlabankanum.

Þórður Geir Jónsson, forstjóri Lánasýslu ríkisins, segir lánsfjárbörf ríkisins nálægt því enga og



Í SEÐLABANKANUM Arnór Sighvatsson, aðalhafgræðingur Seðlabankans, svarar spurningum þegar síðast voru kynntar breytingar á stýrivöxtum meðan Davíð Oddsson seðlabankastjóri horfir á.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



STEFÁN JÓHANNESSON STJÓRNARFORMAÐUR OG MAGNÚS V. SNÆDAL NÝR FORSTJÓRI Nýir eigendur og stjórnendur Tæknivals koma meðal annars frá Þekkingu.

## Tæknival ætti að skila hagnaði í ár

Magnús V. Snædal, sem starfaði sem sölustjóri hjá Þekkingu, hefur verið ráðinn nýr forstjóri Tæknivals og tekur við af Sigrúnu Guðjónsdóttur. „Þetta er mjög spennandi tækifæri. Við höldum að Tæknival eigi mikið inni og sjáum fram á aukna veltu og sölu á lausnum fyrir fyrirtæki.“

Að sögn Stefáns Jóhannessonar, stjórnarformanns Eignarhaldsfélagsins Byrs sem keypti Tæknival ásamt öðrum fjárfestum, vænta nýir eigendur þess að fyrirtækið skili hagnaði á þessu ári.

Umtalsvert tap varð á rekstri félagsins á síðasta ári til viðbótar við tap fyrri ára. Stefán segir að efnahagur félagsins verði styrktur, enda muni viðsnúningur kosta peninga. Velta félagsins var um 1,1 milljarður á síðasta ári.

Áfram verður unnið að þeim aðgerðum sem ráðist var í undir stjórn fyrri eigenda. Félagið mun einbeita sér að fyrirtækjamarkaði og lausnum fyrir þau. Leigusamningur Tæknivals í Skeifunni er laus og er í skoðun að flytja höfuðstöðvar félagsins. - eþa

## Fimmtungur í Finnair

Beinn eignarhlutur FL Group ásamt framvirkum samningum er kominn í 9,4 prósent af hlutafé Finnair. FL Group hefur verið að auka hlut sinn jafnt og þétt í finnska flugfélaginu undanfarnar vikur.

Næststærsti hluthafinn í

Finnair er Straumur með um ellefu prósent hlut þannig að íslensku fyrirtækin eiga nú um fimmtungu alls hlutafjár í finnska flugfélaginu.

Finniska ríkið er eftir sem áður stærsti eigandinn en hlutur þess er um 58 prósent. - eþa

38 prósent hlutafjár í fyrirtækinu sem framleiðir Eve Online skiptir um hendur:

## Novator kaupir CCP af Brú

**VIÐSKIPTI** Brú Venture Capital, fjárfestingarfélag í eigu Straums-Burðaráss fjárfestingabanka, hefur selt 38 prósent hlut sinn í tölvuleikjafyrirtækinu CCP. Kaupandi er NP ehf., félag í eigu Novators, fjárfestingarfélags í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar. Björgólfur Thor á stóran hlut í Straumi-Burðarási.

Söluverðið er ekki gefið upp en Gísli Hjálmtýsson, framkvæmdastjóri Brúar, segir söluina í samræmi við þá stefnu að selja eignir úr eldra eignasafni félagsins, sem er í raun tvískipt. Eldri hlutinn var stofnaður upp úr Íslenska hugbúnaðarsjóðnum, Talentu og fleirum, en svo er sjóðurinn Brú 2, sem



HI LMAR V. PÉTURSSON Hilmar er framkvæmdastjóri CCP, sem hyggur á landvinnu- inga á heimsvísu og horfir sérstaklega til Kína í þeim efnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

er í eigu Straums og lífeyrissjóða og leggur áherslu á nýjar fjárfestingar.

Aðalfundur CCP, sem bjó til netleikinn EVE Online, verður haldinn síðar í þessum mánuði og má þá búast við mannaskiptum í stjórn, að sögn Gísla, en eignarhlutur Brúar hefur tryggt félaginu tvo af fimm stjórnarmönnum.

„Við óskum nýjum eigendum til hamingju með kaupin, enda teljum við CCP eiga mikla möguleika og bjarta framtíð,“ segir Gísli og áreitar að tekið hafi að tryggja rekstrarstöðu CCP bæði á kostnaðarhlöðinni, en einkum með fjölgun áskrifenda, sem nú séu yfir 100 þúsund talsins. - ók



# TILBOÐ

## ACER 5672

**INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL**

**LENDIR Í DAG**

**Örgjörv** 1.66GHz Intel Core Duo T2300  
Með 667MHz FSB og 2MB flýtiminni

**Minni** 1GB Dual DDR2 533MHz  
Einfalt að stækka minnið í 4GB

**Harðdiskur** 80GB 5400RPM SATA  
5400RPM SATA harðdiskur

**Skrifari** 8xDVD±RW Slot DL skrifari  
Skrifar DVD diska og CD-RW

**Skjá** 15,4" WXGA WideScreen skjár  
Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite

**Skjákort** 128MB ATI Radeon X1400  
Sjálfst.minni, PCI-E 16X, TV-út

**Hátalarar** Hljóðkerfi með 2 hátölurum  
Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi

**Netkort** Gigabit 10/100/1000 netkort  
Einnig innbyggt 56k mótald

**Práðlaus** 54Mbps bráðlaust netkort  
Innbyggt 802.11g með lofneti í skjá

**Stýrikerfi** Windows XP Home - SP2  
A íslensku eða ensku

**Anna** Vefmyndavél og kortalesari  
Hvoru tveggja innbyggt í tölvu

### ACER 5672WLMi 1.66GHz DUO T2300 FERÐAVÉL

**INTEL CORE DUO**  
Intel Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða



**15,4" CRYSTALBRITE**  
Nýjasti 15,4" WXGA CrystalBrite skjárinn, 16ms viðbragðstími með ótrúlegri dýpt og skerpu



**8xDVD± SKRIFARI**  
Super multi 8xDVD DL geisla-skrifari með Slot Load rauf sem þú stingur diskum beint inn í




**128MB ATI X1400**  
Nýjasta PCI-E 16X ATI skjáskort með sjálfstætt 128MB minni og möguleika á 512MB HyperMemory



**TENGINGAR**  
Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 4xUSB2, VGA, DVI, TV-út, PCMCIA, kortalesara ofl.



**VEFMYNDAVÉL**  
1.3 Megapixel Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjánn með 225° snúningsmöguleika



**VL15**  
Samtals kr. 155.169

**VERÐ 149.900**

**9.993**

**TOSHIBA M70-134**



**VL12**  
\*Samtals kr. 101.341  
**8.158**

**TOSHIBA**

1.73GHz Intel Pentium M Dothan740 örgjörvi með 2MB flýtiminni  
512MB DDR2 533MHz minni • 60GB 5400RPM harðdiskur  
8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA Widescreen skjár  
128MB Intel GMA900 skjáskort með TV-út • 10/100 netkort  
Práðlaust netkort • Windows XP PRO á íslensku eða ensku

**VERÐ 97.900**

**250GB HARDDISKUR**



**250GB**

**SPECIAL EDITION**

Special Edition harðdiskar frá Western Digital sem eru 7200RPM og með 8MB buffer



**FLUID BEARING**

Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri harðdiskum



**WESTERN DIGITAL**

Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harðdiskanir í dag á enn betra verði en áður



**VERÐ 7.990**

**SIMS 2**



SIMS 2 Open for Business er nýjasta viðbótin við SIMS 2 seríuna Besta verðið er alltaf í Tölvulistanum  
**VERÐ 1.990**

**RAINBOW SIX - 4**



Rainbow Six Lockdown er sá fjórði í röðinni og er heitasti skotleikurinn í dag á besta verðinu í Tölvulistanum  
**VERÐ 2.990**

**MIDDLE-EARTH II**



LOTR, Battle for Middle-earth II er flottasti herkænskuleikurinn í dag og hvergi á á betra verði  
**VERÐ 2.990**

**16xDVD SKRIFARI**



Hágæða hvítur NEC 355A 16x DVD +/- Dual Layer DVD skrifari sem er líka venjulegur skrifari  
**VERÐ 3.790**

Þú með fyrirvara um brenningar, myndbrenng og innslíðarvillur

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántöku-gjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

**TÖLVULISTINN**  
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**REYKJAVÍK**  
Nóatúni 17  
Sími 562 6730

**AKUREYRI**  
Glerárgötu 36  
Sími 464 7400

**KEFLAVÍK**  
Hafnargötu 90  
Sími 534 7400



# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru veitt í fyrsta sinn í gær.

## Góðverk gerð sýnileg

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru veitt í fyrsta sinn í gær. Sex einstaklingar og samtök hlutu verðlaunin en auk þeirra voru átján tilnefndir af dómnefnd sem vann úr yfir 200 tilnefningum frá lesendum blaðsins.

Líklega var fyrst hreyft við þeirri hugmynd fyrir hátt í þremur árum að efna til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins. Hugmyndin hefur svo lifað með okkur og þróast þar til í vetur að ákveðið var að taka af skarið og hrinda henni í framkvæmd. Við sem hér á blaðinu störfum erum stolt af því að Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins sé nú orðin að veruleika. Í framtíðinni verður veiting Samfélagsverðlaunanna árlegur viðburður og ætluin er að gera þau að eftirsóknarverðum heiðri fyrir þá sem þau hljóta.

*Alls staðar í samfélaginu eru samborgarar okkar að láta gott af sér leiða með margvíslegum hætti, gera eilítið meira en borgaraleg skylda segir til um, eða jafnvel miklu meira.*

Einhverjir kunna að spyrja sig hvers vegna við viljum veita Samfélagsverðlaun og hver sé tilgangur þeirra. Svárið er einfalt. Alls staðar í samfélaginu eru samborgarar okkar að láta gott af sér leiða með margvíslegum hætti, gera eilítið meira en borgaraleg skylda segir til um, eða jafnvel miklu meira. Markmið Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins er að gera slík verk sýnileg. Í fyrsta lagi vegna þess að þessir samborgarar okkar vinna iðulega störf sín í hljóði, jafnvel þannig að fáir vita af þeim aðrir en þeir sem góðverkanna njóta. Í öðru lagi langar okkur að heiðra fólk sem með alls kyns góðgerða- og sjálfboðastarfi gerir meira en hægt er að ætlast til af venjulegum borgurum. Síðast en ekki síst eru þessi góðverk dregin fram í dagsljósið vegna þess að þau kunna að verða öðrum til eftirbreytni og kynning þeirra getur þannig breitt út það sem vel er gert.

Ýmislegt sem vel er gert er viðurkennt á margan hátt, til dæmis á sviði menningar og lista, íþróttar og viðskipta svo eitthvað sé nefnt. Fréttablaðið er hreykið af því að efna nú til verðlaunaveitinga til handa þeim sem með breyttni sinni í stóru eða smáu hafa tekið að sér hlutverk sem hafa gert mörgum eða fáum gott.

Viðbrögð frá lesendum létu ekki á sér standa þegar til þeirra var leitað við að tilnefna til Samfélagsverðlaunanna. Líðlega 300 tilnefningar bárust og tóku til yfir 200 einstaklinga og samtaka í þeim sex flokkum sem verðlaunin náðu til. Þegar tilnefninga-fresturinn var runninn út tók dómnefnd við. Blaðið var svo heppiligt að fá til liðs við sig öndvegisfólk, þau Davíð Scheving Thorsteinsson, Guðjón Friðriksson og Svanfríði Jónasdóttir, sem lögðu af mörkum óeigingjarnt og gott starf. Verk dómnefndar var umfangsmikið og iðulega stóð hún frammi fyrir því að valið var erfitt milli þeirra fjölmörgu sem lesendur höfðu tilnefnt.

Verðlaunahöfum og öllum tilnefndum er hér óskað til hamingju með að vera í hópi þeirra sem valdir voru til að hljóta Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í fyrsta sinn. Allt þetta fólk er svo sannarlega verðugt þess að athygli sé vakin á verkum þess og á þakki skildar fyrir framlag sitt til að gera samfélagið okkar betra.

MARKAÐURINN

Mest lesna  
viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIDVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000

Samkvæmt fjölmörgum Gallup október 2005.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Heimsviðburður

Hlutverk þingmanna er í ákveðnum skilningi að breyta þjóðfélaginu til batnaðar. Skilningur þeirra á þessu hlutverki er misjafn og forgangsröðun mála eftir því. Vopn þeirra er löggjafarvald og vettvangur þeirra er Alþingi.

Segja má að íslenskar þingkonur hafi farið afar óhefðbundna leið í þessu hlutverki sínu í fyrirkvöld þegar þær fluttu Píkusögur eftir Eve Ensler á sviði Borgarleikhússins. Þetta gerðu þær í þágu V-samtakanna sem vinna gegn nauðgunum og ofbeldi á konum og fengu samtökin allan ágóðann af sýningunni. Það er áreiðanlega rétt mat Sívjar Friðleifsdóttur, þingkonu Framsóknarflokksins, þegar hún segir á vefsíðu sinni að Píkusögu-sýning þingkvennanna hafi verið heimsviðburður og ætti að fara á spjöld sögunnar. „Þetta er í fyrsta sinn sem konur kjörnar á þjóð-

þingi taka verkið til sýningar.“ Ekki var annað að heyrna en að karlar á þingi væru stoltir yfir leiksigrum starfs-systra sinna þegar maett var til leiks á Alþingi í gær.

#### Erfiður hlátur

Siv segir á heimasíðu sinni: „Strax í upphafi sýningarinnar gátum við á sviðinu fundið að áhorfendur voru mjög móttækilegir fyrir verkinu. Gaf það okkur kraft og þor til að leggja okkur allar í túlkunina. Sýningin tókst framúrskarandi vel. Bókstaflega allt gekk upp. Sorglegu kaflarnir snertu við áhorfendur og myndu hlutar verksins komu salnum til að veina úr hlátri. Líklega skemmtu allir, bæði við og áhorfendur, sér mest í stunukaflanum svokallaða. Drífa Hjartardóttir tók trú-ræknisstununa, hálftrúærknisstununa og óperusöng-

konustununa. Ég tók áður-stununa, næstum-stununa, akúrat-þarna-stununa og vélbyssustununa. Síðan tókum við, konurnar á Alþingi, þrjár óvæntar raðfull-nægingarstunur salnum til skemmtunar. Nokkrir þingkarlar voru á sýningu starfs-systra sinna í fyrirkvöld, þeirra á meðal Steingrímur J. Sigfússon. Siv segir svo frá: „Mér skilst að Steingrímur J. Sigfússon hafi átt hvað erfiðast á sýningunni þegar Drífa Hjartardóttir tók trú-ræknisstununa, sem var tjáning án hljóða, því hann hló svo mikið að hann fékk tak í nýgróin rifbeinin.“ Í lok sýningarinnar var meðal annars kallað ofan af sviðinu: Þegar búið verður að útrýma ofbeldi gegn konum...“ Gall þá í Ögmundi Jónassyni sem stóð upp í salnum: „Þá geta konur gengið óhræddar heim á kvöldin.“ Einn leikhúsgestanna muldraði þá með sér: „Er hann nú farinn að grípa fram í hér líka.“

johannh@frettabladid.is

## Samþykki og umburðarlyndi

Eitt sinn var minn gamli, góði lærimeistari Friedrich von Hayek staddur á ráðstefnu, þar sem margt var skrafað. Hann dottaði um stund, reis síðan skyndilega upp og sagði: „Nútímamenn hafa gleymt muninum á samþykki og umburðarlyndi.“ Þetta var viturlega mælt. Við þurfum ekki að samþykkja eitthvað, þótt við hljótum að umbera það. Vesturlandamenn lærðu umburðarlyndi í blóðugum trúarstjórjöldum allt frá miðöldum og fram á átjándu öld. Reynslan kennaði þeim að vera sammála um að vera ósammála, þótt þeir áskildu sér síðan hver og einn rétt til eigin skoðunar.

Mér verður hugsað til orða von Hayeks, þegar ég horfi á fréttamyndir af mótmælaaðgerðum múslima um víða veröld gegn skopmyndum af Múhameð í dönsku blaði. Svo virðist sem þátttakendur í þessum aðgerðum telji, að dönsk stjórnmöld verði að bera ábyrgð á skopmyndunum. En þeir gera sér ekki grein fyrir muninum á samþykki og umburðarlyndi. Í Danmörku þurfa stjórnmöld ekki fremur en á Íslandi að samþykkja eitthvað, þótt þau hljóti að umbera það. Eini aðilinn, sem ber ábyrgð á skopmyndunum, er auðvitað danska blaðið, sem birtir þær.

Við getum verið samþykk eða ósamþykk danska blaðinu, en það er fráleitt að kenna allri dönsku þjóðinni eða stjórnmöldum í landinu um birtingu þessara skopmynda. En þetta leiðir hugann að því, að hugsunarháttur sumra múslima virðist vera afar ólíkur því, sem gerist á Vesturlöndum. Getur verið, að umburðarlyndi sé snarari þáttur í islam en kristni? Samuel Huntington, sem

### Í DAG TRÚMÁL

HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON



*Prátt fyrir margar sannar sögur af óumburðarlyndi kristinna manna fyrr á öldum verður að minna á, að í kristni er falinn skýr greinarmunur á andlegu og veraldlegu valdi. Menn eiga að gjalda keisaranum það, sem keisarans er, og Guði það, sem Guðs er, sagði Kristur.*

hefur skrifað merkilegt rit um ný áttakamál að kalda stríðinu loknu, bendir á, að munurinn á Múhameð og Kristi er, að Múhameð var í senn spámaður og herforingi, en Kristur var langt frá því að vera hernaðarsinni. Múhameð þeysti um á fráum hesti og sveiflaði sverði, en Kristur var krýndur þyrnikórónu og krossfestur.

Prátt fyrir margar sannar sögur af óumburðarlyndi kristinna manna fyrr á öldum verður að minna á, að í kristni er falinn skýr greinarmunur á andlegu og veraldlegu valdi. Menn eiga að gjalda keisaranum það, sem keisarans er, og Guði það, sem Guðs er, sagði Kristur. Þessi munur er ekki nærri því eins skýr í islam. Þar hefur iðulega sami maður ráðið andlegu og veraldlegu lífi,

og svo er raunar enn í löndum eins og Íran. Óumburðarlyndi sumra múslima kann að stafa af þessu. Þeir hafa aldrei lært að gera greinarmun á andlegu og veraldlegu valdi. Þess vegna halda þeir, þegar dönsk stjórnmöld umbera eitthvað, að þau séu um leið að samþykkja það.

Við Vesturlandamenn getum ekki látið trúarofstækisfólk í löndum múslima svipta okkur því hugsunarfrelsi, sem er dýrkeyptur ávöxtur frelsisbaráttu fyrri alda. Við verðum að mega gagnrýna islam, eins og múslimar hljóta að mega gagnrýna kristna trú. En munurinn á samþykki og umburðarlyndi snýr raunar líka að öðru nýlegu álitamáli íslensku. Samkynhneigt fólk á Íslandi hefur háð merkilega réttindabaráttu, sem á allan minn stuðning, og er nú svo komið, að menn af sama kyni geta lögum samkvæmt hafið staðfesta samvist.

Séra Karl Sigurbjörnsson, biskup Þjóðkirkjunnar, er hins vegar tregur til að ganga lengra og leyfa hjónabönd fólks af sama kyni innan vébanda kirkjunnar. Margir hafa hneykslast á honum. Ég hef oft gagnrýnt séra Karl fyrir vanhugsuð ummæli um stjórnmál. En hér hafa gagnrýndur biskups fæstir reynt að skilja hann. Að skoðun hans er hjónabandið sakramenti, sem er sérstaks eðlis og ekki unnt að breyta með einu pennastríki. Kirkjan eigi ekki frekar en aðrir að þurfa að samþykkja eitthvað, sem hún telji í ósamræmi við hlutverk sitt, þótt hún hljóti að umbera það. Það er síðan annað mál, að orð séra Karls væru eðlilegri, hefðu ríki og kirkja verið skilin að, eins og sjálfsagt er, ekki síst kirkjunnar vegna.

### ÞAU VORU Í FRÉTTUM VIKUNNAR

#### Vestanvindar

Eftir mikla orrahríð sá Ólína Þorvarðardóttir sér ekki stætt á að sitja áfram sem skólameistari Menntaskólans á Ísafirði og bað um lausn frá embættinu þegar ráðningartímabili hennar lýkur í sumar.

#### Best í heimi

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, hefur blásið til sóknar og vill að Háskóli Íslands skipi sér í röð 100 bestu háskóla heims á næstu árum.

#### Tap fyrir Trínidad og Tóbago

Eyjólfur Sverrisson stýrði landsliði karla í knattspyrnu í fyrsta sinn á þriðjudag þegar Ísland beið lægri hlut gegn Trínidad og Tóbago. Það gengur bara betur næst.



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFJÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



# Töskutílbúð

Ný sending 2006 árgerð



**FRÁBÆRT  
VERÐ!**

**Aðeins  
4.990.-**  
Þriggja tösku sett.

**OUTBACK**

### Ferðatöskuset

3 Outback ferðatöskur í setti

Vörunúmer: 402x3

Þrjár ferðatöskur í setti á hjólum með handfangi að ofan. Stílhrein og falleg hönnun.

**OUTBACK**

### Ferðatöskuset

3 Outback ferðatöskur í setti

Vörunúmer: 4023016

Mjög góðar og vandaðar ferðatöskur frá Outback. Þrjár ferðatöskur í setti á hjólum með handfangi að ofan. Stílhrein og falleg hönnun.

**Aðeins  
9.990.-**  
Þriggja tösku sett.

**FRÁBÆRT  
VERÐ!**



**FRÁBÆRT  
VERÐ!**

**Aðeins  
13.990.-**  
Fjögurra tösku sett.

**OUTBACK**

### Ferðatöskuset

4 Outback ferðatöskur í setti

Vörunúmer: 4023008

Mjög góðar og vandaðar ferðatöskur frá Outback. Fjórar ferðatöskur í setti á hjólum með handfangi að ofan. Stílhrein og falleg hönnun.

**DESIGN GO**  
**Ferðavörur**  
GO ferðavörur á 20% afslætti í mars

**20%  
AFSLÁTTUR**



**Verið tilbúin  
í fríið!!!**

# Office 1 Superstore





## Hve glöð er vor æska?

UMRÆÐAN  
UPPELDI BARNNA



GUNNHILDUR SÆMUNSDÓTTIR

Vert er að vekja athygli á ráðstefnu, sem haldin verður í dag, föstudag, á Grand Hótel, sem fjallar um æskuna, eins og yfirskrift þessarar greinar bendir til, og stöðu fjölskyldunnar í nútímasamfélagi. Þar munu fulltrúar ýmissa samtaka og stofnana fjalla um barnið, æskuna og hvernig samfélagið allt ber ábyrgð á æsku þessa lands.

Enginn mótmælir því að foreldrar eru fyrstu og áhrifamestu uppalendur og kennarar barna sinna. En fleiri aðilar koma að uppleldi á einu barni, reyndar svo margir að það hefur verið sagt að það þurfi þorp til að ala upp barn. Í þessu þorpi eru leikskólarnir gríðarlega áhrifamiklir í uppleldi barna, því flest börn á aldrinum 2ja til 6 ára eru í leikskóla 8-9 tíma dag hvorn. Síðan taka grunnskólarnir við, skóladagvistin, íþróttahúsin, nágrannarnir, verslunareigendur og fólkið í þorpinu. Það eru því nánast allir hinu fullorönu sem mæta barninu sem hafa mólandi áhrif á uppleldi þess með einum eða öðrum hætti. Því hlýtur það að vera mjög mikilvægt að hinir fullorönu geri

sér grein fyrir þessum áhrifum sínum og ekki síður að þeir séu tilbúnir að axla sína ábyrgð á uppleldi barnanna í þorpinu og velji að veita börnunum jákvætt og uppbyggjandi veganesti.

Nú gæti einhver hugsað hvort ekki væri til of mikils ætlast af fólki almennt að það beri ábyrgð á uppleldi á börnum sem það þekkir ekki neitt. Þeim sem það hugsa mætti svara með tilvísun í mismunandi sjónarmið, t.d. hagkvæmissjónarmið og siðferðislegt sjónarmið. Hagkvæmissjónarmiðið er kannski augljóst, börnin í þorpinu eru börn í dag en munu erfa landið og taka við stjórn þess þegar fram líða stundir og við sem erum fullorðin í dag gætum orðið ansi háð þeirra gildum og lífsviðhorfum síðar. Maður uppsker nefnilega eins og maður sáir.

Siðferðislega sjónarmiðið er kannski ekki eins augljóst og því mjög ógrandi og að mínu mati mjög þarft að velja því fyrir sér. Á ég að gæta bróður míns?

Á ráðstefnunni verður m.a. varpað ljósi á þessi siðferðilegu gildi og viðhorf til barna. Að ráðstefnunni standa fjögur bæjarfélög: Garðabær, Mosfellsbær, Reykjanesbær og Seltjarnarnesbær. Skráning fer fram á [www.congress.is](http://www.congress.is). Hvað ungur nemur, gamall temur.

Höfundur er leikskólafulltrúi Mosfellsbæjar.

## Múhameð, tjáningarfrelsið og hegningarlögin

UMRÆÐAN  
MYNDBIRTINGAR  
JÓTLANDSPÓSTS-  
INS



HAUKUR LOGI KARLSSON

Myndbirtingar Jótlandspóstsins danska af Múhameð spámanni hafa vakið mikil og sterk viðbrögð um allan heim. Vestrænir mannréttindapostular tjá reiði sína með áframhaldandi myndbirtingum á meðan múslimar líkama móðgun sína í mólotovkokteilum á sendiráðsveggjum danska ríkisins. Hjartnæm skrif ýmissa frömuða þjóðarinnar um hversu nauðsynlegt það sé að leyfa hömlulausa umræðu hafa ekki farið framhjá neinum. Brýnt hefur verið fyrir þjóðinni að lýðskrumurum megi aldrei leyfast að skerða tjáningarfrelsið með rökum trúarfstækis í krafti ofbeldis.

Mikilvægt atriði hefur reyndar gleymst að mestu í umræðunni. Það vill svo óheppilega til að í 125. gr. almennra hegningarlaga segir: Hver, sem opinberlega dregur dár að eða smáan trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragða-

félags, sem er hér á landi, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 3 mánuðum... Að auki má benda á hæstaréttardóm frá árinu 1984 þar sem forsprökkum tímaritanna Spegilsins og Samvisku þjóðarinnar var dæmd refsing á grundvelli áður nefnds ákvæðis. Sakarefnið var að birta bæði í lesmáli og myndmáli háð um Þjóðkirkjuna. Það þótti auka á saknæmi brotsins að trúarkenningar kirkjunnar voru á háðskan hátt tengdar mjög alvarlegum glæpum. Annað þekkt tilvik um meint brot gegn sama ákvæði var páskaþáttur Spaugstofunnar árið 1997 þar sem „blindir fengu Sýn“ og fleira í þeim dúr. Ríkissaksóknari tók umræddan þátt til rannsóknar án þess þó að gefin væri út ákæra.

Samkvæmt þessu hefði myndbirting Jótlandspóstsins mögulega verið refsiverð á Íslandi. Ekki verður annað séð en að rökstuðningur Hæstaréttar í Spegilsmálinu eigi nánast orðrétt við um skopmyndirnar af Múhameð spámanni. Þar eru einmitt trúarkenningar múslima tengdar alvarlegum glæpum á borð við sjálfsmorðsárásir og hryðjuverk. Hitt er svo annað mál hvort ákvæðið standist 73. gr. stjkskr. þar sem fjallað er um tjáningarfrelsið. Undanþágur frá mannréttindaakla

stjórnarskrárinnar hafa verið víkjandi á undanförunum árum og gildisvið þeirra þrengst. Þannig er óvíst að dómstólar í dag kæmust að sömu niðurstöðu og árið 1984. Sérstaklega ber að líta til dóms Mannréttinda-dómstóls Evrópu frá 1992 þar sem íslenska ríkið var talið hafa brotið gegn tjáningarfrelsisákvæði MSE með lagaákvæði sem bannaði móðganir í garð opinberra starfsmanna. Vel mætti hugsa sér að sömu sjónarmið ættu við um 125. gr. hegningarlaga. Að sú takmörkun sem hún setur tjáningarfrelsinu sé ekki nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi heldur sé þvert á móti til þess fallin að þola háðsglósar um málefni sem varða almenning miklu líkt og árekstrar menningarheima gera um þessar mundir.

Hvers vegna er annars nauðsynlegt að vernda trúarskoðanir gagnvart háði með refsilögum þegar aðrar lífsskoðanir fólks geta verið skotsþónn háðfugla refsilaust? Þannig verða t.d. þeir sem aðhyllast stefnu ákveðinna stjórnmálaflokka að þola háðsglósar um stjórnmálaskoðanir sínar bótalaut. Trúrækni er ekki og á ekki að vera merkilegra áhugamál en hvað annað. Enda hefur Guð verið dauður nokkuð lengi.

Höfundur er laganemi og framskórnarmaður.

## Eigum við að stofna nýjan flokk?

UMRÆÐAN  
PÓLÍTIKAR  
HRÆRINGAR Á  
ÍSLANDI



BENEDIKT S. LAFLEUR

Kæru Landar, látið ekki gleppast af gylliboðum nýkjörinna Prófkjörsmanna, þó hagsmunir ykkar séu í veði og þeir séu klárir.

Alveg er þetta dæmigert fyrir mig og kettina mína í Listasetrinu að Hólmaslóð 4: Á sama tíma og íslenskir stjórnmálamenn bjóða fram þrælsterka framboðslista í þrælsterkum úrslitum, langar mig til að stofna nýtt stjórnmálaaf. Já, þetta geri ég reyndar svolitíð gegn betri vitund. Númeralógían kennir mér nefnilega að forsprakkar Samfylkingarinnar séu miklir meistarar. Sömu sögu er að segja um jálkana í Framsókn, Hvað sem hver segir spái ég þeim velgengni. Ég er þó ekki alveg jafn viss um

framtið Kristins óþekktarorms, sem ég deili helst skoðunum með en fær á baukinn fyrir að gagnrýna Flokkselítuna. Meira að segja Steini gamli puttaslysari er líka óánægður, þó hann sé hættur, en heldur sér í formi með Angelica og nennir ekki að byrja á nýjum ævisögum tengdar öðrum Flokki. Engin teikn eru um grundvallarbreytingar á Flokknum, að minnsta kosti ekki jafn afdrifaríkum og urðu á þeim bæ í stjórnartíð með Sjálfstæðisflokknum. Í raun gæti Framsóknarflokkurinn allt eins verið annar vængur Bróðurflokksins í Valhöll, kannski bara úreltur landsbyggðarflokkur hins stóra höfuðborgarflokks í mótun?

Á þessu tímaskekkjuskveiði Framsóknar til hægri, hefur Samfylkingin eiginlega gleymt sinni fyrri vinstri stefnu sem átti að vera róttæk, þó hann skildi við Vinstri Græna og tekið við miðjuhlutverki Framsóknarflokksins til forna í meginatriðum. Nema í umhverfismálum, þar hefur Flokkurinn látið peningahyggjuna ráða og metið atkvæðaóvissuna þannig að hann ætti að tvístrast í afstöðunni til Hálandisins, svo hann fengi sem flesta til liðs við sig.

Og Vinstri Grænir gerðu útslagið með því að vilja meiri völd en misstu um leið þau tök sem þeir áttu og Steingrímur J. getur í fyrsta sinn farið í ærlegt frí og finnst hann ekki vera nauðsynlegur, þó hann sé trúlega einn nauðsynlegasti aðhaldsþingmaður Íslands...Þetta breytir ekki því að Vinstri Grænir eru að verða tímaskekkja líka. Þeim er svo í nöp við peningamennina sem færa samt aurana í kassann og borga ekki aðeins undir þá nýja stóla heldur gera Ísland að stórveldi á borð við bresku og dönsku krúnurnar til samans, að andstöðuremman finnst af þeim langar leiðir og ekki veit ég hver framtið þeirra yrði, hvað þá framtið litlu kapítalistanna sem reyna að rembast við að reka fyrirtæki án nokkurrar hvatningar, ef þeir yrðu einráðir á Íslandi. Samt verður maður að kjósa þá til að landinu verði ekki endanlega eytt og breytt í niðursuðudós tilbúin til útflutnings og / eða þar til maður kemst sjálfur á Þing!

Já, þar hitti maður naglann á höfuðið: Er þá ekki betra að eyða kröftunum í að umpóla neikvæðina í jákvæða uppbyggingu og fá alla frústreruðustu stjórnmála-

menn landsins, líka Reynsluboltana í Bransanum, ásamt öllum hugsjónafólkinu, til liðs við sig. Og búa til nýjan Flokk! Já, Flokk sem sameinar allt hið jákvæða úr hinum flokkunum - og hristir því saman við ferskar og göfugar hugsjónir lifandi stundar. Flokk sem er ekki að reyna að færa miðju, heldur er í Miðjunni, án þess þó að verða leiðinlegur Miðjumóðflokkur sem ekur seglum eftir vini - allan tímann. Flokk sem forðast öfgar og sem vill halda landinu hreinu í sálarjafnvægi heillrar þjóðar. Flokk sem berst fyrir réttlæti og friði í heiminum og beitir ekki til þess vopnaburði, heldur stefnir helstu leiðtogum heims á Friðarþing. Flokk sem tekur sjálfstæðar ákvarðanir í öllum málum og styður einkaframtakið með ráði og dáð í þágu heildarinnar. Flokk sem vill breyta forgangsröðinni og eyða fjármunum fremur í forvarnir en vonlausar og endalausar plásturstilraunir. Flokk sem breytir vini í berjasafa - því enginn hefur lengur áhuga á að drekka sig fullan ef hann fær að fylgja draumum sínum og köllun eftir - og kemur á jafnvægi í þjóðarbúskapnum með skynsamlegum fjárfestingum í samvinnu

við Peningamennina og styður útrás þeirra og landvinninga svo framarlega sem þeir (ekki bara Björgólfur) styðja menninguna og hin varanleg gæði landsins. Flokk sem kann að markaðsetja Ísland út frá heilbrigðri og fjölskylduvænni pólitík sem börnin okkar geta hlakkað til að erfa.

Kæru Landar, látið ekki gleppast af gylliboðum nýkjörinna Prófkjörsmanna, þó hagsmunir ykkar séu í veði og þeir séu klárir. Látið ekki kaffæra óánægjuraddir ykkar í peningabvætti flokka sem alltaf eru að Nálgastr... ef ekki hið hárfína jafnvægi miðjunnar, þá eitthvað annað óskilgreinanlegt. Gerið eitthvað í málinu Núna. Kjósið yfir ykkur Flokk Hugsjóna ykkar ekki seinna en í Dag, Kristinn, Steingrímur og þið, allir hinir... Já, takið höndum saman - þetta er ekki bara brandari. Sá flokkur gæti heitið: Íslenski Miðjuflokkurinn, eða bara Miðjuflokkurinn, eða kannski öllu heldur: Nýir og óháðir... eða eitthvað á þá lund. Hann gæti meira að segja heitið: Breiðfylkingin. En þá er ég viss um að færi um suma. Lifið heil!

Höfundur er rithöfundur.



betra bragð  
betri gæði  
betra verð

THAI  
heritage

na na thai

Allt í tælenska matinn

Skeifan 4 • s. 5881818



## ÍSLENSK HÖNNUN Í NÝRRI VERSLUN

Í dag verður opnuð verslunin KVK þar sem íslensk fót og skart fylla hillur og rekka. Fatahönnuðurnir Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir og Íris Eggertsdóttir eiga veg og vanda af búðinni.

LANGUR LAUGARDAGUR 5



## MANGÓ FYRIR BLÓÐLAUSA

Mangó er ættaður frá Asíu og er einn vinsælasti suðræni ávöxturinn. Hann er ríkur af vítamínum, steinefnum og járni.

MATUR 6



# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

[MATUR TILBOÐ]

**Gallerí** Húsgögn að Dalvegi er með allt að sjötíu prósentu afslátt af vörum sínum um helgina á lokadögum útsölnnar.

**Duka** Kringlunni er með tuttugu prósentu afslátt af stálpottum.

**Flúðasveppirnir** eru nú komnir í nýjar umbúðir. 250 gramma sveppaöskjurnar er nú orðnar svartar á lit í stað fyrir að vera bláar. Var þetta gert svo neytendur ættu auðveldara með að greina milli íslenskra og erlendra sveppa.

**Kauphlaup** í Smáralind um helgina. Mikíð af góðum tilboðum á nýjum vörum.



Ómar Guðjónsson gítarleikari.

## GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn  
3. mars, 62. dagur ársins  
2006



Sólarupprás	Hádegí	Sólarlag
Reykjavík	8.29 13.40	18.52
Akureyrri	8.17 13.24	18.33

Heimild: Almanak Háskólans

## Eldar einfalda og fljótlega rétti

Ómar Guðjónsson er ekki bara leikinn á strengi gítarsins heldur er hann líka liðtækur í eldhúsinu og býr þar oft til eitthvað gómsætt.

„Ég hef gaman af að elda og hef prufað ýmislegt í eldhúsinu en er ekki fyrir mjög flókna rétti heldur læt meisturinum þá eftir,“ segir Ómar, sem á til bæði lærðra og leikra kokka að telja. Þekktastir eru líklega móðurbræður hans, Brynjar Eymundsson í Heitt og kalt og Óðinn Eymundsson hóteldari á Höfn. Ómar segir Óskar bróður sinn, saxófónleikara, líka hafa erfð matreiðslugenín. „Óskar er í allt öðrum klassa en venjulegur matarhugamaður eins og ég,“ segir hann brosandi og bætir við með ögn meira sjálfstrausti: „Ég hef þó smitast að einhverju leyti af honum og hef mallað eitt og annað í gegnum tíðina.“

Ómar hefur ekki alltaf mikinn tíma í

matreiðsluna og því eru einfaldir og fljótlegir réttir í upphaldi enda er hann oft að spila á kvöldin. Nú á sunnudagskvöldið ætlar hann til dæmis að spila í poppmessu í Vídalínskirkju í Garðabæ í tilefni æskulýðsdagsins þar sem gospelstend tónlist mun hljóma ásamt öðru. Ómar var æskulýðsfulltrúi Garðasóknar í tvö ár og ætlar nú meðal annars að leika undir hjá söngkonunni Rannveigu Káradóttur sem hefur tekið við því hlutverki af honum.

En fyrst ætlar hann að elda handa fjölskyldunni sojakjúkling sem er bæði góður og þægilegur í meðförum. Í hann notar hann kjúklingabringur sem hann brúnar á pönnu og raðar í eldfast mót, hrærir saman eina dós af satay-sósu frá Thai Choi, eina dós af jógúrt án bragðefna og 3-4 matskeiðar af hnetusmjöri með hnetum og hellir yfir kjúklinginn. Bakar þetta svo í ofninum í 15-20 mínútur og ber fram með salati, hrísgrjónum og brauði.



## Njótum náttúrunnar

Skoðið ferðaáætlun Útivistar á [www.utivist.is](http://www.utivist.is)

ÚTIVIST  
Leggðu land undir fót með okkur  
Laugavegi 17B, sími 562 1000  
[www.utivist.is](http://www.utivist.is)

## LISTMUNAUPPBOÐ

verður haldið á sunnudagskvöld, 5. mars,  
kl.19.00 á Hótel Sögu, Súlnasal

Boðin verða upp um 130 verk,  
þar á meðal fjöldi verka gömlu meistaranna.

Verið velkomin að skoða verkin í Galleríi Fold, Rauðarárstíg 14,  
í dag kl. 10.00 – 18.00, á morgun kl. 11.00 – 17.00  
og á sunnudag kl. 12.00 – 17.00.

Hægt að nálgast uppboðsskrána á netinu: [www.myndlist.is](http://www.myndlist.is)

LISTMUNASALA  
fold

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · [www.myndlist.is](http://www.myndlist.is)



Kristín Jónsdóttir



Jón Stefánsson



Jóhannes S. Karvald



# allt tilboð o.fl.

# 60%

Myllu fjölkornabrauðin í Krónunni eiga metið þessa viku hvað afslátt varðar. Þau lækka úr 238 krónum í 99 þannig að nú er gott að birgja sig upp af brauðum.



**Ropeyoga í Mjódd**

Ný námskeið hefjast 6. mars „Örfá pláss laus“

Lokaðir 6 manna hópar

Upplýsingar og skráning í síma 694 2595

**Tímatafla á kaerleikssetrid.is**



Þórdís Sigfúsdóttir  
Ropeyogakennari

**FJARDARKAUP**  
*okki bara vera!*

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Frosið lambalæri	898	998	898	10
FK Bayonne skinka	998	1.468	998	30
Svínaþókur úr kjötbörði	349	548	349	35
Ferskur kjúklingur	489	698	489	30
4 hamborgarar og brauð	298	438	75	30
Fersk jarðarber 250 g	159	298	636	45
Svínalundur úr kjötbörði	1.598	1.898	1.598	15
Gular melónur	95	129	95	25
Vatnsmelónur	129	139	129	5
Hatting smábrauð fin 10 stk.	145	198	15	26
Ídol ísinn 1 l	349	478	349	25
FK brauð 770 g	95	129	100	25
Farm frites franskur 750 g	99	198	132	50

Tilboðin gilda til 4. mars

**TRIND**  
ALLTAF NO. 1

Nú nýtt\*

Hin frábæra glernaglapjöl og hin frábæra priggja flata pjöl frá Trind í Magic Boxi



**TRIND**  
ALLTAF NO. 1

Útsalustaðir: apótek og snyrtivöruverslanir.

**HAGKAUP**  
*Skammtilegast að rorvís*


Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
DDV ís ping 72 ml	459	659	640	30
DDV ís súkkulaði	459	559	459	20
DDV ís vanillu	459	559	459	20
Anton Berg ísterta 1,5 l	899	1.099	600	20
Hatting fibre sandwich 8 stk.	369	Nýtt	369	
Hatting ciabatta m/pesto	279	Nýtt	279	
Jensens Spareribs 750 g	1.599	Nýtt	2.130	
Jensens kjúklingaréttur hot 500 g	499	Nýtt	1000	
Jensens kjúklingaréttur sweet-sour 500 g	499	Nýtt	1000	
Glyngör síld í bitum m/lauk 130 g	159	Nýtt	1.222	
Glyngör sinnepsíld í bitum 130 g	159	Nýtt	1.222	

Tilboðin gilda til 5. mars

Vesturbæingar! – Hugum að heilsunni

# ROPE YOGA

STYRKIR KVÍÐVÖÐVA - EFLIR BRENNSLU  
KYNNINGARTILBOÐ 4 VIKUR 9.900.-



Upplýsingar í síma 895 9016  
morgun og síðdegistímar

**KRÓNAN**

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Grísahakk Bautabúrs	589	841	589	30
Grísakótleitur Bautabúrs	959	1.599	959	40
Grísagúllas Bautabúrs	959	1.599	959	40
Svínasnitset Bautabúrs	959	1.599	959	40
Kindabjúgu 389 g	164	219	422	25
Skinka 279 g	160	229	573	30
Fruityo's morgunkorn 425 g	199	229	468	15
Charmin salernispappír 24 rl	998	1.199	42	15
Myllu Fjölkornabrauð 770 g	99	238	129	60
Frón heimiliskex 500 g	199	239	398	15

Tilboðin gilda til 5. mars

**GÍTARINN**  
HEJÓDFÆRAVERSLUN

Opð: Mán-Fös: 10-18  
Lau: 11-16

# Rafmagnsgítar

15W Magnari, Poki, Snúra, Ól, Stillitæski, Gítarneglur



Verð Kr. 22.900,-

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

**netto**

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Grísabógur reyktur úrb. (Hamborgarsteik)	484	967	484	50
Helgarlamb Miðjarðarhafskryddað	1.311	1.748	1.311	25
Goði skinka í bunka	179	359	179	50
Nætersöltuð ýsuflök	559	699	559	20
Medesterpýlsa reykt	414	828	414	50
Matf. kjúklingavængir magnkaup	199	299	199	35
Matf. kjúklingalæri magnkaup	399	599	399	35
Ísfugl kjúklingaleggir magnpakkn.	395	599	395	35
Bautar. dönsk sælkerasteik	849	1.299	849	35
Booster Þvottaefni 3 kg	199	399	66	50

Tilboðin gilda til 5. mars

**BÓNUS**

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Ernoz pizza salami 350 g	89	129	254	30
N.f ýsuflök roð og beinlaus frosin	599	799	599	25
N.f lúðubitar frosnir	999	Nýtt	999	
N.f laxabitar beinlausir	899	1.199	899	25
K.f blandað hakk	679	799	679	15
Búkonu reyktur lax í flökum	998	1.345	998	25
Euroshopper súrsæt sósá 500 g	98	Nýtt	198	
Euroshopper bakaðar baunir 420 g	29	Nýtt	69	
Euroshopper tekex 200 g	39	Nýtt		
Euroshopper eyrnappinnar 200 stk.	59	Nýtt	3	
Euroshopper bómullarskifur 80 stk.	59	Nýtt	7	

Tilboðin gilda til 5. mars

**NÓATÚN**

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Lambageiri með sælkerafyllingu	2.498	2.998	2.498	15
Lambalundur Toskana	2.998	3.590	2.998	15
Móa kjúklingur ferskur	398	699	398	45
Ítalskt salat 200 g	98	169	490	40
Napóli skinka - Goða	3.452	4.931	3.452	30
Ítalskt salami - Goða	1.581	2.259	1.581	30
Rana spaghetti ferskt 250 g	153	219	612	30
Rana Tortelloni pasta m.osti/spínat 250 g	279	398	1.116	30
Rana Tagliatelle pasta ferskt 250 g	160	229	640	30
Fiourucci Prosc. Parma skinka 80 g	440	629	5.500	30

Tilboðin gilda til 5. mars

**KASKO**

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Humar 500 g	399	599	399	35
Ísfugl kjúklingaleggir magnpakning	399	599	399	35
Borgarn. grísabógur léttreyktur úrb.	599	1.198	599	50
Smá rækja	199	299	199	35
Rauðvíns svínakótleitur	959	1.598	959	40
McCain pizzur risa	499	699	499	30
Pepsi 2 l	99	171	99	40
DF Biksemad 600 g	149	299	248	50
WC pappír 6 rl.	99	199	16	50
Myllu hungangskaka	249	389	249	35

Tilboðin gilda til 5. mars

# 48 DVD

Sparar þér sporin!

**Þú verður**

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Ferskur kjúklingur	535	669	535	20
Kjúklingalæri/leggir/magnbakki	519	692	519	25
BBQ leggir/magnpoki	421	468	421	10
Tex Mex vængir/magnpoki	261	348	261	25
Borgarnes grísahakki	622	716	622	13
Borgarnes Borgarnesbjúgu	458	573	458	20
Borgarnes Bayonneskinka	999	1.252	999	20

Tilboðin gilda til 8. mars





Nú er hægt að fá fræ og lauka á afslætti í BlómaVal.

## Ræktunarmarkaður

BLÓMAVAL FAGNAR KOMANDI VORI OG BÝÐUR ÝMSAR VÖRUR FYRIR GARÐINN Á TILBOÐI.

Á ræktunarmarkaði Blómavals má finna ýmsar vörur á tilboðsverði sem grænir fingur bíða spenntir eftir að komast í. Allir vorlaukar og fræ eru með þrjátíu prósentu afslætti. Ræktunarpottar og sáðbakkar eru á helmingsafslætti og sáðmoldin er seld með þrjátíu prósentu afslætti. Einnig má fá Jukkur á 599 krónur og Drekatré á 499 krónur. Úðabrusinn er svo á 99 krónur.

## Afsláttur í Útílífi

Í TILEFNI AF OPNUM Á NÝRRI VERSLUN ÚTILÍFS VERÐUR VEITTUR AFSLÁTTUR Á FJÖLMÖRGUM VÖRUM.

Útílíf opnar nýja verslun í Krínglunni og býður upp á fjölmörg tilboð í tilefni dagsins.

Allar North Face flíspeysur eru á tuttugu prósentu afslætti og hreyfigjörnum til gleði má fá reiðhjól á þrjátíu prósentu afslætti. Af nýju USA Pro vorlínunni er veittur tuttugu prósentu afsláttur og af öllum Nike lykin III barnagötuskóm er veittur tuttugu prósentu afsláttur. Kjöríð tækifæri til að birgja sig upp af góðum vörum á góðu verði fyrir sumarið.



## lagersala }

### Tískuföt lðunnar

lðunn tiskuverslun er með lagersölu þessa dagana á Sel-tjarnarnesi. Veittur er sjöttu prósentu afsláttur af öllum vörum en meðal þeirra merkja sem verslunin hefur á snærum sínum eru Garður, Gollas, Mac, Marcona, Seidenstick- er, Eterna, Ralph Lauren, Polo Jeans og Via Appia.



## tilboð }


### Héðan og þaðan



Skrifstofustólar frá Mark eru á þrjátíu prósentu afslætti hjá Á. Guðmunds-syni í Bæjarlind í Kópavogi.

Músík og Myndir í Hamraborg eru með alla geisladiska og DVD-myndir á helmingsafslætti. Tilboðið gildir fram á sunnudag.

Vaxtalaus tilboð eru á húsgögnum í verslunum Hagkaupa í Smáralind og á markaði Hagkaupa að Óseyri á Akureyri. Tilboðið gildir til 7. mars eða meðan birgðir endast.



Stóra bókamarkaðin- um lýkur á sunnudaginn og því síðustu forvöð að ná sér í góða bókatitla á vægu verði.

# Fataskápadagar hjá Axis

helgina 3.-5. mars



Opið

föstudag: 09:00 – 18:00

laugardag: 10:00 – 16:00

sunnudag: 13:00 – 16:00

## Ótal möguleikar

- Axis býður glæsilega fataskápa
- Margar viðartegundir
- Nýtt! Teak og ítölsk eik
- Rennihurðir og hurðir á lömum
- Margar gerðir af skúffum
- Ótrúlegt úrval af höldum
- Ýmsir auka- og fylgihlutir
- Lausnir í fataherbergi



**AXIS**

Smíðjuvegur 9 • 200 Kópavogur  
Sími 535 4300 • Fax 535 4301  
Netfang axis@axis.is  
Heimasíða www.axis.is

Íslensk hönnun og framleiðsla

# Temprakon hitajöfnunarsængin



## Sængin sem breytir öllu

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni.

Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.



Temprakon heilsukodddar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún, latex eða Tempur.



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is  
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16





## Lopapeysur

Stuttar, þröngar  
með rennilás

Handprjónasamband Íslands

Skólavörðustíg 19 • sími: 552 1890

[www.handknit.is](http://www.handknit.is)

marimekko®

**Full búð af  
vorfatnaði**


marimekko®

Laugaveg 56 • Sími 551 7600

Diza ehf er lífsstílsverslun sem selur bútasamsefni, prjónagarn og fatnað fyrir konur sem vilja skapa sér og sínum huggulegt umhverfi og fallegan fatnað til að njóta þess í.

**Tilboðsverð á  
bútasamsbókum  
föstudag og laugardag.**

Síðustu afsláttardagar á Lopa!



**Diza**

Ingólfsstræti 6 • [www.diza.is](http://www.diza.is)  
opið 11-18 virka daga • 12-16 laugardaga

**VOR**  
VÖRURNAR  
KOMNAR

BOUTIQUE BELLA

SKÓLAVÖRDUSTÍG 5

SÍMI 551 5215

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI

**550 5000**



Eigendur Bungu, þau Einar Þór Ólason og Lucky R. Ólason, fara sjálf út til Indónesíu að velja vörurnar í verslunina.

## Bunga þýðir blóm

Húsgögn og handunnar gjafavörur frá Indónesíu eru aðalsmerki verslunarinnar Bungu.

Á horni Laugavegar og Klapparstígs, þar sem verslunin Hygea var áður, er nú komin ný búð. Hún heitir Bunga - Handicraft gallery. „Bunga þýðir blóm,“ segir afgreiðslumaðurinn brosandí. Hann heitir Einar Þór Ólason og reynist vera eigandi verslunarinnar, ásamt konu sinni Lucky R. Ólason. Þarna eru gjafavörur úr kopar, messingi, áli, tauti og fleiri efnum. Að sögn Einars er ekkert af verksmiðjufrumleiddum munum í búðinni heldur eru vörurnar handunnar. Vegleg húsgögn úr tekki og mahóní fást líka í Bungu og boðin er frí heimsending á þeim. „Okkur finnst sjálf-sagt að láta flytja vörurnar heim til fólks þegar um jafn þunga hluti og húsgögn er að ræða,“ segir Einar. Einungis er flutt inn eitt stykki af hverju húsgagni þannig



Þessi guli lampi er óneitanlega glæsilegur. Hann kostar 36.000.

að engin tvö eru eins. „Þegar við förum út að ná í meira komum við með eitthvað alveg nýtt,“ lofar Einar Þór.



Salatsett úr áli kostar 5.800



Koparljós á veggina kostar 11.500.



Koparvasar fást í ýmsu formi í Bungu og kosta frá 8.500.

**48 DVD**

**Byltingarkennd  
tækninýjung!**

Handsmíðaða  
skartið hennar  
Önnu Maríu



ANNA  
MARÍA  
DESIGN  
GULLSMÍÐUR

Skólavörðustígur 3

Sími 551 0036



# Rokkmantík og Kow fyrir íslenskar konur

Það er alltaf jákvætt þegar íslenskir hönnuðir ná að koma vörum sínum á framfæri. Í dag verður opnuð ný verslun þar sem íslensk föt og skartfylla hillur og rekka.

Verslunin heitir kvk og er á Laugavegi 27. Fatahönnuðirnir Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir og Íris Eggertsdóttir eiga veg og vanda af búðinni en þær ráku áður verslunina Þjúra.

Íris og Kolbrún eru hvor með sína hönnunarlínuna en öll fötin í versluninni hafa þær hannað sjálfar. Lína Kolbrúnar kallast Kow en lína Írisar Rokkmantík, en auk þess selja þær eigið skart og vel valda aðkeypta gripi.

Það er löng leið frá hugmynd að flík. „Það er mismunandi hvernig hugmyndavinnan fer fram. Stundum stinga hugmyndirnar bara upp kollinum, stundum koma þær út frá öðrum flíkum sem við útfærum svo eftir eigin höfði og stundum sjáum við efni sem okkur langar að vinna með,“ segir Kolbrún. „Svo prófum við að sníða og sauma en við saumum öll fötin sjálfar í vinnustofunni okkar.“

Í kvk er hægt að finna

flíkur bæði fyrir finu boðin og hvunndaginn. „Við leggjum mikið upp úr fallegum en jafnframt þægilegum fötum. Það er vel hægt að vera smart í þægilegum fötum,“ segir Kolbrún.

Eins og nafn verslunarinnar gefur til kynna er búðin ætluð fyrir konur. Í framtíðinni stefna Íris og Kolbrún þó á að gefa út sameiginlega línu og að innan hennar verði einhver karlmannsföt, íslenskum karlpeningi til ómældrar ánægju.

tryggvi@frettabladid.is



Kow  
FRÉTTABLAÐID/HEIDA

Kjöll úr Kow-línu  
Kolbrúnar.

Rokkmantík  
FRÉTTABLAÐID/HEIDA

Rokkmantík. Bæði  
kjöllinn og hálsmenið  
er úr smíðu Írisar.

Í kvk er einnig að finna úrval fallegra skartgripa. FRÉTTABLAÐID/HEIDA

# Gítarspil, handverk og Leifur heppni

Boðið er upp á fjölmargar sýningar í miðbænum á morgun.

**Ljósmyndasafn Reykjavíkur,** Grófarhúsinu Tryggvagötu 15. Klukkan 12 til 19.

28 ár, eða um tíu þúsund dagar, eru liðnir frá því að Friðrik Örn eignaðist sína fyrstu myndavél, þá átta ára að aldri. Myndirnar á sýningunni spanna allt þetta tímabil fram til dagsins í dag.

**Gallerí Humar og frægð,** Kjörgarði Laugavegi 59. Klukkan 12 til 18.

Sýning á vegum Leikminjasafns Íslands um götuleikhópinn Svart og sykurlaust. Þar verða ljósmyndir, leikmunir og kvikmyndasýningar.

**Handverk og Hönnun,** Aðalstræti 12, 2. hæð. Klukkan 13-17.

Á sýningunni Auður Austurlands eru fjölbreyttir munir unnir úr hráefni sem tengist Austurlandi svo sem lerki, líparíti, hreindýraskinni, horni og beini.

**Art-Iceland,** Skólavörðustígi 1a. Klukkan 16-19.

Arnór G. Bieltvedt verður með sýninguna Hjartsláttur lífandi náttúru. Ólafur Grétarsson spilar ljúfa tóna á gítar til að undirstrika ljósa og lífandi tóna listaverkanna.

**Safn, Laugavegi 37.** Klukkan 14-18.

Sýning á verkum einnar þekktustu myndlistarkonu heims, Roni Horn. Verkin eru um tuttugu talsins frá 1985-2004 og eru öll í eigu Safns. Sýningin ber heitið „Some Photos“. Flest verka Roni Horn eru ljósmyndir sem hún hefur tekið á Íslandi en hún hefur dvalið hér reglulega síðan 1975.

**Kling & Bang gallerí,** Laugavegi 23. Klukkan 14-18.

Tvær sýningar verða opnaðar á morgun. Á jarðhæð opna Huginn Þór Arason og Jóhann Atli Hinriksson sýninguna Glory hole og í kjallaranum opnar Sara Björnsdóttir sýninguna Hellirinn á bak við ennið.

**Textílkjallarinn,** Lokastíg 28. Klukkan 14-17.

Þrettán listakonur sem áður ráku Listakot sýna í Loka listmuni unna í tengslum við Hallgrímskirkju og Leif heppna. Munirnir munu síðan þróast áfram í minjagripi fyrir verslun Loka sem verður opnuð í vor. Grafík, textíll, gler, leir og málun.



Sýning á verkum myndlistarkonunnar Roni Horn verður í Safni á morgun.

**LANGUR LAUGARDAGUR**  
**30% afsláttur**

**AF ÖLLUM VÖRUM**

Fimmtudag-þriðjudags

**CHER**  
Tiskuvöruverslun  
Laugavegi 82  
544 4036

**LANGUR LAUGARDAGUR**  
Allt að **70%** afsláttur af útsöluvörum

einnig **Fullt af nýjum vörum**  
**Fermingarföt - aldrei meira úrval**

gs skór eva galleri sautján Kultur DIESEL  
verðið velkomin Laugavegi 89-91 opið laugardag kl. 11 - 17  
menn barnadeild

**48 DVD**

**Tær snilld!**



allt

# matur o.fl.

**Greip** er vatnslosandi. Það getur verið gott fyrir þá sem eru með mikinn bjúg að borða greip eða drekka greipsafa.



## Er veisla í vændum?

1 flaska 750 ml innan við kr 453\*  
30 flöskur úr Ámunní = 13.590 kr  
\*flaska + tappi + miði + hetta + 750 ml af þrúgu

Sambærilegar léttvín frá ÁTVR 1250 kr  
flaskan

30 flöskur úr ÁTVR = 37.500

**Þú sparar 23.910 kr**

**aman**

Skeifunni 11d - 108 Reykjavík - Sími: 533-1020  
Reykjavíkurvegi 64 - 220 Hafnarfirði - Sími: 533-3070  
www.aman.is



## Mangó fyrir blóðlausa

Mangó er ættaður frá Asíu og er einn vinsælasti suðræni ávöxturinn. Hann er ríkur af vítamínum, steinefnum og járni.

Mangó er ávöxtur mangifera-trésins. Hann er upprunninn í Asíu, á svæði allt frá Indlandi austur til Filippseyja, og hefur verið borðaður í yfir 4.000 ár. Ávöxturinn hét upphaflega *mankay* sem merkir ávöxtur mangótrésins á tamílsku en orðið breyttist yfir í *manga* í meðförum Portúgala á nýlendutímanum.

Þegar mangó er orðinn þroskaður hangir hann niður af löngum stöngli og getur orðið allt að 25 sentimetra langur og 2,5 kíló að þyngd. Þroskaður mangó er ýmist gulur, appelsínugulur eða rauður á lit, rauðastur á þeirri hlið sem snúið hefur til sólar en gulastur á þeirri sem hefur verið í skugga. Ef mangó er grænn er hann ekki orðinn nægilega þroskaður og þá er best að geyma hann á köldum og dimmum stað, þó ekki í ísskáp þar sem það hægir á þroskaferlinu.

Helmingur seldra suðrænna ávaxta í heiminum er mangó. Ýmis afbrigði eru til af ávextinum og er kjöt hans ýmist mjúkt svipað ofþroskuðum plómum eða þéttara og nokkuð líkt lærperum. Mangó-



inn er um 15 prósent sykur, 1 prósent prótein og síðan hefur hann mikið magn steinefna, andoxunar-efna og vítamína svo sem A-, B- og C-vítamín. Einnig inniheldur hann mikið magn af járni og því er hann ráðlagður þeim sem þjást af blóðleysi.

### MANGÓCHUTNEY

500 g mangó, afhýtt og skorið í teninga  
200 g sykur  
1 ½ dl vatn  
1 ½ dl epla- eða hvítvínredik  
1-2 tsk. nigella  
2 lárviðarlauf  
1 hvítlaugsgeiri, saxaður smátt  
½ tsk. fint rifinn engifer  
¼ - ½ tsk cayennepipar (eða eftir smekk)

Sykur, vatn og edik sett í pott og hitað varlega þar til sykurinn er

leystur upp. Þá er allt hitt sett út í hitað og látið malla við vægan hita í 25-30 mínútur. Sett á krukkur og geymt.

### TÆLENSKT MANGÓSATL MED RISTUÐUM HNETUM

2 límónur  
1 msk sojasósa (eða fiskisósa)  
1 msk grófur sykur  
1 litill jalapeno, fræhreinsaður og saxaður smátt  
2 msk. hnetuolía  
Salt eftir smekk  
2 þroskuð mangó  
2 paprikur (1 rauð og 1 gul), skornar í mjóar ræmur  
1 meðalstór gulrót, röspuð gróft  
2 vorlaukar, fint skornir  
125 ml söxuð fersk mintu (eða kóriander)  
2 l blandað salat  
75 ml ristaðar hnetur, gróflega saxaðar

Raspið borkinn af annarri límónunni fint og settið í mæliglas ásamt 50 ml af límónusafa. Blandið sojasósu, sykri og jalapeno saman við og hrærið þar til sykurinn er uppleystur. Hrærið hnetuolíu að lokum út í og saltið eftir smekk.

Afhýðið mangóið og skerið í mjóar ræmur. Setjið það í skál ásamt papriku, gulrót, vorlauki, mintu og blandið saman.

Setjið salatið og mangóblönduna í stóra skál, blandið salatsósunni saman við og stráðið að lokum hnetum yfir.

**SÓMABAKKAR**  
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING\*

\*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.

**SÓMI**  
Nánari upplýsingar á somi.is

## Kaffi mánaðarins

Júlí - 2005

### Tanzanía AA

Þetta ljúffenga kaffi vex í fjallshlíðum Tanzaníu nærri landamærum Kenya í Afríku.

Kaffið hefur góða bragðfyllingu með ljúffengri angan sem minnir örlítið á Kenya kaffi en hefur örlítið lægra sýrustig. Einstakt eðalkaffi með finlega stígandi töfra.

**Njótíð vel!**

Nú á kynningarverði í öllum sérverslunum Te og kaffi

Kaffihús:  
Laugavegi 24  
Smáralind

Verslanir:  
Kringlunni  
Smáralind  
Laugavegi 27  
Suðurveri

TE & KAFFI

**allt**  
... sem þig vantar til að hefja nýtt líf

**visir** NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**



## FLEUR DU CAP:

## Höfugt höfðavín á afrískum dögum

Suður-afrísk vín sækja fram með hverju árinu en aðeins tíu ár eru síðan þau urðu almennt fáanleg á Vesturlöndum eftir að viðskiptabanninu vegna kynþáttaaðskilnaðarstefunnar lauk. Undanfarið ár hafa nokkur suður-afrísk vín fengist hér á Íslandi og hafa þau fengið mjög góðar viðtökur og verið á góðu verði, sérstaklega hafa nokkra ára gömul þroskuð vín verið á hagstæðu verði. Flest suður-afrísk vín eru það sem kallað er „vingerðarmannadraumur“, það er vín sem eru blönduð af ýmsum ekrum og bera sterk einkenni vingerðarmannanna. Fleur du Cap er þar engin undantekning.

Framleiðandi Fleur du Cap er Bergkelder, sem þýða má sem „Fjallakjallarinn“, og er það eitt elsta og helsta húsið í Suður-Afríku. Helsta stolt fyrirtækisins er móðurekran þar sem vinvíður er ræktaður og ræturnar fluttar til vinnbænda í strandhéruðum Höfðastrandar. Besta uppskera þeirra vínkra er síðan notuð í vín Bergkelder og fer vinnframléiðslan fram í bænum Stellenbosch í einu tæknivæddasta vínhúsi sem finnst á suðurlöndum. Proskaferlið fer fram í kjöllum og hellum þar sem hiti og raki er stöðugur. Víníð er síðan flutt í flöskukjallara þar sem það er geymt þar til réttum aldri er náð.

## FLEUR DU CAP CHARDONNAY

Víníð er að hluta til látið þroskast í tunnum og að hluta í tönkum. Það er ávaxtaríkt og fremur fínlegt og á að drekka það frekar ungt. Kynningarverð á afrískum dögum 1.090 kr.

## FLEUR DU CAP MERLOT

Víníð hefur hlotið verðlaun nýlega á tveimur stórum vinsýningum í Kanada, á Intervin og á Ottawa Food and Wine Show. Þessi verðlaun eru mikill heiður fyrir vingerðarmanninn, Coenie Snyman. Þetta verða að teljast mjög góð kaup. Kynningarverð á afrískum dögum 1.190 kr.



## Námskeið vínþjóna

Vínþjónasamtök Íslands (VSI) standa hinn 18. mars næstkomandi fyrir vínþjónakeppni þar sem þemað er Evrópa. Í tilefni þess verða undirbúningsnámskeið fyrir keppendur og áhugasama dagana 6. til 7. og 13. til 14. mars.

Námskeiðið fer fram í fundarsal Perlunnar. „Námskeiðið er opið öllum en til að taka þátt í mótinu verður viðkomandi að vera meðlimur í VSI,“ segir Þorleifur Sigurbjörnsson, einn af skipuleggjendum námskeiðsins.

Farið verður yfir blindsmökkun á vínnum, umhellingu, framreiðslu kampavíns og samsetningu á mat og víni, svo eitthvað sé nefnt.

Námskeiðin hefjast öll klukkan 10.00 og standa yfir í um klukkustund. Þátttökugjald er 1.500 kr. og er keppnisgjaldið innifalið. Til að fá nánari upplýsingar og skrá sig er hægt að hringja í Þorleif í síma 891-7091.



**COMING SOON**

**Food Taxi.is**

**THE ULTIMATE IN HOME DELIVERY**

PEPSI

brimborg

Öruggur staður til að vera á



## Sérfræðingar í saltfiski

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verslanir:

**Til suðu:**  
saltfiskbitar blandaðir  
gellur  
gollarapunnildi

**Til steikingar:**  
saltfiskbitar blandaðir  
saltfiskkurl  
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)  
gellur

**Fyrir veitingahús – hótél – mótuneyti:**  
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)  
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar  
saltfiskkurl

**Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:**  
ýsuhakka  
rækjur  
þorskhnakka  
steinbitskinnar og bita

**Ekta fiskur**  
Sælgaði úr sjónum

Sími: 466 1016  
ektafiskur@emax.is



ERUM AÐ LEITA AÐ DUGLEGUM KOKKI MEÐ NÆMT OG LIFANDI BRADGSKYN AUK LISTRÆNNA HÆFILEIKA OG REYNSLU. HANN ÞARF AÐ GETA UNNIÐ SJÁLFSTÆTT EN Í GÓÐUM HÓPI OG VERA MEÐ SÝN MORGUNDAGSINS Á RÉTTI DAGSINS.

NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFUR  
HAUKUR Í SÍMA 898 9381

Café Paris er kennileiti Reykjavíkur sem öllum er kunnugt um og hefur fest sig í sessi í hugum skólda, listamanna, viðskiptajóna og um fram allt Reykvíkinga sem sjást fundu reglulega við stóra gluggana. Sérstaklega Café Paris eru viðskiptavinir sem skapa hið skemmtilega andrúmslot sem hefur varað í fjölda ára og með endurbættum stað þróum við umhverfið með andrúmslotinu. Sjáumst á nýjum og betri Café Paris.

CAFÉ PARIS

## BARÞJÓÐAR ATHUGIÐ!

CAFÉ PARIS ÓSKAR EFTIR STARFSFÓLKI Á NÝJAN ENDURBÆTTAN STAÐ.

ERT ÞU VANUR ÞJÓNN, DUGLEGUR, SKEMMTILEGUR, Í GÓÐU FORMI, MEÐ TUNGUMÁLAKUNNÁTTUNA Á HREINU OG TILBÍNNAÐ GERA ÞITT BESTA FYRIR ALLA SEM VERÐA Á ÞÍNUM VEGI? EF SVO ER ÞÁ ÓSKUM VIÐ EFTIR ÞÉR Á DAGVAKTIR SEM OG KVLDVAKTIR Á NÝJUM OG BETRI CAFÉ PARIS.

NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFUR  
HAUKUR Í SÍMA 898 9381

Café Paris er kennileiti Reykjavíkur sem öllum er kunnugt um og hefur fest sig í sessi í hugum skólda, listamanna, viðskiptajóna og um fram allt Reykvíkinga sem sjást fundu reglulega við stóra gluggana. Sérstaklega Café Paris eru viðskiptavinir sem skapa hið skemmtilega andrúmslot sem hefur varað í fjölda ára og með endurbættum stað þróum við umhverfið með andrúmslotinu. Sjáumst á nýjum og betri Café Paris.

# allt atvinna

Alla sunnudaga

## SÖLUFÓLK

Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá kl. 17-22 virka daga og frá kl. 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á [lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is](mailto:lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is).

## Glæst framtíð

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólk.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.



Sími : 566 88 00

Skúlagata 17

www.vidskiptahusid.is

Opið 9 - 17 alla virka daga.


# MALLORCA ~ NÝJAR EIGNIR

## OPIÐ HÚS

Laugardag og sunnudag

4. og 5. mars frá kl. 13-17 að Skúlagötu 17

Sölustjóri TM Abdel Modisch verður á staðnum.



**SJÓN ER SÖGU RÍKARI**  
Frítt flug og hótél fyrir kaupendur.

Kynnum nýjar eignir frá TM TORREBLANCA sem er markaðsleiðandi fyrirtæki í byggingu og sölu fasteigna við Miðjarðarhafströnd Spánar og jafnframt með 35 ára reynslu á sínu sviði.

- Gæðaeignir við Costa Blanca strandlengjuna og Mallorca.
- Fullbúnar húsgögnum, tækjum og öllu því sem til þarf.
- Glæsileg sameiginleg aðstaða á hverju svæði.
- Einstaklega góðar staðsetningar.
- Þjónustuskrifstofa á hverju svæði.
- Nýjar eignir beint frá byggingaraðilanum.
- 10 ára ábyrgð byggingaraðilans á nýbyggingum.





## HVUNNDAGURINN

### Að njóta Parísar til fulls

Signý Sæmundsdóttir ætti að vera flestum kunn en hún hefur tekið þátt í mörgum óperum og söngdagskrám hér á landi sem og erlendis. Hún kennir einnig við Söngskólann í Reykjavík og Nýja Tónlistarskólann. Signý hefði ekkert á móti því að eyða heilli helgi í París.

„Ég myndi bóka mig á eitthvert flott hótél þar sem þægindi og góð þjónusta væru í fyrirrúmi, skila töskunum af mér og hafa mig til svo ég gæti byrjað að skoða mig um og njóta borgarinnar, enda mikið að sjá og upplifa í París. Þegar færi að kvöldi myndi ég finna mér ekta gott franskt veitingahús sem býði upp á sælkeramat í hæsta gæðaflokki. Ég

er ekki viss um hvað ég myndi fá mér en það væri eitthvað sem kitlaði bragðlaukana. Eftir matinn væri svo tilvalið að fara í leikhús eða óperu og myndi það fullkomna kvöldið.“

Eftir sýninguna færi Signý í göngutúr með fram bökkum Signu og þaðan upp á hótél að sofa þar sem sunnudagurinn yrði tekinn snemma.

„Á sunnudeginum kæmi ekkert annað til greina en að fara í messu í Notre Dame. Það er ótrúleg upplifun.“ Eftir messuna væri komið að fluginu heim og Signý myndi mæta endurnærð til vinnu á mánudeginum eftir þessa frábæru helgi.

Signý Sæmundsdóttir



### VISSIR ÞÚ ...

... að hleraköngulóin frá Kaliforníu getur staðist kraft sem er allt að 38-faldri þyngd hennar? Þetta jafngildir því að manni tækist að halda dyrum lokuðum þrátt fyrir að lítil þota þrýsti á hurðina hinu megin frá.

... að lengsta skordýrið sem mælst hefur er broddskordýr sem finnst í frumskógum Borneó?

... að búkur broddskordýrsins er 328 millimetrar en séu fótleggirnir teknir með í reikninginn mælist dýrið 546 millimetrar?

... að oft vantar fótleggi á broddskordýrið þar sem lappirnar eiga það til að rífa af þegar dýrið hefur hamskipti?

... að lengd kakkalakka er að jafnaði á bilinu 0,6 til 7,6 millimetrar?

... að lengd Megaloblatta longipennis kakkalakkans er 97 millimetrar og hann er 45 millimetrar á breidd?

... að Megaloblatta longipennis hefur vængi og því getur þessi hlussa flogið?

... að lirfa pólýfemusarfiðrildisins er gráðugasta kvikindið í dýraríkinu?

... að lirfan étur því sem samsvarar 86.000-faldri fæðingarþyngd sinni fyrstu 56 daga ævi sinnar?

... að í samanburði við lirfuna jafngildir þetta því að fjórtán marka barn fengi 273 tonn af næringu á sama tímabili?

## Leitin hefst hér!



Um 150.000 lesendur

Þú finnur allar nýjustu fasteignirnar í **Allt - fasteignum** sem fylgir frítt með Fréttablaðinu alla mánudaga.

Ekki missa af mest lesna fasteignablaðinu í vikubyrjun!

Allar eignir eru skráðar á **visir.is** svo þú getur fylgst með fasteignamarkaðnum jafnóðum!

## allt-fasteignir

- mest lesna fasteignablaðið

# allt

heimili

Alla fimmtudaga



# Semjum við Evrópu um varnir Íslands

**UMRÆÐAN**  
VARNIR ÍSLANDS



**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**

Viðræður Íslands og Bandaríkja-anna um varnarmál hafa nú hafist á ný. Það þykja stórfréttir, að Bandaríkin skuli láta svo lítið að tala við Íslendinga enda þótt engar fréttir af efni viðræðnanna hafi borist. Víst þykir þó, að viðræðurnar snúist fyrst og fremst um það hvað Íslendingar vilji borga mikið. Málum er sem sagt komið þannig, að það fer eftir því hvað Íslendingar reiða fram mikla peninga, hvort

Bandaríkin halda áfram uppi loftvörnum hér á landi eða ekki. Er það undarleg staða þegar haft er í huga, að í gildi er varnarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna og samkvæmt honum eiga Bandaríkin að annast varnir Íslands. Það stendur ekkert í samningnum um það, að Ísland eigi að greiða fyrir varnirnar. Þegar Davíð var forsætisráðherra sagði hann, að ef Bandaríkjamenn vildu ekki standa við samninginn gætu þeir farið heim með allt sitt hafurtask. Undir það skal tekið.

Staða varnarliðsins komst á dagskrá hér um síðustu kosningar, þegar Bandaríkjamenn tilkynntu skyndilega einhliða, að þeir ætluðu að flytja herþoturnar fjórar á brott frá Keflavíkurflugvelli. Ríkisstjórn-

in stakk bréfi um þetta efni undir stól og birti ekki fyrr en eftir kosningar! Síðan hefur verið staðið í stanslausu stappi um það hvort unnt væri að fá Bandaríkjamenn til þess að falla frá því að flytja herþoturnar á brott. Bandaríkjamenn telja enga þörf á því að hafa þoturnar lengur staðsettar á Keflavíkurflugvelli. Þeir telja unnt að sinna flugvörnum Íslands frá Bretlandseyjum. Jafnframt hefur komið skýrt í ljós af hálfu bandarískra embættismanna, að þeir telja ekki lengur þörf á varnarliði hér á landi vegna breytts ástands í varnarmálum í Evrópu.

En íslensk stjórnvöld hafa lamið hausnum við steininn og óskað eftir því, að varnarliðið og herþoturnar verði áfram hér á landi hvað sem

líði álit Bandaríkjanna á nauðsyn varna á Íslandi. Verður þess ekki vart, að Bush Bandaríkjaforseti meti mikils „greiðann“, sem íslenskir stjórnarherrar gerðu honum með því að styðja ólöglegt árásarstríð hans á Írak. Eftir nokkurt þref íslenskra og bandarískra stjórnvalda komu Bandaríkjamenn með þá tillögu, að Íslendingar tækju þátt í kostnaði við veru varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli! Íslendingar eiga sem sagt að borga fyrir að fá að hafa herinn áfram. Þannig stendur málið nú.

Ágreiningur um skiptingu kostnaðar er mjög mikill og eru Bandaríkjamenn með óraunhæfar hugmyndir um hlut Íslendinga í kostnaðinum. Til þess að fegra málið er látið líta svo út, að Ísland

vilji greiða fyrir þyrulusveitir Keflavíkurflugvallar og rekstur flugvallarins a.m.k. að hluta til. Ég tel, að best væri, að herinn færi frá Íslandi. Varnarliðið kom hingað að frumkvæði Bandaríkjanna vegna ótryggs ástands í heiminum á meðan ógn stafaði frá Sovétríkjunum. Sú ógn er ekki lengur til staðar og Bandaríkjamenn vilja fara með herinn á brott. Við eigum að leyfa þeim það. Síðan eigum við að ræða við NATO og jafnvel Evrópusambandið um varnir Íslands og biðja NATO að meta nauðsyn Íslands fyrir varnarviðbúnað í landinu. NATO á að tryggja varnir Íslands en þær eiga ekki að byggja á tvíhliða samningi við Bandaríkin, þar eð slíkur samningur miðast við hagsmuni Bandaríkjanna fyrst og fremst. ■

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Forgangsröðum eldri borgarar!

Að verða aldraður og vera meðhöndlaður eins og óvita barn hlýtur að taka mikið á. Það er réttlætismál að þessum málum verði komið í lag og það strax. Við eigum nóg af peningum, forgangur er allt sem þarf. Það er ótrúlegt að mannréttindi skuli vera fyrir borð borin þegar kemur að hinum þöglu hópum sem geta enga björg sér veitt lengur. Ef vilji væri fyrir hendi væri löngu búíð að ráða bót á málefnum eldri borgara. Að aðskilja hjón vegna sjúkdóma/aldurs er grimmilegt. Við eigum að geta boðið upp á mannsæmandi valkosti. Það er því nauðsynlegt að byggja upp fleiri dvalarheimili þar sem eldri borgarar fá þá þjónustu sem sniðin er að þörfum þeirra. Setjum málið í forgang. Leysum allan vandann strax.

Emma Holm fjármálastjóri.

## AF NETINU

### Jeppar í Afganistan

Engin stofnun er jafn karllæg og herinn og með þátttöku í starfi NATO er Ísland að ganga inn í það umhverfi þó Íslendingar eigi engum eiginlegum hersveitum á að skipta. Í því ljósi er mjög áhugavert að skoða þá ákvörðun að senda sérútbúna jeppa til Afganistans á þeirri fösöndu að þekking Íslendinga á þeim sé sérframlag Íslands til alþjóðlegrar friðargæslu. [...] Jeppinn, eins og við flest þekkjum, er tengdur íslensku karlmennskunni mjög nánum böndum og þess vegna er athyglisvert að við skulum senda þetta karlmennskutákn hinnar herlausu þjóðar inn á vígvöllinn í Afganistan.

Birna Þórarinsdóttir á kistan.is.

### Listastyrkir

Á þeim tímum sem við lifum í dag, hér á Ísa-köldu landi, gætir þess oft að einkavædd fyrirtæki styrki list á einhvern hátt. Það getur oft verið jákvætt og ekki ber að alhæfa of mikið í þeim efnum. En lögmál markaðarins eru slæg og á vissum sviðum og hjá vissum fyrirtækjum hefur tilhneigingin orðið sú að byrjað er að stýra listinni. Styrkirnir geta skuldbundið listafólkið og neytt í ákveðinn farveg til þess að fyrirtækið græði sem mest. Ríkisstyrkir til lista setja engar skorður fyrir listsköpunina, og eiga ekki að gera það. Styrkjum list, stýrum henni ekki.

Emil Hjörvar Petersen á murinn.is.

### Gagn en ekki gaman

Flestir fara í háskóla vegna þess að þeir telja að það muni gagnast þeim í framtíðinni. Menn fara ekki þessa leið af því þeir vilji fórn sár fyrir aðra eða hafi almannaheill í huga. [...] En meginatriðið er að það er ekkert ranglæti í því fólgið að fólk greiði sjálft fyrir háskólanám sitt og skólagjöld þurfa ekki að hindra nokkurn mann í að afla sér hagkvæmrar menntunar. Það getur hins vegar mögulega hindrað einhvern í að sækja sér menntun sem ekki er arðbær fyrir hann eða aðra. Þá hlýtur hins vegar að blasa við sú spurning hvort eitthvað sé athugasvert við það?

Vefþjóðviljinn á andriki.is

## Stjarna leiksins

Santa Fe býðst nú með veglegum HM 2006 aukahlutapakka að andvirði 317.000 kr. Komdu og prófaðu þennan hæfileikaríka sportjeppa. Þú gerir ekki betri kaup.

Verð frá kr. 2.670.000

Aukahlutapakki HM 2006 að andvirði kr. 317.000 fylgir með.



Leður á girhnúð



Vindskeið



Samlitur



16 tommu álfelgur og heilsársdekk



Leðurstýri og skriðstillir



Með bílinn handa þér



B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



# NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar



AUGLÝSINGASÍMI

**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ



FLUGFÉLAG ÍSLANDS KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ CONCERT:

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

## Um metnað og mannréttindi

UMRÆÐAN  
MANNRÉTTINDI



JÚLÍUS VALDIMARSSON

Kona ein íslensk sem er búsett erlendis kom hér í stutta heimsókn á dögum og sagðist skynja mikla breytingu frá því er hún kom hér fyrir nokkrum árum síðan. Það sem hefur breyst sagði hún, er hvernig allt er núna farið að snúast miklu meira um peninga. Á sama tíma eykst misréttið, hinir fátæku verða fátækari og athafnaskáld eru hetjur okkar tíma, gróðinn er þeirra leiðarljós og oft helgar tilgangurinn meðalið og tillitssemi við fólk vikur fyrir sókninni í gróða. Jafnvel í röðum fjármálamána heyrast varnaðarorð. George Soros, einn öflugasti fjárfestir heims, hefur varað við óheftum kapítalisma, sem hann segir siðblindan (amoral) og hefur hann sjálfur sett á fót stofnun sem hefur mannréttindi á sinni dagskrá.

Spyrja má hversu metnaðarfullt það sé og merkilegt að vinna mikla sigra ef ekki er þörf á að fara eftir neinum leikreglum, ef hægt er að græða á því að setja fólk út á gaddinn og þurfa ekki að taka tillit til neins. Já og hvað er svo metnaðarfullt og merkilegt við það þegar stærsti og frekasti krakkinn í leikskólanum tekur öll leikföngin af hinum krökkunum bara af því hann er sterkastur og langar svona mikið til þess? Auðvitað er ekkert merkilegt eða metnaðarfullt við það, þvert á móti kennum við börnunum okkar að taka tillit til hvers annars og skilja engan útundan. Frekjudallinum líður líka betur ef hann lærir að koma vel fram við aðra. Það er líka miklu skemmtilegra fyrir hann að deila leikföngunum með hinum krökkunum því þá þarf hann ekki að vera svona einn á báti og þá vilja krakkarnir alveg leika við hann.

Til er hugmyndafræði sem byggir á þeirri trú að markaðurinn sé „birtingarmynd vilja og þarfa alls mannkyns“, eins og lesa mátti í grein eftir mætan frjálshyggjumann á dögum. Greinarhöfundur bar sig hins vegar upp undan því að sumir menn ota fram hvers kyns réttindum, orðrétt: „...rétt eins og almættið hafi skenkt mönnum þau [réttindin] í vöggugjöf“. Hann gaf lítið fyrir þýðingu þess sem hann kallaði jákvæð réttindi, en taldi hins vegar að neikvæð réttindi væru bráðnaðsynleg, orðrétt: „Að mönnum sé tryggður réttur til þess að þurfa ekki að sæta hinu og þessu óréttlætinu“ (væntanlega frá sjónarmiði frjálshyggjumannsins).

Til allrar hamingju fyrir alla jarðarbúa er ástandið ekki orðið svo slæmt að fólk hafi ekki lengur nein réttindi, þótt hart sé að þeim sótt. Og það þarf ekki einu sinni að sækja þessi réttindi til almættisins því fyrir rúmum 50 árum slógu hjörtu þjóðanna í takt á sögulegu augnabliki og Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna leit dagsins ljós. Alþjóðasáttmálinn um jafnan rétt allra manna var samþykktur af samfélagi þjóðanna þann 10. desember 1948 og er hann enn í fullu gildi.

Íslenska ríkisstjórnin hefur staðfest þennan sáttmála sem er eitt helsta haldreipi mannkyns ásamt öðrum hliðstæðum sáttmálum sem eiga sér stóð í honum. Í mannréttindayfirlýsingunni eru skilgreindar þarfir fólks, meðal annars til menntunar heilbrigðis og lífsframfæris auk frjálsræðis í orðum og athöfnum.

Þar er jafnframt skilgreindur fæðingarréttur hverrar einustu mannværu, hvar sem hún býr og hvaðan sem hún kemur, til allra þeirra réttinda sem sáttmálinn kveður á um. ■

SJALLANUM FÖSTUDAGSKVÖLD - NASA LAUGARDAGSKVÖLD

# WIGWAN

STÓRDANSLEIKUR  
SJALLANUM

AKUREYRI Í KVÖLD

RISADANSLEIKUR

NASA

LAUGARDAGSKVÖLD



20% afsláttur af öllum viðburðum  
Concert ef greitt er með Mastercard  
á forsöludegi Mastercard

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef  
Tilboðsklúbbs MasterCard, [www.kreditkort.is/tilboðsklubbur](http://www.kreditkort.is/tilboðsklubbur)

FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA  
Á [WWW.CONCERT.IS](http://WWW.CONCERT.IS)  
OG [WWW.MIDI.IS](http://WWW.MIDI.IS) OG Í  
VERSLUNUM SKÍFUNNAR







Nærð þú athygli  
alls hópsins?

FILON/SIA F1015452

\* Skv. Fjölmiðlakönnun Gallup janúar 2006.



**Auglýsing í Fréttablaðinu virkar einfaldlega betur**  
**Fréttablaðið** kemur skilaboðum þínum og fyrirtækis þíns til fleiri lesenda en nokkuð annað dagblað. Samkvæmt nýjustu könnun Gallup\* **lesa 43% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið** en Morgunblaðið. Það gefur augaleið að auglýsingu þinni er best borgið í því dagblaði sem flestir lesa.

**FRÉTTABLAÐIÐ**

- Mest lesið



ALEXANDER GRAHAM BELL (1849-1922)  
FÉDDIST PENNAN DAG.

„Þegar dyr lokast opnast aðrar; en við horfum oft svo lengi og með svo mikilli eftirsjá á lokuðu dyrnar að við sjáum ekki þær sem eru okkur opnar.“



ALEXANDER GRAHAM BELL KOMST Í SÖGUBÆKURNAR ÞEGAR HANN FÆRDI OKKUR EINA MESTU UPFFINNINGU ALLRA TÍMA: SÍMTÆKID.

# tímamót

tímamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST > 3. MARS 1875

### Carmen stígur á stökk í fyrsta sinn

Á þessum degi árið 1875 var óperan Carmen eftir Georges Bizet frumsýnd fyrir fullu húsi í París. Þótt óperan sé ein sú vinsælasta í heiminum í dag voru áhorfendur sammála um að óperan hefði verið hörmuleg í flesta staði. Sagt var að allir Parísarbúar sem eitthvað vildu hafa að segja um almenningsálitnið hefðu verið viðstaddir sýninguna í Comique óperunni og það hefði verið samdóma álit þeirra að Bizet hefði alvarlega stigið út af sporinu með óperunni nýju. Hún þótti allt of nútímaleg og algjörlega síðlaus. Söguþráðinn í óperuna sótti



ÁSGÆRDUR JÚNÍUSDÓTTIR LEIKUR Í CARMEN

Bizet í samnefnda smásögu eftir Prosper Mérimée. Hún gerist í Andalúsíuhéraði á Spáni og fjallar um sígaunastúlkuna Carmen og ástarraunir hennar.

Það var ekki fyrr en óperan var frumsýnd í Englandi þremur árum seinna sem vinsældir hennar tóku að rísa. Því miður var það of seint fyrir Bizet því hann lést einungis þremur mánuðum eftir frumsýninguna og fékk því aldrei að sjá frægðarsól Carmen rísa.

Eins og flestir vita gefst íslensku áhugafólki kostur á að sjá þessa sögufrægu sýningu í Borgarleikhúsinu.

## MERKISATBURÐIR

- 1879** Fyrsta konan, Belva Ann Bennett Lockwood, kemur fram fyrir hæstarétti Bandaríkjanna.
- 1974** Þota frá flugvélagnu Turkish Airlines brotlendir nálægt París og allir 345 farþegar hennar látast.
- 1984** Kristján Harðarson slær 27 ára gamalt Íslandsmet í langstökki og stekkur 7,79 metra.
- 1984** Kvikmyndin Atómstöðin er frumsýnd. Myndin er byggð á sögu Halldórs Laxness og leikstýrt af Þorsteini Jónssyni.
- 1991** Lettland og Eistland ganga til atkvæða um sjálfstæði frá Sovétríkjunum.
- 1997** Björk Guðmundsdóttir tekur við tónlistarverðlaunum Norðurlandaráðs í Osló.

## AFMÆLI



Atli Eðvaldsson er 49 ára.

Ragna Sara Jónsdóttir fjölmiðlakona er 33 ára.



Ólafur Darri Ólafsson leikari er 33 ára.

## ANDLÁT

Héðinn Emilsson, Bröndukvísl 22, Reykjavík, lést á heimili sínu miðvikudaginn 1. mars.

Kristín Jóhannesdóttir, Þórgötu 12, Reykjavík, andaðist þriðjudaginn 28. febrúar.

Hjördis Jónsdóttir Rasmus, áður til heimilis í Furugerði 1, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ sunnudaginn 26. febrúar.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáletursdálkinum hér að ofan má senda á netfangið tímamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## JARÐARFARIR

13.00 **Halla Margrét Ásgeirsdóttir**, Hrísmóum 13, Garðabæ, verður jarðsöngin frá Víðalínskirkju í Garðabæ.

13.00 **Kristmundur Dalmann Jóhannesson**, Skipholt 46, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Háteigskirkju.

13.00 **Sólveig Hjálmsdóttir**, Þúfubarði 13, Hafnarfirði, verður jarðsöngin frá Hafnarfarðarkirkju.

13.00 **Sigurður Trausti Kjartansson** iðntækniþræðingur, til heimilis í Kaupmannahöfn, áður Hjarðarhaga 44, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

13.30 **Þráinn Jónsson**, Ekrusíðu 9, Akureyri, verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Arngrímur Vilhjálmsson** frá Dalatanga, Blikabraut 11, Keflavík, verður jarðsöngin frá Keflavíkurkirkju.

15.00 **Kristbjörg Pétursdóttir** fyrrverandi kennari, Holtagerði 84, Kópavogi, verður jarðsöngin frá Kópavogskirkju.

15.00 **Óli Viktorsson** (Ole Willeesen) garðyrkjaumaður, Æsufelli 4, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

15.00 **Gróa Bjarney Helgadóttir**, Skúlagötu 20, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Laugarneskirkju.



ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON TÓNLISTARMÁÐUR

ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON: FERTUGUR Í DAG

## Mælingar í miðju lífsins

„Ég er að prófa að standa á einni löpp lengi og standa á haus og svona, bara svona til að gá hvort allt fúnkeri eins og venjulega,“ segir Þorvaldur, sem heldur upp á fertugsafmælið sitt í dag. Fyrir honum er dagurinn í dag mikilvægur og bendir hann á að miðað við lífslíkur Íslendinga standi hann í miðjunni á lífinu akkúrat um þessar mundir. „Þetta er kjörinn tími til að setjast aðeins niður og fara yfir hvað hefur verið í gangi,“ segir Þorvaldur, sem segist

meðal annars velta fyrir sér hvort honum hafi gengið gott til í lífinu.

Hann neitar alfarið að hræðsla sé í honum vegna afmælisins, hann sé frekar forvitinn að sjá hvað gerist. „Mér líður andlega og líkamlega eins og mér hefur alltaf líðið. Ef eitthvað er þá er ég töluvert betur á mig kominn en þegar ég var þriðtugur. Maður er að spá í hvernær og hvort finnur maður eitthvað svona: Heyrðu, núna er ég byrjaður að vera hinum megin.“ Þorvaldur

segist að minnsta kosti ætla að gera heiðarlega tilraun til að sjá á sér breytingarnar í dag. „Ég ætla að prófa að mæla mig allan og athuga hvort ég finni það.“

Þófanirnar fara þó ekki fram á heimili Þorvaldar, því hann eyðir afmælinu í sólinni á Kanaríeyjum. „Ætli ég sé ekki á flóttu undan sjálfum mér, eða að minnsta kosti einhverju, fyrst ég get ekki verið heima,“ segir hann hlægjandi. Aðspurður segist hann ekki vera mikið afmælisbarn í sér, að minnsta kosti

hafi hann aldrei haldið stórvæslu heldur frekar valið að gera vel við sig og sína nánustu með ferðalögum eða bústaðardvöl. Í ár bregður hann því ekki frá reglunni en bætir við að vegna flutninga væri veisla í dag hvort ed er úti úr myndinni. Þorvaldur segist þó vel geta hugsað sér að halda upp á tímamótin með kollegum seinna í mánuðinum og jafnvel vígja nýja húsnæðið í leiðinni. „Þá veit ég líka aðeins hvernig þetta er,“ bætir hann svo við og hlær.

## Ræða um málefni ungmenna

Ráðstefna um stöðu barna í íslensku samfélagi verður haldin í dag á Grand hótel í Reykjavík. Hún ber yfirskriftina Hve glöð er vor æska? og er samstarfsverkefni Garðabæjar, Mosfellsbæjar, Reykjanesbæjar, Seltjarnarness, Heimilis og skóla, menntamálaráðuneytisins og Íslandsbanka.

Fjölmargir þjóðþekktir einstaklingar stíga í pontu og ræða um málefni sem tengjast börnum. Bakgrunnur þeirra er ólíkur og erindin eftir því, en meðal þeirra sem taka til máls eru rithöfundar, menntafolk og einstaklingar úr atvinnulífinu. Meðal annars heldur Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, erindi sem kallast Staða barnafjölskyldunnar í dag og Guðrún



Helgadóttir ræðir um barnið og bernskuna í sögulegu samhengi.

Ráðstefnan hefst klukkan hálf ný í dag og stendur

til klukkan eitt.

Ráðstefnustjóri er Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, en Árni Sigfússon, bæjarstjóri

í Reykjanesbæ, stjórnar pallborðsumræðum. Frekari upplýsingar um dagskrá og skráningu má finna á heimasíðunni congress.is.



## Afmæli Lilja Sigurgeirsdóttir

Sólgötu 2, Ísafirði, er sextug í dag, 3. mars. Af því tilefni býður hún vinum og vandaðmönnum að samgledjast sér í sal Oddfellow á Ísafirði laugardaginn 4. mars kl. 15.



Innilegar þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa, Svavars Sigurðar Sæbjörnssonar Miðnestorgi 3, Sandgerði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Garðvangs Garði fyrir góða umönnun, Guð blessi ykkur öll.

Guðbjörg Svala Guðnadóttir

Sesselja Svavarsdóttir

Sigurgeir Svavarsson

Fjóla Svavarsdóttir

Sæbjörn Ágúst Svavarsson

og barnabörn.

Grétar Sigurbjörnsson

Soffía Gunnþórsdóttir

Torfi Gunnþórsson

Bryndís Guðrún Kristjánsdóttir

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ





Svefn & heilsa



SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR  
SÖNGVARI



SVEFN & HEILSA  
EF ÞÚ VILT  
LÁTA ÞÉR  
LÍÐA VEL



Stórt páskaegg fylgir öllum dýnum fyrir páska



## ÓTRÚLEG FERMINGARTILBOÐ

### FERMINGARGJAFIR Í ÚRVALI

Sængurverasett

Pakkatilboð á  
hlífðardýnu,  
laki, og pífu

Munið gjafakortin



### Pocket Boxspring

90x200 kr. **24.900.-** stgr.

120x200 kr. **29.900.-** stgr.

140x200 kr. **34.900.-** stgr.

### Beauty Sleep

90x200 kr. **34.900.-** stgr.

97x200 kr. **39.900.-** stgr.

120x200 kr. **49.900.-** stgr.

135x200 kr. **54.900.-** stgr.

153x200 kr. **59.900.-** stgr.

### Healthy Sleep

90x200 kr. **44.900.-** stgr.

97x200 kr. **49.900.-** stgr.

120x200 kr. **59.900.-** stgr.

135x200 kr. **64.900.-** stgr.

153x200 kr. **69.900.-** stgr.

### Royalty


97x203 kr. **69.900.-** stgr.

120x200 kr. **79.900.-** stgr.

137x203 kr. **89.900.-** stgr.

153x203 kr. **109.900.-** stgr.

Verð með fótum og þykkri áfastri yfirdýnu.



BIFLEX með IQ-CARE  
heilsudýnu 90x200 cm.  
Verð kr. **99.950** stgr.

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



REYKJAVÍK



AKUREYRI

Svefn & heilsa



Verið velkomin

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150  
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



# IDOL-STJÖRNULEIT

Í beinni útsendingu frá Smáralind – í kvöld kl. 20:30



## STUÐ MILLI STRÍÐA Taskan stakk af

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR TÝNDI LÍFINU



Kona án handtösku er sjaldgæf sjón og sjáist slík kona á vappi um götur bæjarins er líklegt að hún hafi barasta gleymt handtöskunni heima. Ég er ein af þeim konum sem varla fer út fyrir hússins dyr án töskunnar minnar. Í henni er lífið mitt og það eru engar ýkjur.

Ég fyrst uppgötvaði um síðustu helgi hversu mikilvæg taskan mín er mér. Þannig vildi til að ég var stödd í teiti einu niður með sjó og þegar ég ætlaði mér svo að rólta í miðbæinn fann ég hvergi töskuna mína. Lífið mitt var mér horfið sjónum. Ég leitaði og leitaði. Kær-

astinn leitaði og leitaði. Hjálpleg drukkin kona leitaði og leitaði. En allt kom fyrir ekki. Einhver hafði tekið lífið mitt og horfið með það á braut. Ég stóð samt í þeirri trú að um einhvers konar mistök væri að ræða enda umkringd góðu fólki. Til öryggis lét ég loka kortinu mínu og hélt svo af stað í miðbæinn. Meðan ég gekk upp Hverfisgötuna fannst mér ég nakin án töskunnar minnar, hálf kona með enga tösku. Ég var með öllu upp á aðra komin, komst ekki spönn frá rassi og gat ekki borgað eigin drykki.

Næsta dag hringdi taskan mín svo í mig og tjáði mér að hún hefði farið heim með rangri konu. Góðar fréttir. Hins vegar var taskan vant

við látin fram eftir degi og ég gat ekki sótt hana fyrr en klukkan sex. Slæmar fréttir. Því ráfaði ég um götur bæjarins, læst úti, peningalaus, matarlaus, ómáluð og vægast sagt einmana. Mér leið í alvöru eins og ég ætti ekkert líf þar sem aðgangurinn að lífinu mínu (bílnum, húsinu, fjárhuginum) var allur í töskunni minni. Og ég saknaði hennar.

Þegar taskan mín lét sjá sig um sexleytið mættumst við í þögn. Vikan er búin að vera eilítið stírd á milli okkar en við erum allar að koma til. Í gær lét ég hana geyma í Podinn minn og í staðinn dró hún hundraðkarl undan fóðrinu. Við erum orðnar vinkonur á ný og lífið mitt er komið í fastar skorður.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### Pú og pa

Eftir SÖB



### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





# 20% afsláttur

af LEGO á dönskum dögum

**LEGO**

**DUPLO**  
**1.999** kr/pk  
Verð áður 2.499.-



**BÁTUR**  
**1.999** kr/pk  
Verð áður 2.499.-



**BIONICLE**  
**959** kr/stk  
Verð áður 1.199.-




**BIONICLE**  
**399** kr/stk  
Verð áður 499.-



**BIONICLE**  
**2.399** kr/pk  
Verð áður 2.999.-



**BIONICLE**  
**2.399** kr/pk  
Verð áður 2.999.-



Landsins mesta úrval leikfanga

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



## Fjölskylduvæn Sinfónía



**Kl. 13.10**

**Þóra Ellen Þórhallsdóttir fjallar um áhrif orkuvinnslu á náttúruverðmæti og menningarminjar á Raunvísindapingi í Reykjavík, sem haldið er í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, í dag og á morgun.**

# menning

menning@frettabladid.is

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur haft í nógu að snúast þessa vikuna, því hún hefur boðið rúmlega 3.500 leikskólabörnum af höfuðborgarsvæðinu á tónleika í Háskólabíói. Þar hefur hljómsveitin flutt ævintýrið um Dimmalimm í búningi Atla Heimis Sveinssonar. Garðar Thór Cortes og Halla Vilhjálmssdóttir leika og syngja en einnig koma fram á þessum tónleikum nemendur úr Listdansskólanum og Kór Kársnesskóla undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur. Edda Heiðrún Backman leikstýrir en hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinsson. Heimsóknir leikskólanna á tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa verið árlegur viðburður í tæp 15 ár. Síðustu leikskólatónleikarnir að þessu sinni voru á miðvikudaginn, en á morgun verður hljómsveitin áfram á fjölskylduvænum nótum því þá verða haldnir tónleikar klukkan 16 þar sem Kór Kársnesskóla kemur aftur fram með hljómsveitinni. Stjórnandi verður sömuleiðis Bernharður Wilkinsson. Efnisskráin er fjölskrúðug og spennandi, fjöldi verka



eftir þekktu höfunda, svo sem forleikur og söngur götustráka úr óperunni Carmen, karlóralagið Hraustir menn og syrpa úr söngleikum Sound of Music.

**> Ekki missa af ...**

... sýningunni Stillansar í Nýlistasafninu sem lýkur um helgina. Þar sýna Þrjár Önnur, þær **Anna Guðjónsdóttir**, **Anna Hallín** og **Anna Línal**, textilverk, teikningar, ljósmyndir, málverk, postulín, myndbandsverk og trésmíði.

... sýningunni Dagar mannsins í Gerðubergi, þar sem sýnd eru myndverk **Thors Vilhjálmssonar** og sýnd upptaka frá ritþingi Gerðubergs þann 21. janúar síðastliðinn þar sem Thor sat fyrir svörum um líf sitt og listamannsferil.



## Lífshamingja eftir afskriftir

Myndlistarkonan Hulda Hákon opnar tvær sýningar í dag. Hulda er ekki einhöm í list sinni og sýningarnar eru býsna ólíkar. Önnur heitir EBITA en á henni kemur Hulda með sína sýn á þetta tísku-fyrirbæri sem hefur bergmálað í nánast öllum viðskiptafréttum síðustu misseri. Á hinn sýningunni vinnur Hulda svo úr munaskrá Jóhannesar Kjarvals en slíkar skrár geta vitaskuld sagt margt um persónu þess sem skráin hefur verið haldin yfir.

„Á EBITA-sýningunni er ég með texta úr bronzi á veggjunum og frekar drusluleg gifsverk á gólfinu. Elegansinn er því á veggjunum en andstæðan á gólfinu,“ segir Hulda sem fylgist vel með fréttum úr viðskiptalífnum þótt hún hafi að eigin sögn ekki „hunds-vit á viðskiptum“.

„Ég hef tekið eftir því að forsvarmenn fyrirtækja tala mikið og fjálglega um EBITUNA sína og fór því að grafast fyrir um hvað þetta er.“

EBITA er í stuttu máli rekstrarhagnaður fyrir afskriftir en Hulda telur vel hægt að yfirfæra hugtakið yfir á annað en viðskiptalíf. „Getur ekki verið að við eigum öll okkar EBITU, til dæmis þegar við horfum til lífshamingju?“ spyr listakonan og bætir því við að mikið tal um EBITU virðist fela í sér einhvers konar feigð.

„Ég er svo heppin að ganga að alls konar sérfræðingum á Gráa kettinum. Þar ræddi ég EBITUNA

við einn viðskiptavin sem hafði lent í því í tvígang að fyrirtæki sem hann vann hjá fóru á hausinn. Skömmu áður en sjoðunum var lokað hafði hann heyrt stjórnendur tala mikið um EBITUNA þannig að nú veit hann af biturri reynslu að ef stjórnendur tala of mikið um EBITU er tími til kominn að taka pokann sinn.“

Hulda opnar svo einnig sýningu unna upp úr munaskrá Kjarvals í Bananananas á horni Barónstígs og Laugavegar í dag. „Ég las þessa skrá fyrst fyrir nokkrum árum en þetta eru 350 spjöld og á þau eru letruð innihaldslýsingar á kössum sem starfsmenn Reykjavíkurborgar notuðu þegar þeir tæmdu vinnustofu Kjarvals í lok sjöunda áratugarins. Þetta er falleg lesning og dálítið eins og að lesa ljóðabálk.“

Hulda segir að slík upptalning á persónulegum munum og því sem fólk heldur til haga segi mikið um persónu hvers og eins. „Ég hugsaði út í það þegar ég vann verkið að ég myndi varla kæra mig um að það yrði gengið svona nærri mér og allt sem ég ætti yrði tekið og skráð niður. Það er samt gaman að þessi skrá skuli vera til en þarna ægri öllu saman; úrklippum úr blöðum þessa tíma, eftirprentunum, fálkaorðu, penslum, grjóti, hreindýri úr plasti, meitli, kjálkabeini úr kind og öskubakka úr gleri,“ segir Hulda sem hefur dregið upp all sérstæða mynd af Kjarval með munaskránni.

thorarin@frettabladid.is



LÍF Í SKUGGA VIRKJUNAR Þrjú eintök af Geita-Petri og þrjú eintök af Heiðu í alþahæruðum Austurríkis.

## Virkjað í lítilli paradís

**Heiða og Geita-Pétur, Hans og Gréta og meira að segja Mjallhvít stíga fram á stóra sviði Þjóðleikhússins í kvöld. Frumsýnt verður leikritið Virkjunin eftir austurríska Nóbelsverðlaunahafann Elfriede Jelinek.**

„Verkið snýst um skiðaparadísina Kaprun í Austurríki,“ segir María Kristjánsdóttir, sem fékk það hlutverk að búa til leikgerð að einni sýningu upp úr texta skáldsins, sem María segir að gæti hæglega dugað sem efni í fimm til sex leik-sýningar. Leikgerðin er byggð á þýðingu Haflíða Arngrímssonar en leikstjóri er Þórhildur Þorleifs-dóttir.

„Kaprun er eins konar myndlíking fyrir framfara- og hagvaxtartrú okkar og græðgina sem fylgir í kjölfarið,“ bætir María við, „og hvað þessi trúarbrögð kosta bæði

okkur og náttúruna. Elfriede setur þetta allt saman í vítt samhengi og mættum við gjarnan læra af henni í umræðunni um Kárahnjúka-virkjun og áliðnaðinn hér á landi.“

Rétt hjá litla austurríska bænum Kaprun er gríðarstór vatnsaflsvirkjun, sem lengi vel var stærsta virkjun Evrópu. Virkjunin var lengi í smíðum og er talið að um 160 manns hafi látist, samkvæmt opinberum tölum þar um. Fyrir nokkrum árum varð síðan alvarlegt slys í Kaprun þegar 158 skíðamenn brunnu inni í lest á leiðinni upp á jökul.

„Lestin var smíðuð úr efnum sem fuðruðu upp og búningarnir þeirra voru líka úr efnum sem fuðruðu upp. Þau fórust þarna út af gróðasjónarmiðum iðnaðarins, má segja.“

Elfriede Jelinek er ekki þekkt fyrir að fara hefðbundnar leiðir í skrifum sínum. Hún er óhrædd við að tala um viðkvæma hluti og ekki síður óhrædd við að brjóta niður allt hefðbundið form í skáldsagna-gerð sinni jafnt sem leikritum.

„Hún notar mikið tilvitnanir frá skáldum, heimspekingum og tónskáldum og skeytir þeim saman. Svo vitnar hún líka mjög mikið í klisjur og yfirborðssnakk sem fjölmiðlar demba yfir okkur.“

María segir enga eiginlega atburðarás og enga persónur vera í verkinu, í það minnsta ekki í þeim skilningi sem venjulega er lagður í persónur og atburðarás í leikhúsum.

Þær persónur sem koma við sögu eru fengnar upp úr ævintýrum og sögum. Þarna stíga meðal annars fram þau Hans og Gréta og Mjallhvít, og að sjálfsgöðu Heiða og Geita-Pétur beint úr Ölpunum. Hver persóna skiptist síðan upp í margar persónur, þannig eru til dæmis margar Heiður og margir Pétur.

„Þessar persónur birtast á sviðinu og tala og tala og tala,“ segir María. „En það gerist margt engu að síður,“ bætir hún við enda er verið að fjalla um stóra atburði og stór siðferðileg mál.



**HULDA HÁKON** Sýnir EBITUNA sína í 101 Gallery en í verkinu kemur hún einnig inn á frelsi listamannsins. „Við erum eina stéttin í landinu sem hefur leyfi frá almenningi til að segja það sem okkur sýnist. Mér þykir mjög vænt um það frelsi og nýti mér það í textum verkana á gólfinu sem eru meðal annars sögur af daðri og spéhraðslu.“

FRETTABLAÐIÐ/VALLI

## Hvalur í Laugarnesinu

GroupG er hönnunarhópur sem samanstendur af nemendum á þriðja hári í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands. Hópurinn hefur sett upp sýningu í húsi Listaháskólans í Laugarnesinu og verður hún opin um helgina.

„Upphafið var hvalur og við ákváðum að vinna út frá þeirri hugmynd að nýta allan hvalinn eins og sauðkindin var nýtt í gamla daga,“ segir Björg Ólafsdóttir en á sýningunni reyna hönnuðirnir að virkja öll skynfæri sýningargestsins; sjón, bragð, heyrn og snertingu. „Við bjuggum saman til eitt verk og í hluta þess notuðum við innri eyru hvala en þau eru mjög falleg. Inn í hvert eyra settum við hátalara svo úr varð hljóðverk en verkið samanstendur meðal annars af þrjátíu innri eyrum. Við



**HVALUR** Hönnunarhópurinn GroupG sýnir verk sitt í húsnæði Listaháskólans í Laugarnesinu um helgina.

notuðum hvalahljóð, ekki þennan hefðbundna hvalasöng heldur önnur hljóð sem hvalirnir gefa frá sér.“

Hópurinn hafði samband við annan hönnunarhóp að nafni Designers Block og sóttist eftir að fá að sýna með honum. Það gekk eftir og GroupG sýndi verkið bæði í Tókýó og Seúl í fyrra og fékk mjög góðar viðtökur. „Það gekk heldur brösuglega að koma beinum alla leið á þessum skamma tíma sem við höfðum en sendiráðið í Japan hjálpaði okkur mjög mikið. Auk þess viljum við þakka styrktaraðilum okkar,“ segir Björg að lokum. Sýningin í Laugarnesinu verður opin frá eitt til fimm á laugardag og sunnudag og í dag verður þar fyrirlestur klukkan fjögur um ferli og ferðalag hvalaverkefnisins. Fyrir frekari upplýsingar um verkið og hópinn er bent á heimasíðuna [www.groupg.lhi.is](http://www.groupg.lhi.is). - bg



# virkjun!

eftir Elfriede Jelinek

**Frumskýnt í kvöld!**

**Aðeins 10 sýningar  
Tryggðu þér sæti!**

Leikstjóri: Þórhildur Þorleifsdóttir

**Spennandi  
frumsýningar!**



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**PÉTUR GAUTUR**

eftir Henrik Ibsen

**Vígslusýning Kassans - nýs leiksviðs Þjóðleikhússins Frumsýnt laugardagskvöld!**

LEIKGERÐ OG LEIKSTJÓRN: BALTASAR KORMÁKUR







**HAFIÐ BLÁA  
Í AUSTURBÆ**

Sun 05.03 kl: 13.30  
Sun 12.03 kl: 13.30

Miðapantanir í Austurbæ og á miðl.is.  
Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

Stóra svið Nýja svið / Litla svið

<b>RONJA RÆNINGJADÓTTIR</b>	<b>BELGÍSKA KONGÓ</b>
Lau 4/3 kl. 14. UPPS. Su 5/3 kl. 14. UPPS. Lau 11/3 kl. 14. UPPS. Su 12/3 kl. 14. UPPS. Lau 18/3 kl. 14. Su 19/3 kl. 14. UPPS. Lau 25/3 kl. 14. UPPS. Su 26/3 kl. 14.	Lau 4/3 kl. 20. UPPSELT Su 5/3 kl. 20. Fö 10/3 kl. 20. UPPS. Lau 11/3 kl. 20. UPPS. Su 12/3 kl. 20. Lau 18/3 kl. 20. Fi 23/3 kl. 20. Fi 6/4 kl. 20.
<b>CARMEN</b>	<b>ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR</b>
Í kvöld kl. 20. Lau 4/3 kl. 20. Lau 11/3 kl. 20. Lau 18/3 kl. 20. Lau 25/3 kl. 20.	Í kvöld kl. 20. UPPSELT Fi 9/3 kl. 20. Mi 15/3 kl. 20. Fi 16/3 kl. 20. Fö 24/3 kl. 20. Lau 25/3 kl. 20. UPPSELT Fi 30/3 kl. 20. Fö 31/3 kl. 30.
<b>TALAUÐU VIÐ MIG -ÍÐ-</b>	<b>HUNGUR</b>
Su 5/3 kl. 20 Gul kort. Fö 10/3 kl. 20 Rauð kort Su 19/3 kl. 20 Græn kort Su 26/3 kl. 20 Blá kort	Lau 4/3 kl. 20 Mi 8/3 kl. 20. UPPSELT Fö 10/3 kl. 20 Fi 16/3 kl. 20. Fö 17/3 kl. 20 ATH TAKMARKAÐUR SÝNINGARFJÖLDI
<b>WOYZECK</b>	<b>NAGLINN</b>
AUKASÝNINGAR: Su 12/3 kl. 20. Fi 23/3 kl. 20.	Fi 2/3 kl. 20. Fö 3/3 kl. 20. UPPSELT Lau 11/3 kl. 20. Su 12/3 kl. 20. UPPSELT Lau 18/3 kl. 20. UPPSELT
<b>KALLI Á ÞAKINU</b>	<b>GLÆPUR GEGN DISKÓINU</b>
Fi 13/4 kl. 14. Lau 15/4 kl. 14. Má 17/4 kl. 14. Fi 20/4 kl. 14.	Fö 17/3 kl. 20. Su 26/3 kl. 20.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

**Þjóðleikhúsið - leikhúsið þitt!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00**

**TÚSKILDINGSÓPERAN**  
Aukasýningar í mars: Sun. 5/3 örfá sæti laus og sun. 12/3 örfá sæti laus, sun. 19/3 nokkur sæti laus, sun. 26/3. **Síðustu sýningar.**

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR**  
Aukasýningar sun. 5/3 kl. 13:00 örfá sæti laus og sun. 12/3 kl. 13:00. **Allra síðustu sýningar.**

**VIRKJUNIN**  
Frumasýning í kvöld fös. 3/3 uppselt, 2. sýn. lau. 4/3 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 9/3 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 10/3 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 11/3 örfá sæti laus.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI**  
Lau. 4/3 kl. 17:00 uppselt, sun. 5/3 uppselt, þri. 7/3 uppselt, mið. 8/3 uppselt, lau. 11/3 kl. 17:00 uppselt, sun. 12/3 uppselt, mið. 15/3 uppselt, lau. 18/3 kl. 17:00 uppselt, sun. 19/3 kl. 17:00 uppselt og kl. 20:00 örfá sæti laus, mið. 22/3 uppselt, fim. 23/3, lau. 25/3 kl. 17:00 uppselt.

**SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU**  
Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður  
Sun. 5/3 kl. 18:00 uppselt, sun. 12/3 kl. 18:00 uppselt.

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR**  
Frumasýning lau. 4/3 uppselt, fim 9/3 uppselt, fös. 10/3 uppselt, lau. 11/3 örfá sæti laus, fim. 16/3, fös. 17/3.  
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

**LEIKHÚSKJALLARINN**  
Leikhúskjallarin - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!  
Leikhúsvésla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.  
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

# Opnað með Slembilukku

Nýtt gallerí, Anima, verður opnað við Ingólfsstræti í dag. Þar verður tónlistinni gert hátt undir höfði, ekki síður en myndlistinni.

„Slembilukka“ nefnist sýning Bjarna Sigurbjörnssonar myndlistarmanns, sem opnuð verður í nýju gallerí við Ingólfsstræti í dag. Galleríð heitir Anima og er til húsa að Ingólfsstræti 8.

Bjarni er þekktur fyrir tilraunakenndar efnahvarfamyndir sem hann efur málað á gagnsæjan flöt. Í verkunum má lesa átök málans við efnio og skynja hvernig hreyfingar hans grípa inn í og móta myndflötinn og ferla efnanna sem renna um hann.

Meginverk sýningarinnar verða þrjú málverk sem mynda þrenningu, þar sem ein hreyfing gengur í gegnum allar þrjár myndirnar og yfirtekur salinn ... Slamm, Slumm og Splass.

Eigandi nýja gallerísins er Hólmfríður Jóhannesdóttir. Hún er söngkona og söngkennari og ætlar sér að gera tónlistinni jafn hátt undir höfði og myndlistinni í þessu nýja gallerí sínu.

„Þetta byrjaði allt saman þannig að ég fór að leita mér að æfingahúsnæði,“ segir Hólmfríður. Sú leit bar engan árangur fyrr en hún rakst á þetta 100 fermetra húsnæði við Ingólfsstrætið, í sama húsi og gallerí 18 var fyrst staðsett.

„Ég sá það strax fyrir mér að hafa þarna flygil og gallerí og sam-



**BJARNI SIGURBJÖRNSSON, HÓLMFRÍÐUR JÓHANNESSDÓTTIR OG KRISTINN MÁR PÁLMASSON**  
Bjarni verður fyrstur myndlistarmanna til þess að opna sýningu í splunkunýju gallerí þeirra Hólmfríðar og Kristins við Ingólfsstræti.

eina þetta tvennt, gera eitthvað nýtt.“

Hólmfríður ætlar að reka þarna söngskóla, sem verður opinn þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga, en galleríð verður svo opið föstudaga, laugardaga og sunnudaga.

„Svo er líka meiningin að hafa sýninguna opna meðan ég er að kenna ef söngnemandinn vill. Það væri svolítið skemmtilegt. Svo eru gluggarnir svo stórir að fólk sér alltaf inn.“

Þótt Hólmfríður komi úr tónlist-

arheiminum er myndlistarheimurinn ekki langt undan. Hún hefur starfað á Listasafni Íslands í tvö ár, „og svo er kærastinn minn myndlistarmaður, þannig að ég er búin að vera svolítið tengd myndlistinni síðustu árin.“

Kærastinn hennar er Kristinn Már Pálmasson, sem verður sýningastjóri Gallerísins.

Nú þegar er búin að skipuleggja næstu sýningar, en ný sýning verður opnuð í galleríinu í hverjum mánuði.

## Æskilegt að snerta

„Venjulega á fólk ekkert að koma við málverkin, bara horfa á þau, en á þessari sýningu verður fólk að labba upp að málverkunum og snerta þau. Það hafa allir gert sem komið hafa á sýninguna. Fólk verður að káfa á þessu,“ segir Birgir Breiðdal myndlistarmaður, sem um síðustu helgi opnaði sýningu í Einholti 6 ásamt konu sinni, Ásu Heiðar Rúnarsdóttur myndlistarkonu.

Þetta er í senn myndlistar- og hönnunarsýning, því Birgir sýnir málverk en Ása notuð húsgögn sem hún hefur gefið andlitslyftingu að eigin hætti.

Sýningu sína nefna þau Munúðarfull, og vísa þar til áferðar verkanna sem beinlínis kalla á snertingu.

„Ég mála bara í áferðum,“ segir Birgir um málverkin sín, og bætir því við að þau séu „svört og hvít og svo smá rauður litur með sem varalitur til að poppa þetta aðeins upp“.

Meira vill hann ekki segja um málverkin sín, en lýsir því nánar hvernig Ása meðhöndlar húsgögnin til þess að gefa þeim nýtt líf. Til dæmis festir hún á þau ljósmyndir, þekur þau með grænu flaueli eða munstri úr perlum



**BIRGIR BREIÐDAL** Birgir stendur þarna við 50 ára gamlan „Kiljanstól“, sem afi hans smíðaði á sínum tíma en hlotið hefur nýstárlega andlitslyftingu.

eins og börnin nota til þess að „perla“ með.

„Við erum með lifandi sýningu þar sem við bjóðum öðrum listamönnum að koma og vera með atriði.“ Á opnuninni setti til dæmis drekkhlaðið ávaxtaborð

sterkan svip á sýninguna og sá leikur verður endurtekinn á morgun, þótt maturinn verði af öðru tagi. Eftir viku verður síðan tónlistaratriði með Hlödver Jökullssyni og Tómasi A. Ragnarsyni.

**Leikfélag Mosfellssveitar Í BEINNI**  
eftir Hrafkel Stefánsson og Nóa Kristinsson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ  
Leikstjóri: Guðný María Jónsdóttir

5. sýning Laugard. 4.mar. kl. 20:00  
6. sýning Föstud. 10.mar. kl.20:00  
7. sýning Föstud. 17.mar. kl.20:00  
8. sýning Laugard. 25.mar. kl.20:00

*Leikritið gerist í lokabætti spjallþáttarinnar Í beinni, útsendingin gengur þó ekki átakalaust fyrir sig og hinar óvæntustu uppákomur setja svip sinn á atburðarásina. Einnig er í sýningunni skýggjst baksviðs. Þetta er bráðfýndið leikrit sem óhætt er að mæla með.*

Miðasala í síma 5 66 77 88  
Miðaverð kr. 1800,-  
www.leikmos.is

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

28 1 2 3 4 5 6

#### Föstudagur

#### ■ ■ TÓNLEIKAR

17.00 Þórir kemur fram í versluninni 12 Tónum.

21.30 Ragnheiður Gröndal söngkona heldur tónleika á Café Kulture ásamt þriggja manna hljómsveit sem skipa, **Haukur Gröndal** klarinett, **Ástvaldur Traustason** harmonikka og **Róbert Þórhallsson** bassi.

22.00 Hljómsveitimar **Nílfisk, Weapons** og **Sprengjuhöllin** halda tónleika á Ellefunni.

23.00 Þórir heldur tónleika á Grand Rokk ásamt hljómsveit. Einnig kemur fram **Jakobínarína** og hugsanlega óvæntir gestir.

#### ■ ■ OPNANIR

16.00 **Hulda Hákon** opnar sýninguna Munaskrá í Bananananas á horni Laugavegar og Barónsstígs.

17.00 **Hulda Hákon** opnar sýningu sína, Ebíta, í 101 Gallery á Hverfisgötu 18a.

Sýning á ljósmyndaröðinni Calcutta / Bombay eftir **Christopher Taylor** verður opnuð í Skotinu, Ljósmyndasafni Íslands, á 6. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15.

#### ■ ■ LEIKLIST

20.00 **Virkjunin** eftir Nóbelsverðlaunahafann **Elfriede Jelinek** verður frumsýnd á stóra sviði Þjóðleikhússins í leikgerð **Mariu Kristjánsdóttur**. Leikstjóri er **Þórhildur Þorleifsdóttir**.

#### ■ ■ FYRIRLESTRAR

16.00 Hópurinn **GroupG** heldur fyrirlestur og sýningu á **Hvalaverkefni** í LHI, Laugarnesvegi 91. Hópurinn fjallar um þróun verksins og sýningarferð til Tókýó og Seoul.

„Við erum með lítinn hóp eins og stendur en það eru gerðar kröfur um góðan árangur og því verða þeir ungu leikmenn sem eru hjá liðinu að fá hjál. Við erum með marga unga leikmenn en reynsluna skortir. Það eru margir leikmenn farnir frá því í fyrri, meðal annars Hólmar Örn Rúnarsson og Hörður Sveinsson sem var okkar markahæsti maður enda er erfitt að fá leikmenn. Þeir leikmenn sem eru á höfuðborgarsvæðinu nenna ekki að keyra Reykjanesbrautina en allir mínir leikmenn búa hér í Keflavík. Við lentum í fjórða sæti á síðasta tímabili og þrátt fyrir miklar blóðtökur þá er krafan sú að lenda ekki neðar“, sagði Kristján að lokum. -hþ





Veldu Mondeo Ghia í dag

# Ríkulegri en Avensis Sol

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spannandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

## Veldu Mondeo Ghia í stað Avensis Sol

Ný hönnun færir Ford Mondeo nær þeim glæsileika nafnið stendur fyrir. Eiginleikar Mondeo eru í samræmi við vestræn gildi okkar Íslendinga. Hugmyndir okkar og ný tákni um lífsgæði; fegurð, styrk, ást og umhyggju fyrir hvort öðru kristallast í hönnun á nýjum Mondeo. Gömul tákni eru fallin. Og ný tekin við. Öryggi Ford, styrkleikinn, mýktin, sportið og glæsilegt útlit Mondeo kallar á nýjan samannburð. Berðu saman Toyota Avensis Sol við Ford Mondeo Ghia. Skoðuðu staðalbúnaðinn, lið fyrir lið. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og endursólu Ford. Þegar allt er tekið með og verð borið saman við gæði verður til nýtt leiðarljós fyrir val á rétta bílnum. Veldu Ford Mondeo.

Staðalbúnaður Mondeo Ghia er ríkulegri en Avensis Sol: Þú færð 2,0 lítra, 145 hestafla Mondeo með 190 Nm tugi. Skoðuðu nýjasta öryggisbúnaðinn; IPS öryggis-

## Nýr Ford Mondeo Ghia: Lægra verð, meiri búnaður.\*

Kaupverð	Beinskiptur	Sjálfskiptur
Ford Mondeo Ghia 4 dyra 2,0i	2.260.000 kr.	2.400.000 kr.
Ford Mondeo Ghia 5 dyra 2,0i	2.320.000 kr.	2.460.000 kr.
Ford Mondeo Ghia Wagon 2,0i	2.380.000 kr.	2.520.000 kr.

kerfið, háshnykksvörnina, ESP stöðugleikastýrikerfið sem dregur úr líkum á að billinn skriki til, TCS spólvörn sem tryggir akstur úr kyrrstöðu í snjó og hálfu. Gott fyrir íslenskar aðstæður. Á köldum vetri er ísing á framrúðu ekki heldur vandamál í Mondeo þar sem hún er öll upp-hitanleg. Í náttmyrkrunu lýsa ljósin í hliðarspeglunum upp tilveruna þér til öryggis. Þú heldur þægilegum hraða með hraðastillingum, hækkar eða lækkar ökumannssætið eftir þörfum með rafdrifinni hæðarstillingu og bíður eftir að regnskynjarinn setji rúðupurrkumar af stað. Viðarferð í innréttingu gefur stemningu ásamt krómi við skott-opnun, afturljós, hliðarrúður og krómuðum hurðar-húnum. Berðu saman verð og gæði. Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Vertu á Ford.

Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákni um gæði.

## Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

ESP stöðugleikastýrikerfi  
TCS spólvörn  
Tölvustýrð loftkæling með hitastýringu  
16" Ghia álfelgur  
Viðarferð í innréttingu  
Regnskynjari í framrúðu  
Upphitanleg framrúða  
Aksturstölva  
Hraðastillir  
Öryggisþúðar að framan  
Öryggisþúðar í hliðum framsæta  
Öryggisþúðagardínur í hliðum  
Stíllanlegur hiti í framsætum

Baksýnispegill með sjálfvirkri dimmingu  
Rafkúnar rúður að framan og aftan  
Hálshnykksvörn í framsætum  
IPS öryggisbúnaður  
ABS hemlakerfi  
EBD hemlajöfnun  
Fjarstýrð samlæsing  
Pokuljós að framan  
Rafdrifin hæðarstilling á ökumannssæti  
Fjölstillanleg stýri  
Geislaspilari

## Hægt að fá aukalega:

Barnasetur í aftursæti  
Leðuráklæði  
Rafdrifin hæðarstilling á farþegasæti  
DVD spilari og skjár  
Rafdrifin sölluga  
Sony hljómflutningstæki  
Upphitanlegt aftursæti

Xenon gasluktri þjófavörn  
Bakkskynjari  
Aðfellanlegir útispeglar  
Dökkliðaðar rúður að aftan  
Leður/tau áklæði  
Loftkælanleg framsæti



## Fáðu meira fyrir minna. Keyptu Mondeo Ghia.

### Skoðuðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi



● **Ford Fiesta Trend**  
3 dyra 1,4i 5 girja\*  
Kauverð 1.360.000 kr.  
Bílasamningur 18.930 kr.  
Rekstrarleiga 27.980 kr.



● **Ford Fusion Trend**  
5 dyra 1,4i 5 girja\*  
Kauverð 1.470.000 kr.  
Bílasamningur 19.990 kr.  
Rekstrarleiga 28.820 kr.



● **Ford Focus Trend**  
5 dyra 1,6i 5 girja\*  
Kauverð 1.890.000 kr.  
Bílasamningur 25.730 kr.  
Rekstrarleiga 33.990 kr.



● **Ford Focus C-Max Trend**  
5 dyra 1,6i 5 girja\*  
Kauverð 1.845.000 kr.  
Bílasamningur 25.000 kr.  
Rekstrarleiga 32.200 kr.



● **Ford Mondeo Ghia**  
4 dyra 2,0i 5 girja\*  
Kauverð 2.260.000 kr.  
Bílasamningur 30.785 kr.  
Rekstrarleiga 42.200 kr.



● **Ford Galaxy Trend**  
7 manna 2,0i 5 girja\*  
Kauverð 2.605.000 kr.  
Bílasamningur 35.480 kr.  
Rekstrarleiga 47.990 kr.



● **Ford Mustang Deluxe**  
Coupe 4,0i V6 5 girja\*  
Kauverð 2.860.000 kr.  
Bílasamningur 38.960 kr.



● **Ford Escape XLS 4x4**  
5 dyra 2,3i sjálfskiptur\*  
Kauverð 2.690.000 kr.  
Bílasamningur 36.650 kr.  
Rekstrarleiga 48.980 kr.



● **Ford Freestyle SEL 4x4**  
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur\*  
Kauverð 3.660.000 kr.  
Bílasamningur 46.950 kr.  
Rekstrarleiga 61.960 kr.



● **Ford Explorer XLT 4x4**  
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur\*  
Kauverð 3.790.000 kr.  
Bílasamningur 51.630 kr.  
Rekstrarleiga 71.750 kr.



● **Ford Expedition XLT 4x4**  
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur\*  
Kauverð 4.395.000 kr.  
Bílasamningur 59.870 kr.  
Rekstrarleiga 83.920 kr.



● **Ford Ranger XL Crew Cab 4x4**  
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 girja\*  
Kauverð 2.370.000 kr.  
Bílasamningur 32.280 kr.  
Rekstrarleiga 43.900 kr.



● **Ford F150 Lariat**  
SuperCrew 4x4  
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur\*  
Kauverð 3.495.000 kr.  
Bílasamningur 47.610 kr.




● **Ford F350 Lariat**  
Crew Cab 4x4 4 dyra  
6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur\*  
Kauverð 3.995.000 kr.  
Bílasamningur 54.420 kr.



## Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðuðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



Ford er meðal vinsælastu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.



Öruggur staður til að vera á

\* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarla. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueltilit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. \*\* Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd af Ranger er tvílitur.



## ÚR SPORTINU

David Beckham sagði í gær að eitt hvert yfirmátturulegt afl hefði leitt hann í gegnum lífið og haft stór áhrif á allar þær ákvarðanir sem hann hefur tekið á knattspyrnuferlinum. „Það er eitthvað þarna sem fylgist með mér og dæmir gjörðir mínar. Ég trúi því að einhver yfirmátturulegur kraftur búi í öllum,“ sagði Beckham.



Christian Christiansen, danski sóknarmaðurinn í herbúðum Fylkis, er handarbrotinn og verður frá æfingum og keppni næstu 10 daga. Christiansen er með brotna pípu sem þykir minni háttar handarbrot.

Englandsmeistarar Chelsea leiða kapphlaupið um heitasta fenging fyrir næsta sumar, miðjumanninn Michael Ballack. Þjóðverjinn verður samningslaus í sumar og mun yfirgefa Bayern München sem hann kom til árið 2002 frá Leverkusen. „Það er ekki búíð að skrifa undir neitt en við munum halda áfram að ræða við Chelsea. Það er mikill áhugi hjá báðum aðilum og Chelsea er líklegasti kosturinn,“ segir umboðsmaður leikmannsins.



Þó að flest bendi til þess að Sir Alex Ferguson og Roy Keane hafi skilið í illu þá stöðvar það ekki Fergie frá því að mæra gamla fyrirliðann sinn í bak og fyrir og spá honum miklum frama sem knattspyrnustjóra. „Hann er mjög hvetjandi og ákveðinn karakter. Ég sé margt af mér í Roy og ófugt. Hann stóð sig frábærlega hjá mér og er sá besti sem ég hef þjáfað,“ sagði Ferguson.



# Grindavík hafði betur í rosalegum körfuboltaleik

Grindvíkingar unnu topplið Njarðvíkur í Iceland-Express deild karla í gærkvöld en framlengingu þurfti til að knýja fram lokaúrslitin, 116-112.

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar voru sterkari í fyrri hálfleik og öllu heppnari en Njarðvíkingar en þeim gekk illa að láta skot sín rata rétta leið. Grindvíkingar voru baráttuglaðari en fyrsti leikhliuti var jafn og spennandi. Í öðrum leikhliuta dró meira í sundur hjá liðunum þar sem Grindvíkingar tóku yfirhöndina og voru þeir ávallt skrefinu á undan.

Þjálfarar liðanna voru báðir óhressir með dómara á köflum en spennustigið var hátt, innan sem utan vallar. Þessir erkiþjendur börðust af miklum krafti og ósjaldan hentu menn sér á eftir boltanum sem skipti oft sköpum. Áhorfendur tóku engan þátt í leiknum fyrir en undir lok annars leikhliuta þegar Grindvíkingar röðuðu niður körfunum en í honum skorðu þeir 36 stig gegn 22 stigum Njarðvíkinga.

Jeremiah Johnson fór fyrir Grindvíkingum allan leikinn og spilaði frábærlega. Auk þess að skora 44 stig stal hann boltanum, tók fráköst og fann samherja sína hvað eftir annað. Njarðvíkingar réðu ekkert við Bandaríkjamanninn sem lék við hvern sinn fingur og var lykillinn að sigri Grindvíkinga.

Njarðvíkingar komu ákveðin til leiks í síðari hálfleik en Grindvíkingar gáfu ekkert eftir. Gestirnir löguðu stöðu sína með betri varnarleik í þriðja leikhliuta og þeir minnkuðu muninn jafnt og þétt. Lokamínúturnar voru æsispennandi og Jeb Ivey jafnaði úr



JEB IVEY Var bestur Njarðvíkinga í gærkvöldi og skoraði 30 stig. Hér sést hann skora eina af körfum sínum án þess að Páll Axel Vilbergsson komi vörnum við. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

þriggja stiga skoti þegar átta sekúndur oru eftir og tryggði Njarðvíkingum framlengingu þar sem spennan var í algleymingi.

Njarðvíkingar byrjuðu betur og jafnt var á nánast öllum tölum en Grindvíkingar höfðu þrem stigum yfir þegar hálf mínúta var eftir. Njarðvíkingar gátu jafnað en tvö þriggja stiga skot þeirra geiguðu og Grindvíkingar tryggðu sér sigurinn.

„Við vorum lélegir í venjulegum leiktíma. Varnarleikurinn var slakur og ég er alls ekki ánægður með það. Það voru margir skrítnir dómur í þessum leik og ég var sérstaklega ósáttur í framlenging-

unni en heilt yfir voru þetta líklega jafn mörg mistök á báða bóga,“ sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, eftir leikinn.

„Þetta var rosalegur körfuboltaleikur sem bauð upp á allt sem góður íþróttaviðburður hefur upp á að bjóða. En ég er fyrst og fremst gríðarlega stoltur af mínu liði að stíga upp. Svona leikir gefa körfuboltanum auknið gildi fyrir áhorfendur og það er alltaf gaman að vinna svona leiki, það er jafn skemmtilegt og það er leiðinlegt að tapa þeim,“ sagði Friðrik Ingi Rúnarsson, þjálfari Grindavíkur, eftir leikinn. hjalti@frettabladid.is

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

## Intersport-deild karla:

GRINDAVÍK-NJARÐVÍK	116-112
Stig Grindavíkur:	Jeremiah Johnson 44, Þorleifur Ólafsson 30, Páll Axel Vilbergsson 22, Nedsad Biberovic, Davíð Hermannsson 6, Páll Kristinnson 3, Björn Brynjólfsson 3, Helgi Jónas Guðfinnson 2.
Stig Njarðvíkur:	Jeb Ivey 30, Brenton Birmingham 23, Jóhann Ólafsson 18, Friðrik Stefánsson 13, Guðmundur Jónsson 12, Egill Jónasson 7, Halldór Karlsson 6, Ragnar Ragnarsson 3.
SNÆFELL-KR	59-63
Stig Snæfells:	Magni Hafsteinsson 21 (5 af 7 í þriggja), Igor Belenski 15 (11 fráköst)
Stig KR:	Pálmi Sigurgeirsson 18 (5 stolnir), Melvin Scott 17 (10 frák., 7 stoðs.).
HÖTTUR-SKALLAGRÍMUR	87-98
Stig Hattar:	Milojica Zekovic 23, Eugene Cristopher 21, Peter Cemelovsky 19(6 varin ), Loftur Þór Einarsson 13, Viðar Örn Hafsteinsson 10.
Stig Skallagríms:	Jovan Zdravovski 30, Dimitar Karadzovski 30, Pétur Már Sigurðsson 16.
HAMAR/SELFOSS-ÞÓR	87-85
Stig Hamars/Selfoss:	Clofton Cook 32, Friðrik Hreinsson 12.
Stig Þórs:	Helgi Margeirsson 23, Hrafn Jóhannsson 10.
KEFLAVÍK-FJÖLNIR	97-91
Ekki fengust upplýsingar um stigahæstu menn áður en blaðið fór í prentun.	
ÍR-HAUKAR	83-80
Ekki fengust upplýsingar um stigahæstu menn áður en blaðið fór í prentun.	

## STABAN:

NJARÐVÍK	20	16	4	1763-1451	32
KEFLAVÍK	20	16	4	1816-1668	32
KR	20	14	6	1674-1556	28
GRINDAVÍK	20	13	7	1939-1732	26
SKALLAGR.	20	13	7	1779-1598	26
SNÆFELL	20	12	8	1669-1589	24

## Intersport-deild kvenna:

HAUKAR-KR	102-51
Stig Hauka:	Helena Sverrisdóttir 23, Pálína Gunnlaugsdóttir 15, Sigrún Ámundadóttir 15.
Stig KR:	Vanja Pericin 15.

## LOGI MED 43 STIG

Logi Gunnarsson var í miklu stuði og skoraði 43 stig fyrir lið sitt Bayeruth í þýsku 2. deildinni í fyrrakvöld en þá sigraði liðið Breitungsbach 111-105. Logi var langstígahæstur á vellinum.

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

# BARCELONA DEPORTIVO

LAUGARDAG KL. 20:50

LAUGARDAG  
MEISTARAEILDIN Í HANDBOLTA  
15:20 Portland - Barcelona

SPÆNSKI BOLTINN  
18:50 Real Madrid - Atl. Madrid  
20:50 Barcelona - Deportivo

BOX  
22:50 Jeff Lacy - Jow Calzaghe

SUNNUDAG  
US PGA  
20:00 Ford Championship

ÍTALSKI BOLTINN  
19:25 Roma - Inter Sýn Extra

**SYN**  
besta sætið



REYKJAVÍKURMEISTARAR Gunnar Sigurðsson og Helgi Sigurðsson tóku glaðbeittir á móti sigurlauninum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Úrslitin í Reykjavíkurmótinu í fótbolta réðust í gær:

## Fram sigraði örugglega

**FÓTBOLTI** Framarar eru Reykjavíkurmestarar í knattspyrnu eftir sannfærandi 2-0 sigur á Víkingi í Egilshöllinni í gærkvöld. Sigur Fram var sanngjarn og eftir að hafa náð 2-0 forystu í fyrri hálfleik varðist liðið fimlega í þeim síðari og hélt hreinu.

Það var Þorbjörn Atli Sveinsson sem skoraði fyrsta markið af stuttu færi þegar skammt var liðið af leiknum en Ingvar Óla-

son bætti við öðru markinu með skoti beint úr aukaspyrnu í lok fyrri hálfleiks. Fram, sem spilar í 1. deildinni á næstu leiktíð, var sterkari aðilinn í fyrri hálfleik gegn úrvalsdeildarliðinu Víkingi en dæmið snerist við í þeim síðari þar sem þeir röndóttu reyndu sitt besta til að minnka muninn, án árangurs. Næstur komst Grétar Sigfinnur Sigurðsson en skot hans hafnaði í stönginni um miðbik hálfleiksins.

Allen Iverson:

## Komst ekki í landsliðið

**KÖRFUBOLTI** Stórstjarnan Allen Iverson var ekki valin í 22 manna æfingahóp bandaríska körfuboltalandsliðsins fyrir HM í körfubolta sem fram fer næsta sumar. 15 munu síðan fara á HM en mótið fer fram í Japan að þessu sinni.

„Ég var einfaldlega ekki valinn. Ég er hvorki bitur né svekktur. Í staðinn fæ ég að eyða meiri tíma með fjölskyldunni í sumar sem er frábært. Ég vona samt að liðið næli í gullverðlaun,“ sagði Iverson sem fór fyrir liði Bandaríkjamanna sem olli gríðarlegum vonbrigðum á Ólympíuleikunum í Aþenu. - hbg



ALLEN IVERSON Spilar ekki með landsliðinu á HM í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



# Frí tölvva!

Allir sem taka tölvutilboð BTnet fá tölvu!



**4Mb/s**  
extra light

Tölvutilboð

**ADSL V16**

## V16 extra light tölvutilboð

- Frí fartölva
- Hraði: 4Mb/s.
- Ótakmarkað niðurhal
- Gjafabréf frá Tónlist.is
- Innfalið 3 pósthöng.
- Frítt í bió á BTnet.is
- Afnot af þráðlausum beinir án endurgjalds\*

**5.990 kr. á mánuði\***

Kíktu í næstu BT verslun og taktu áskrift  
**...og fáðu fría tölvu með!**

Gríptu tölvuna meðan hún gefst ;)



**...taktu fleiri bita!**



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„You're black. You're not even a nigger. You're an African.“

Colonel Oliver úr kvikmyndinni Hotel Rwanda árið 2004.  
Svar:

# dagskrá



VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON RÝNIR Í GETTU BETUR-LÚÐA

## Vert'ei spar að spyrja

Það er ekki að óseku að margir horfa á Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna, sér til skemmtunar, enda ágætis dægurvöl að spreya sig á léttum spurningum um hitt og þetta.

En Gettu betur á líka sína skuggahliðar. Þeir eru nefnilega til sem einhverja hluta vegna hafa óhóflegan áhuga á keppninni og láta hann hlaupa með sig í gönur. Þeir sem eru haldnir þessari ónáttúru eru í daglegu tali uppnefndir „Gettu-betur lúðar“ og eiga það allar sameiginlegt að hafa ekki komist yfir blætiskennan áhuga sinn á keppninni eftir útskrift. Líf „Gettu betur-lúðans“ gengur út á það eitt að þefa uppi spurningakeppni; hann helgar blogg síðuna sína keppninni þótt hann sé langt kominn á þrítugsaldur, mætir óboðinn í parti þar sem hann veit af nokkrum keppendum og




GETTU BETUR Ekkert smá tignarlegt sport.

eyðir ómældum tíma í að hringja í útvarpsstöðvar til að svara nokkrum „lauflettum spurningum“. Ég heyrði af einum sem dró meira að segja fram Gettu betur-spilið í erfidykkju.

Já, lífið er spurning, en ekki hvaða spurning sem er; það verður að vera hægt að fletta henni upp í orðabók, landabréfabók, alfræðiriti eða á Google og svara í einni setningu. Fró „Gettu betur-lúðans“ felst í að heyra orðið „rétt“, eftir að hafa gjammað úr sér ártali á ógnarhraða og finna endorfnið vella um líkamann.


Gettu betur-heilkennið getur tekið sér bólfestu í hverjum sem er, en í mesta áhættuhópnum eru þeir sem hafa komist í úrslit, en tapað. Á föstudögum sjást þeir oft, með tómt augnaróð og blóðbragð í munni, arkandi niður Smíðjustíginn í leit að ósvörðum spurningum. Ekki spyrja neins ef einn þeirra verður á vegi þínum. Það gæti orðið þitt síðasta.



20.40

Kvikmyndir

NOT QUITE HUMAN



20.30

Keppni

IDOL - STJÖRNULEIT



22.00

Raunveruleiki


IDOL EXTRA LIVE



20:00

Spenna

CHARMED



20.00

Bílar

MOTORWORLD

### SIJÓNVARPIÐ

### SIKURUS

### SKJÁREINN

### SYN besta samtíð

17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Tobbi tvisvar (24:26) 18.25 Dalabræður (6:12)

6.58 Ísland í bitið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.05 Það var lagið 12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e)

14.30 Ripley's Believe it or not! (e) 15.15 Game tívi (e) 15.45 Australia's Next Top Model - lokabáttur (e) 16.45 Upphitun 17.15 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

18.00 Íþróttaspjallíð 18.12 Sportíð

19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós 20.10 Latibær

20.40 Disneymyndin - Ekki alveg mennskur (Not Quite Human) Vísindamaður býr til vélmanni í líki unglings og sendir það með dóttur sinni í skólann en fyrirverandi starfsmaður hans reynir að komast yfir vélmannið til að græða á því.

22.10 Mjólkurpósturinn (The Calcium Kid) Bresk gamanmynd frá 2004 um mjólkurpóst sem stundar hnefaleika í fristundum. Fyrir undarlega tilviljun lendir hann í því að berjast við heimsmeistarann í heimabæ sínum. Bönnuð börnum.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag 20.00 Simpsons (8:21) Uppataka þar sem Hómer dansar æsilegan sigurdans lekur á netið. Þegar ruðningsstjarna hefur samband við hann og fær leyfi til að gera dansinn að sínum ákveður hann að leggja þetta fyrir sig. 20.30 Idol - Stjörnuleit (Smáralind 6) Átta keppa til úrslita í beinni útsendingu og verður það á valdi áhorfenda að skera úr hverjir komast áfram með símakosningu. 22.00 Punk'd (13:16) (Gómaður) Benjamin McKenzie, Jason Bateman og Akon 22.30 Idol - Stjörnuleit (Smáralind 6 - atkvæðagreiðsla) Úrslit símakosninga.

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag 20.00 Sírkus RVK (18:30) (e) 20.30 Kallarnir Nr. 5 (e) 21.00 Splash TV 2006 (e) 21.30 Idol extra 2005/2006 (e) Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol Stjörnuleitina. 22.00 Idol extra Live Bein útsending frá Smáralindinni þar sem Svavar Örn fer með okkur á bak við tjöldin á meðan þjóðin kys sitt uppahald. 22.30 Supernatural (3:22) (e) (Dead In The Water) Bræðurnir Sam og Dean hafa frá barnæsku hjálpað föður þeirra að finna illu öflin sem myrtu móður þeirra.

19.00 Cheers - 10. þáttaröð 19.25 Fasteignasjónvarpið 19.35 Everybody loves Raymond (e) 20.00 Charmed - lokabáttur Gideon sendir Chris og Leo í heim þar sem að illskan er allráðandi og Piper felur barnið sitt. 20.50 Stargate SG-1 Sonur Tealc er í hættu og hann biður Stargate-liðið um að hjálpa honum. 21.40 Ripley's Believe it or not! í þáttunum er farið um heim allan, rætt við og fjallað um óvenjulegar aðstæður, sérkennilega einstaklinga og furðuleg fyrirbæri. 22.30 Worst Case Scenario Frábærir þættir um hvernig ósköp venjulegt fólk bregst við óvenjulegum aðstæðum.

18.30 US PGA 2005 - Inside the PGA T 19.00 Gillette World Sport 2006 19.30 UEFA Champions League (Meistaradeild Evrópu fréttabáttur) Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu. 20.00 Motorworld Kraftmikill þáttur um all þáð nýjasta í heimi akstursíþrótt. 20.25 Supersport 2006 20.30 World Supercross GP 2005-06 21.30 World Poker (Heimsmeistarakeppnin í Póker) (Bicycle Casino's Legends Of Poker Tournament) Slyngustu fjárhættuspílarar veraldar mæta til leiks á HM

23.35 Vetrarólympíuleikarnir í Tórinó 2.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

23.00 Listen Up 23.25 Storytelling (Str. b. börnum) 0.50 Death to Smoochy 2.35 Dead Simple (Str. b. börnum) 4.10 Punk'd 4.30 Simpsons 4.55 Fréttir og Ísland í dag 6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

23.15 X-Files Nr. 3 (e) 0.00 Laguna Beach (11:17) (e)

23.15 Celebrities Uncensored 0.00 Strange (e) 1.00 Law & Order: Trial by Jury (e) 1.50 The Bachelor VI (e) 2.40 Sex Inspectors (e) 3.15 Tvöfaldur Jay Leno (e) 4.45 Östðvandi tónlist

23.00 Intersport-deildin

### BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 In the Bedroom (Bönnuð börnum) 8.10 Live From Bagdad 10.00 A View From the Top 12.00 On the Line 14.00 Live From Bagdad 16.00 A View From the Top 18.00 On the Line 20.00 In the Bedroom (Í svefnerberginu) Bönnuð börnum. 22.10 Master and Commander: The Far Side of the World (Sjólíðsforingir á hjara veraldar) Bönnuð börnum. 0.25 Patton (e) 3.45 Master and Commander: The Far Side of the World (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

12.00 E! Entertainment Specials 13.00 E! News 13.30 Gastineau Girls 14.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 15.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 16.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 17.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 18.00 Gastineau Girls 18.30 Gastineau Girls 19.00 E! News 19.30 Celebrity Soup 20.00 E! Entertainment Specials 21.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 22.00 Girls of the Playboy Mansion 22.30 Girls of the Playboy Mansion 23.00 Celebrity Soup 23.30 Wild On Tara 0.00 E! News 0.30 Celebrity Soup 1.00 Girls of the Playboy Mansion 1.30 Hot Love Gone Bad 2.00 E! Entertainment Specials

### AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

7.00 Stúðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ (e) 8.00 Stúðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ (e) 14.00 Charlton - Aston Villa frá 25.02 16.00 Bolton - Fulham frá 25.02 18.00 Blackburn - Arsenal frá 25.02

20.00 Upphitun 20.30 Stúðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ (e) 21.30 Man. Utd. - West Ham 23.30 Upphitun (e) 0.00 Liverpool - Man. City frá 26.02 2.00 Dagskrárlok

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



## HVER FER HEIM Í KVÖLD?

Í beinni útsendingu frá Smáralind - í kvöld kl. 20:30



GOTTI FOLK MCCANN



**VIÐ MÆLUM MEÐ ...**

**Idol-stjörnuleit** Stöð 2, kl. 20.30

**Breska poppbylgjan 1960-1970 við lýði í kvöld**

*Simmí og Jói verða á staðnum og segja fimmaurbrandara.*

Sjö manna úrslit Idol-Stjörnuleitar eru í kvöld. Sem endra nær fer keppnin fram í Vetrargarðinum í Smáralindinni á nýhönnuðu og stórglæsilegu sviði. Þema þáttarins í kvöld er breska poppbylgjan sem varði frá árunum 1960-1970. Þá ber einnig að minna á Idol Extra Live - þátt sem verður á dagskrá á sjónvarpsstöðinni Sírkus öll föstudagskvöld. Þar mun umsjónarmaður hans, Svavar Örn, skyggnast baksviðs og taka keppendur og aðra aðstandendur Idol-Stjörnuleitar tali í beinni útsendingu að keppni lokinni - á meðan samakosningunni stendur.



**■ Sudoku dagsins**

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

2	9	5	7	4	8	6	1	3
6	3	8	2	5	1	9	4	7
7	1	4	3	6	9	2	5	8
1	2	9	5	3	7	8	6	4
3	8	7	6	1	4	5	9	2
4	5	6	9	8	2	7	3	1
5	7	3	1	2	6	4	8	9
9	4	1	8	7	5	3	2	6
8	6	2	4	9	3	1	7	5

				6	3			
	5						1	
3	4			7	9			
		2		1				
1			7		4			8
				5		7		
		3	5			4		6
	9						7	
		5		8				

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILID



▶ 21.10  
Fréttir

48 HOURS



7.00 Ísland í bitíð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttarfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið - fréttaviðtal. 13.00 Íþróttir/lífsstíll 14.00 Hrafnáþing/Miklabraut 15.00 Fréttavaktin eftir hádegi 18.00 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþróttir/veður

20.00 Fréttir

20.10 **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar.

21.00 Fréttir

▶ 21.10 **48 Hours** (48 stundir) (48 Hours 2005-2006) Bandarískur fréttaskýringarþáttur.

22.00 Fréttir Fréttir og veður

22.30 **Hrafnáþing/Miklabraut** Hrafnáþing er í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/veður 0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafnáþing/Miklabraut

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar 6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Óskastundin 9.50 Leikfimi 10.13 Sagnaslóð 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlarp

12.20 Fréttir 12.45 Veður 12.50 Dánarfregni 13.00 Vitt og breitt 14.03 Útvarpsagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Uppá teningnum 16.13 Fimm fjórðu 17.03 Viðsjá 18.25 Spegillinn

19.00 Lög unga fólksins 19.30 Samfélagið í nærmynd 20.30 Kvöldtónar 21.00 Sögumenn: Ég er elsta systir 22.15 Lestur Passíusálma 22.22 Pipar og salt 23.00 Kvöldgestir

0.10 Útlarpáð á samtengdum rásum

**RÁS 2** FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunþáttur Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland

16.00 Fréttir 16.10 Síðdegisútlarpíð 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Handboltarásin 21.00 Tónlist að hætti hússins 22.10 Næturvaktin 0.00 Fréttir

**BYLGJAN** FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bitíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalaagahádegi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

**AÐRAR STÖÐVAR**

FM 90,9 **TALSTÖÐIN**  
FM 99,4 **ÚTLARP SAGA**  
FM 95,7 **Effemm** / Zúber tónlistarstöðin  
FM 102,2 **Útlarp Latibær** / Fjölskyldu útlarp  
FM 102,9 **Lindin** / Kristlílegt efni  
FM 96,7 **Létt** / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 **Útlarp Boðun** / Kristlílegt efni  
FM 89,5 **Kiss** / Nýja bitíð í bænum  
FM 88,5 **XA-Rádió** / 12 spora efni  
FM 91,9 **XFM** / Tónlist og afþreying  
FM 104,5 **Rádió Reykjavík** / Tónlist og afþreying

# AUMINGJA ÞEIR

**ÞAÐ ÖFUNDA ALLIR ÍSLENDINGA, SÉRSTAKLEGA ENGLENDINGAR, ÞVÍ Í MARS ERU MIKLU FLEIRI LEIKIR SÝNDIR BEINT Á ÍSLANDI EN Á ENGLANDI SJÁLFU. GREYIN!**

**MEÐAL STÓRLEIKJA SEM VIÐ SÝNUM FRÁ LAUGARDAGINN 4. MARS ERU:**

**FULHAM - ARSENAL KL. 15.00**  
**LIVERPOOL - CHARLTON KL. 17.15**

**MERKILEGUR MARS**  
HVAÐ ER SVONA MERKILEGT VIÐ BLACKBURN-MIDDLESBROUGH?  
ÞETTA ER EINI LEIKURINN SEM EKKI ER SÝNDUR Í BEINNI Á ENSKA BOLTANUM Í MARS!

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT  
Í SÍMA 800 7000, Á [WWW.ENSKLIS.EDÁ](http://WWW.ENSKLIS.EDÁ) Í NÆSTU VERSLUN SÍMANS.





## HRÓSIÐ

...fær Dorrit fyrir að koma vel fyrir í tímaritinu Singapore Tatler.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 himinn 6 klučka 8 kletta-sprungu 9 ætt 11 málmur 12 óróleg 14 splæs 16 í röð 17 horfðu 18 hætta 20 tveir eins 21 merki.

LÖBDRÉTT 1 lummo 3 einnig 4 lögtak 5 blekking 7 heimilistæki 10 gagn 13 fljótfærni 15 gorta 16 auð 19 númer.

## LAUSN

LÁRÉTT: 2 loft, 6 úr, 8 gjá, 9 kyn, 11 ál, 12 ókryr, 14 stang, 16 tu, 17 sæu, 18 ógn, 20 m, 21 mark.  
LÖBDRÉTT: 1 púkk, 3 og, 4 fjárnám, 5 tál, 7 rfsuga, 10 nyl, 13 ras, 15 guma, 16 tóm.

## [ VEISTU SVARID ]

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Alcoa.
- 2 Jóhannes Gunnarsson.
- 3 Teheran.

**allt**  
bílar  
Alla laugardaga

## REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR VELTIR AUKAHLUTUM FYRIR SÉR

### Svik eða sexí?

Reykjavíkurnætur í janúar og febrúar eru víst alveg jafn mikið í frásögur færandi og aðrar nætur ársins. Ég hafði greinilega rangt fyrir mér að halda að þessir mánuðir væru góðir til að taka frá skrifum. Ég hélt nefnilega að flestir Reykvikingar hefðu óeðlilega lágan púls á þessum tíma og væru allir í fylu. Svo er hreint alls ekki! Ekki nóg með það heldur tók bróðurpartur vinkvenna minna upp á því, um og eftir jólin, að hætta með kærustum sínum. Þar af leiðandi er sko heldur betur nóg fyrir mig að smjatta á næstu föstudaga. Takk fyrir það! Held að það sé vel við hæfi að byrja á enn einni hrakfallasögunni. Um jólahátíðina var ein þessarra góðu kvenna á leiðinni í svaka fint boð. Hún var í dröppuðum topp og vildi halda elegansinum og vera í samlitum brjóstahaldara. Málið var þó að þessi ákveðni brjóstahaldari var ekki „undra“ og gerði lítið fyrir brjóstin hennar sem höfðu því miður allt að því horfið í „reboundmegrinni“. Í

því skyni að krydda aðeins til á þessu svæði kippti hún litlum púðum úr öðrum og smelli inn fyrir. Þetta áhættuatriði tókst svo vel til að hún nældi sér í einn vel byggðan læknanema og skelli sér með honum heim. Eftir nokkur glös um kvöldið og undir áhrifum ómældrar gleði gleymdi hún stund og stað og brjóstahaldarapúðunum. Þegar hiti hafði færst í leikinn smelli hann af henni haldaranum sem studdi við þessi þrýstnu og djúsi brjóst. Þegar honum hafði tekist að vippa honum af henni dattu púðarnir hallærislega hægt á gólfíð og eftir stóðu pinulítil krúttin. Einu viðbrögðin sem hún fékk upp úr sér var að beygla á sér munninn. Þá brá hún á það ráð að bleyta varimar og setja á þær stút. Morgunninn eftir var vandræðalegur að vanda. Hún staulaðist á lappir um hádegis og fór að búa sig undir að strjúka. Þegar hún hafði fundið fötin sín, báða sokkana, eymalokkana og var viss um að hún hefði engin ummerki skilið eftir sig,

hentist hún fram á gang í skóna og hringdi á leigubíl. Þegar leigubíllinn var að renna í hlað birtist náunginn í anddyrinu. Með bros á vör spurði hann hvort hún væri kannski að gleyma einhverju. Að sjálfsgöðu stóð tungan í henni svo hún splæsti í hann einu krúttubrosi og kippti af honum púðunum. Það sem stóð eftir hjá mér eftir frásögnina var þessi spurning: Vita menn að við notum ótrúlegustu hluti til að lúka eftir þeirra höfði án þess að það sé endilega svo, eða sjá þeir okkur sem algera glæpona og finnst þeir illa sviknir þegar heim er komið? Svo er hin spurningin: Myndu þeir ekki gera það sama ef það væri samþykkt í samfélaginu? Ég segi: Verum eins og okkur líður best og ef það er álitid sem svik og landráð þá er ráð að setja punktinn yfir i-ið hvort eð er!



## BENEDIKT ERLINGSSON: FRUMSÝNIR EINLEIKINN MR. SKALLAGRÍMSSON

### Þetta er mín höfuðlausn

Leikarinn Benedikt Erlingsson mun frumsýna einleikinn Mr. Skallagrímsson hinn 13. maí í til efni af opnun Landnámssetursins í Borgarnesi auk þess sem hann er hluti af Listahátíð í Reykjavík.

Einleikurinn er byggður á Egilssögu og innblásinn af sagnahefð sögualdar á Íslandi. Markmiðið er að vekja áhuga áhorfenda á að lesa Egilssögu og aðrar Íslendingasögur. Er verkið ætlað full-orðnum og börnum allt frá átta ára aldri.

„Þetta er einleikur með sjálfum mér í öllum hlutverkum þar sem ég ætla að reyna að segja sögu Egils Skallagrímssonar,“ segir Benedikt. „Ég hef einu sinni áður staðið fyrir þjóðlegri sagnaskemmtun og hún stóð yfir í tvö og hálf ár og endaði sem sjónvarpskemmtun,“ segir hann í léttum dúr og á þar við leikritið Ormstungu sem sló rækilega í gegn á sínum tíma.

Benedikt segist ekki vita hversu mörg hlutverk hann muni leika í einleikum. „Ég á eftir að telja hlutverkin. Ég verð að segja alla þessa rosalegu sögu og hef bara tvo tíma til þess. Fólk þarf að keyra í Borgarnes til að sjá þetta þannig að ég þarf af standa mig og ljúka mér af á réttum tíma svo að fólk geti komist heim á skikkalegum tíma,“ segir hann. Þrátt fyrir að Benedikt sjái einn um öll hlutverkin í sýningunni verða þekktir fagmenn honum til halds og trausts. Leikstjóri verður Peter Engkvist sem einnig stýrði Ormstungu, Mugison mun semja tónlistina við verkið og Ragnar Kjartansson listamaður mun sjá um leikmynd en Kjartan Ragnarsson faðir hans er frumkvöðullinn að gerð einleiksins ásamt eigin konu sinni Sigríði Margréti.

„Egill er fyrsta kynslóð af Íslendingi og saga hans tengist landnámsögunni,“ segir Benedikt. „Ég ætla ásamt fleiri sagnamönnum að standa fyrir skemmtun í Landnámssetrinu og það er eiginlega mín höfuðlausn að gera þessa sýningu,“ bætir hann við og hlær. „Það eru tíu ár síðan ég frumsýndi Ormstungu og þetta er svona



BENEDIKT ERLINGSSON Benedikt Erlingsson hefur samið einleikinn Mr. Skallagrímsson sem verður frumsýndur 13. maí.

„kommback“. Aðspurður segist hann fremur vera angistarfullur en spenntur að ráðast í þetta viðamikla verkefni.

Benedikt hefur búið í Danmörku að undanförunu og er um þessar mundir að fara að leika í nýjustu mynd hins umdeilda Lars Von Trier, Direktören for det hele,

ásamt leikstjóranum Friðriki Þór Friðrikssyni.

Tökur á myndinni, sem fjallar um innrás íslenskra kaupþýslumanna í danskt efnahagslíf, hefjast á mánudaginn. Segist Benedikt mjög spenntur fyrir því að vera loksins að verða skandinavísk kvikmyndastjarna. freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Franska söngkonan Keren Ann

Ann, sem er í dúettinum Lady & Bird ásamt Barða Jóhannssyni, hefur verið hér á landi undanfarna daga til að taka upp ný lög með Barða. Ekki er víst hvenær önnur plata dúettsins kemur út en sú fyrsta leit dagsins ljós fyrir þremur árum við góðar undirtektir.



Landslíðsfyrirliðinn Eíður Smári Guðjohnsen og eiginkona hans, Ragnhildur Sveinsdóttir, eignuðust sinn þriðja strák á miðvikudaginn. Eíður Smári var í eldlinunni með landsliðinu á þriðjudagskvöldið þegar það tapaði fyrir Trínídad og Tóbagó og bar nýburinn greinilega hag föður síns fyrir brjósti, beið með að koma í heiminn þar til dómarinn hafði flautað leikinn af. Drengurinn er ljóshærður og vó 3,6 kíló en mæðginunum heilsast vel. Eíði

gefst þó ekki mikill tími til að vera með drengnum nýfædda því hann er á leið til Barcelona ásamt félagslíði sínu Chelsea. Þar verður á brattann að sækja því liðið tapaði heima 2-1.



Aþingismaðurinn og ofurbloggarinn Óssur Skarphéðinsson hefur tekið góða spretti á heimasiðu sinni en hann náði nýjum og áður óþekktum hæðum með Afrikupistlum sínum sem hann skrifaði frá Tógó. Stílfimi og frásagnargáfa Óssurar naut sín í botn um líta drenginn Dieudonné, eða Gjóf Guðs, sem hann kynntist á barnaheimili Spes-samtakanna í Tógó. Þeir bundust slíkum tilfinningaböndum að Óssur virðist hafa átt erfitt með að slíta sig frá honum og þegar heim til Íslands var komið skrifaði hann saknaðarfullan pistil um Donna sinn, eins og hann kallaði snáðann, og lýsir hvernig Donni litli hljóp til hans í hvert skipti sem Óssur kom á heimilið. Rithöfundar og bókmenntaspekingar hafa keppt við að lofa þennan pistil Óssurar og þannig segir til dæmis Illugi Jökullsson í athugasemdakerfi síðu Óssurar að hann megi eiga það að „þessi texti um hann Donna er einhver sá fegursti sem ég hef lengi lesið. Og hefðu ýmis Nóbelskald mátt gefa af sér fingur til að festa viðlíka á blað.“ Sjálfur hefur Óssur sagt vinum sínum að hann hafi heillað svo gersamlega af svörtu Afríku að hann hyggi senn á aðra för - og vilji helst ekkert koma heim aftur. fb/fgg/þþ



## Fjórði besti trommari sögunnar

Björn Stefánsson, trommuleikari Mínus, hefur verið valinn fjórði besti trommari sögunnar af hinu virta rokkfímariti MetalHammer.

Efstur á listanum er Corey Taylor úr Slipknot, Nico McBrain úr Iron Maiden er í öðru sæti og Lars Ulrich úr Metallica í því þriðja. Lesendur tímaritsins stóðu að kosningunni og því verður þetta að teljast mikill heiður fyrir Bjössa.

„Þetta er hálfspes og eiginlega bara ótrúlegt,“ segir Bjössi. „Ég er búinn að fylgjast með þessu blaði og þessum árslistum síðan ég var tólf ára og þetta er frekar mikið sjokk,“ segir hann. „Lars Ulrich er ástæðan fyrir því að maður fór að gera þetta sem maður er að gera í dag og maður



hlustaði ekki á annað en Metallica á sínum tíma. Síðan er hann þarna rétt fyrir ofan mig.“

Bjössi byrjaði að tromma þegar hann var tólf ára en segist hafa séð ljósið þegar hann var fimmtán og hefur varla gert annað síðan. Hann segir í léttum dúr að nú sé stefnan sett á að komast á topp listans. „Það þýðir ekkert annað. Núna verður maður bara að halda áfram en maður verður fyrst að melta þetta aðeins sjálfur.“

Fjórða breiðskífa Mínus er í vinnslu og mun sveitin að öllum líkindum klára hana í næsta mánuði.

BJÖSSI Í MÍNUS Trommuleikarinn knái hefur verið valinn fjórði besti trommari sögunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

## GLÆNÝ LÚÐA SKÖTUSELUR TÚNFISKUR

FISKBÚÐIN HAFBERG  
Gnóðarvogi 44, sími 588 8686  
opið alla laugardaga 10-14



**HONDA**  
The Power of Dreams



## Accord Öryggi



Accord Executive sjá.fskiptur frá: 2.749.000 kr.

Fjö:stjörnuöryggi, ABS, EBD og hugarró fyrir fjö:sky:duna  
Accord Comfort á Honda: góðu verði frá:

**2.190.000** kr.



Komdu og sannreyndu hvernig spennandi nýjungar gera bílinn, sem kosinn var heimsins besti fjölskyldubíll, enn betri. Fjölstjörnuöryggi, þriðja kynslóð ABS bremsa með EBD ásamt sex loftpúðum og loftpúðagardinum er bara grunnurinn að stöðluðum öryggisbúnaði í Honda Accord. Honda áreiðanleikinn og þægindin hafa aldrei verið meiri. Komdu og opnaðu hurð að öryggi þínu – ræstu Accord.

[honda.is](http://honda.is)





# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaheild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Stór pizza m/2 áleggjum

kr. 999



PAPINOS  
PIZZA

Sími: 5 9 12345



BAKÞANKAR

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

## Blessuð sértu sveitin mín

Þar á andinn óðul sín/öll sem verða á jörðu fundin, sungu Þingeyingar um sitt hérað hér forðum daga. Í dag mætti ætla að þeir hefðu verið beittir vúdú göldrum. Þeir hafa sannað þá staðreynd að búi menn við of mikla fegurð of lengi, hætti þeir að sjá hana.

**HAMINGJAN** sem yfirvofandi álversframkvæmdir boða er sögð mikil. Birtar myndir af henni í sjónvarpsfréttum. Er það líklega í fyrsta sinn sem landslýður fær að sjá fögnuð að hætti Þingeyinga og tímabært að við hin fáum að berja þvílíka stuðbolta augum. Hvergi annars staðar á byggðu bóli finnst flokkur sem situr eins þykkjuþungur, þögull og úlpuklæddur, mænandi ofan í kollurnar sínar á bæjarbarnum af einskærri hamingju. Fagnaðarlæti af slíku tagi sjást helst í jarðarförum sunnan heiða. Hefði verið forvitnilegt að sjá hinn þingeynska óðalsanda í herbúðum hinna, sem ekki vilja álver í sína sveit. En það er nú eins og það er. Nú skal troða rökum álvers oní þjóðina og hverjum er þá ekki sama um hina hlið málsins?

**SVO** kemur málsvari ál-myrrkra-höfðingjanna á Íslandi, ráðherra orkumála, og boðar lýðnum mikinn fögnuð. Veifar gulrótum á við göng undir Vaðlaheiði sem hún segir hafa verið allengi í umræðunni, jafnvel veg og brú yfir Skjálfandafljót þar sem framkvæmdir yrðu að hluta í höndum einkaaðila, væntanlega þingeyskra...

**VÆRI** ég Þingeyingar myndi ég spyrna við fótum á þann einstaka þvergirðingshátt sem þeirri sýslu er tamur og selja mína jarðarmóður dýrt. Láta lofa meiru. Fyrst byrjað er á því að lofa göngum og brúm og vegum er aldrei að vita hvað fæst þegar frammi sækir. Kannski væri hægt að fá fullkomnið bókasafn í hverja sveit með bókum á velflestum tungumálum heims eins og tíðkaðist þar á öndverðri tuttugustu öldinni, láta byggja upp atvinnuleikhús og reisa tónlistarhús utan um þá stórmekilegu tónlistariðkun sem þrífst í héraði þar sem menn fæðast svona almennt með músík í blóðinu. Væri ég Þingeyingur myndi ég krefjast þess að fá mörg óðul til að rækta þann anda sem skáldin hafa bent á að hafi heimilisfesti í héraðinu.

**Í ÁLSAMHENGINU** segir tédur ráðherra stjórnvöld „náttúrulega“ fara með efnahagsmál í landinu, þótt sú lítillsiglda kvenpersóna sem þetta ritar sjái ekkert náttúrulegt við það lögmál, heldur staðfestingu á því að stjórnvöld séu algerlega orðin ringluð þegar muninn á náttúru og peningum ber á góma. Það sem er náttúrulegt í Þingeyjarsýslu er fegurðin og mannaúdurinn og hefði verið þúsund vega, brúa og gangna virði. Hvers konar stjórnvöld eru það sem sjá það ekki?

# Ferðanýjung ársins!

Marmaris og Lemler sumaríð 2006

# Tyrkland

Fagurt og framandi - fyrir þig!

## Upplifðu hið fullkomna sumarfrí fjölskyldunnar:

- Glæsilegir gististaðir
- Vikulegt leiguflug frá 23. maí
- Ótrúlegt verðlag
- Iðandi mannlíf
- Einstök gestrisni
- Stórkostleg náttúrufegurð
- Óteljandi menningarperlur
- Spennandi skoðunarferðir

### Forum

Stórar, glæsilegar íbúðir með 2 svefnherb.

**39.800\***

á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára, í íbúð m/2 svefnherbergjum í 7 nætur, 27. júní.

### Faber

Nýtt og notalegt íbúðahótel

**42.600\***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára, í íbúð m/1 svefnherbergi í 7 nætur, 18. júlí.

\*Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Vinsælir gististaðir  
að seljast upp.  
Bókaðu strax!

VISA



Nánari upplýsingar um ferðir ásamt lýsingum á hótélum er að finna á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

Úrval-Útsýn, Lág múla 4: 585 4000 - Akureyri: 460 0600 - Vestmannaeyjum: 481 1450

